

ÖRN KJÆRNSTED
Kann best við sig í
Madonna di Campiglio
• ferðir • heimili • bílar
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



KAFLASKIPTI Á WALL STREET
Fjárfestingarbankar
hverfa
Markaðurinn
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SIGRÚN HJÁLMTÝSDÓTTIR
Tekur ástfóstri við
Rússland
Tók upp plötu með Terem-kvartettinum
FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. september 2008 — 260. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR



Í minningu vinar
Gunnar Kvaran heldur
Bach-tónleika í Krists-
kirkju í minningu
Úlriks Ólasonar
og til styrktar org-
elsjóði kirkjunnar.

TÍMAMÓT 18

Engin svör

Ólafur F. Magnússon lýsir eftir upp-
lýsingum um kostnað fyrirtækja
vegna borgarfulltrúa.

UMRÆÐAN 16

Abba-sýning til Íslands

Hljómsveitin Arrival syngur og
leikur vinsælustu Abba-sýningu
heims á Íslandi í nóvember.

FÓLK 30

Hörður til Keflavíkur

Hörður Axel
Vilhjálmsson er
genginn á ný til liðs
við Keflavík eftir
stutt stopp í Afríku.

ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



ROFAR TIL VESTRA í dag verða
sunnan eða suðvestan 5-13 m/s.
Talsverð úrkoma suðaustanlands en
annars úrkomuminna, styttr víða
upp vestan til seinni partinn. Hitinn
verður á bilinu 7-14 stíg.

VEÐUR 4

Þrír handteknir vegna morðs

Lögreglan í Dóminíska lýðveldinu rannsakar morð á íslenskri konu. Þrír samstarfsmenn hennar hafa verið handteknir og eins manns er leitað. Framkvæmdastjóra annars hótels á svæðinu var rænt í síðustu viku.

LÖGREGLUMÁL Þrír starfsmenn hótelsins Extreme í þorpinu Caparete í Dóminíska lýðveldinu hafa verið handteknir vegna morðsins á Hrafnhildi Lilju Georgsdóttur, samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið hefur frá upplýsingadeild lögreglunnar þar í landi. Hrafnhildur var framkvæmdastjóri hótelsins. Eins manns til viðbótar sem grunaður er um aðild að málinu er leitað.

Hrafnhildur fannst látin í fyrradag inni á baðherbergi á hóteliherbergi en hún hafði verið stungin á öxl, hendi og brjóst og einnig hlotið áverka á höfði. Lögreglan telur að morðið hafi verið framið á sunnudag.


Það var samstarfsstúlka Hrafnhildar sem kom að henni en hún vildi athuga með hana þar sem hún hafði ekki séð til hennar

síðan á laugardag. Herbergi hennar var læst þegar að var komið en stúlkan hafði uppi á aukalykli að herberginu.



HRAFNHILDUR
LILJA
GEORGSÐÓTTIR

Samkvæmt vef-
fréttamiðlin-
um El
Nacional er
þetta annað
alvarlega
glæpamálið
á innan við
viku á þess-
um slóðum
þar sem fórnarlambið er fram-
kvæmdastjóri hótels. Í síðustu
viku var framkvæmdastjóra eins
hótels rænt en mannræningjarn-
ir tóku hann úr bifreið sinni og
við það viðbeinsbrotnaði hann og
hlaut meiðsl á hálsi. Síðastliðinn



sunnudag létust síðan tveir af
fjórum mannræningjanna í
aðgerðum lögreglunnar.
Hrafnhildur var 29 ára, ógift og
barnlaus. Hún hafði síðan í apríl
síðastliðinn ferðast um heiminn.
Fór hún til Ástralíu, Dubai og

síðan til Dóminíska lýðveldisins.
Sérstök minningarsíða um Hrafn-
hildi hefur verið opnuð á face-
book-vefsíðunni og höfðu vel á
annað hundrað manns skráð sig
þar inn í gærkvöldi.

- jse



HVAR ER HLUTVERKIÐ MITT? Þeir Árni Beinteinn og Davíð Kristján mættu í áheyrnarprufur fyrir uppfærslu Þjóðleikhússins á Kardemommubænum í gær. Örn Árnason, Rúnar Freyr Gíslason og Kjartan Guðjónsson fara með hlutverk Kaspers, Jespers og Jónatans. Sigurður Sigurjónsson leikur Tóbías í turninum og Selma Björnsdóttir leikstýrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mikil umferð er að leiði Bobbys Fischer í Laugardælakirkjugarði:

Fischer kom Laugardælingum á kortið

SAMFÉLAGSMÁL „Það má segja að Laugardælir séu heldur betur komnir á kortið,“ segir Kristinn Ásgeir Friðfinnsson, sóknarprestur Hraungerðisprestakalls og því prestur í Laugardælakirkju, en mikil umferð hefur verið í Laugardælakirkjugarði síðan Bobby Fischer var borinn þar til grafar. Um 30 manns búa í Laugardælum sem er um kílómetra frá Selfossi.

„Það kom oft fyrir í júlí og ágúst að það komu jafnvel tvær rútur á dag. Svo virðist sem nokkrar ferðaskrifstofur hafi gert smá lykkju á hringveginn til að koma okkur inn á hann. Svo er mikið um það að Íslendingar fari að leiðinu um helgar.“

Haraldur Þórarinnsson, kirkjugarðsörvörður og íbúi í Laugardælum, segir íbúa þar ekki hafa nýtt sér þessa umferð. „Hann liggur nú

hér þar sem hann vildi fá að vera í friði svo það væri varla við hæfi,“ segir hann.

En presturinn hefur fengið sinn skerf af athyglinni. „Blaðamenn frá Daily Times og Sunday Times hafa talað við mig en það sem vekur athygli þeirra er að hann skyldi hafa verið grafinn án vitundar sóknarprestisins, það finnst þeim afar athyglisvert,“ segir Kristinn.

- jse

AS 08 07

Síðasti séns að láta skoða

Aðalskoðun

www.adalskodun.is

TENGI

MORA INXX
Blöndunartæki

Opið virka daga frá 8-18
laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76
Kópavogi
Sími 414 1000

Baldursnesi 6
Akureyri
Sími 414 1050

muundu
eftir
mjólkinni!

muu

SPURNING DAGSINS



Jóhannes, hringir þessi maður bara eitthvað út og suður?

„Já. Hann er greinilega áttavilltur og þarf á kompási að halda.“

Jóhannes Karl Kristjánsson hefur ítrekað fengið hótunarsímtöl frá ókunnum manni sem tekur Jóhannes í misgrip-um fyrir nafna hans, Jóhannes Kristján Kristjánsson úr fréttaskýringaþættinum Kompási.



LÖGREGLUSTJÓRINN Jóhann R. fundar með starfsmönnum í dag.

Löggæslan á Suðurnesjum: Jóhann R. segir upp störfum

LÖGREGLUMÁL Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, mun segja starfi sínu lausu frá og með næstu mánaðamótum, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Prálátur orðrómur hefur verið uppi um að Jóhann sjái sér ekki fært að gegna starfi sínu áfram. Jóhann staðfestir ekki að hann hyggist segja upp. Hann hefur boðað til starfsmannafundar í dag. „Þar verða viðkvæm mál rædd, sem ég vil að starfsfólk heyri frá mér en ekki í fjölmiðlum,“ segir Jóhann.

Dómsmálaráðherra hefur tilkynnt að starf Jóhanns verði auglýst laust til umsóknar.

- kg

Meint rúmenskt þjófagengi: Seðlasvindlarar settir í farbann

LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur hefur staðfest farbann yfir tveimur Rúmenum sem grunaðir eru um að hafa reynt að svíkja út fé á fjölmörgum stöðum á Suður- og Vesturlandi í byrjun september.

Rúmenarnir, sem voru þrír saman, eru sakaðir um að hafa farið í banka, pósthús og verslanir og reynt að svíkja út fé með því að segjast vilja skipta seðlum en hætt svo við og tekið þá meira til sín af peningum en þeim bar.

- gar



Erum með til leigu stórglæsileg sumarhús í Borgarfirði skammt frá Húsafelli í skógi vöxnu landi með miklu útsýni. Heitir pottar. Hentugt fyrir stéttafélög, fyrirtæki, einstaklinga eða stofnanir.

Nánari uppl í síma 695-9600

2

FRÉTTABLAÐIÐ

24. september 2008

MÍÐVIKUDAGUR

Reykjanesbær og Geysir Green bjóða í umdeildan hlut í Hitaveitu Suðurnesja:

Enginn vill taka við milljarðatilboði

ORKUMÁL „Gallinn er sá að það er enginn til að taka við tilboðum,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, sem ásamt Geysi Green Energy vill kaupa 10 prósent hlut í Hitaveitu Suðurnesja.

Orkuveita Reykjavíkur samdi í fyrra við Hafnarfjarðarbæ um kaup á 15 prósent hlut í Hitaveitu Suðurnesja (HS) en samkeppnisyfirvöld úrskurðuðu síðan að Orkuveitan mætti ekki eignast hlutinn. Orkuveitan vill því að viðskiptin gangi til baka en Hafnarfjarðarbær vill að þau gangi eftir og leitar til dómstóla til að fá viðurkennt að Orkuveitan eigi að

greiða bænum umsamda sjö milljarða króna.

Reykjanesbær á tæplega 35 prósent hlut í HS og Geysi Green Energy (GGE) á 32 prósent í fyrirtækinu.

Sett hefur verið fram tilboð fyrir hönd óstofnaðs hlutafélags í sameiginlegri eigu Reykjanesbæjar og GGE um að kaupa 10 prósent af hinum umdeilda 15 prósent hlut. Árni Sigfússon



ÁRNI SIGFÚSSON

segir að boðist sé til að kaupa hlutinn á sama gengi og í upphaflegu viðskiptunum. Hafnarfjarðarbær segist hins vegar ekki eiga hlutinn til að selja og Orkuveitan segist ekki mega eiga hann og því ekki geta selt hann. Þetta staðfesta Lúdvík Geirsson bæjarstjóri í Hafnafirði og Guðlaugur G. Sverrisson, stjórnformaður Orkuveitunnar.

„Svo virðist sem hvorugur vilji eiga og enginn geti selt. Þá fæ ég ekki séð að við getum leyst úr málinu og þeir verða bara að eiga þetta,“ segir Ásgeir Margeirsson, forstjóri GGE.

- gar

- bps

Einhverfur drengur skilinn eftir einn

Fjögurra ára drengur hefur í tvígang verið skilinn eftir í reiðileysi fjarri áfangastað sínum af Ferðabjónustu fatlaðra. Faðir drengsins segir mildi að ekki hafi farið verr. Komið sé fram við son sinn eins og dauðan hlut en ekki lítið barn.

FÉLAGSMÁL Steingrímur Páll Viderö, fjögurra ára proskahamlaður og einhverfur drengur úr Mosfellsbæ, hefur í tvígang verið skilinn eftir einn og yfirgefinn af starfsmönnum Ferðabjónustu fatlaðra. Steingrímur getur ekkert tjáð sig. Martin Viderö, faðir Steingríms, segir mildi að ekki hafi farið illa.

Martin segir sárt að vita til þess að sonur sinn sé skilinn eftir á stöðum fjarri þeim áfangastað sem hann átti að vera sendur á fyrir það fyrsta og þess ekki gætt að hann komist í réttar hendur. Það sé ólíandi meðferð, sérstaklega þegar börn eiga í hlut.

„Það gengur ekki að barnið okkar sé ítrekað skilið eftir einhvers staðar niðri í bæ, eitt og yfirgefið, því starfsmennirnir hafa ekki fyrir því að finna leikskólann hans,“ segir Martin. Í stað þess að leita betur fóru starfsmenn ferðabjónustunnar tvívegis með drenginn í Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra á Háaleitisbraut. Í annað skiptið var honum fylgt inn en bílstjórinn gat ekki sagt starfsfólki Styrktarfélagsins hvað drengurinn hétí. Slík vinnubrögð segir Martin lýsa miklu fálæti í garð lítils barns.

Seinna skiptið hafi þó verið mun alvarlegra en þá skildi bílstjórinn Steingrím eftir í anddyri Styrktarfélagsins. „Hann getur ekkert tjáð sig en þykir spennandi að fara út og skoða. Hann hefði ekki þurft að hafa mikið fyrir því að ganga út um sjálfvirku dyrnar sem þarna eru. Ég get ekki hugsað þá hugsun til enda hvað hefði getað gerst,“ segir Martin. Sem betur fer veitti starfsfólk Styrktarfélagsins



FÉDARNIR Martin segir styrktarmóður sonar síns, hafa hitt naglann á höfðið þegar hún sagði að heimsendar þitsur fengu betri þjónustu en Steingrímur litli.

Umsjónarfélag einhverfra: GÁTTAÐUR Á ÞESSARI MEÐFERÐ

Hjörtur Grétarsson, formaður Umsjónarfélags einhverfra, segist gáttaður að heyra af því að fjögurra ára einhverfur drengur hafi verið skilinn eftir einsamall án þess að bílstjórar Ferðabjónustu fatlaðra hafi komið honum í réttar hendur. „Það

hljóta allir að verða gáttaðir þegar þeir heyra að svona sé komið fram við barn hvort sem það er einhverft eða ekki,“ segir hann. Hjörtur segist ekki hafa fengið til sín kvörtun vegna málsins en berist hún muni félagið beita sér fyrir úrbótum í málinu.

drengnum athygli og sá til þess að hann kæmist í réttar hendur.

Martin og Júlíana Steingrímsdóttir, móðir drengsins, furða sig einnig á að hann sé látinn sitja í framsæti bíla ferðabjónustunnar. „Ég hélt að lög í landinu bönnuðu slíkt,“ segir Martin. Hann segir að starfsmenn hafi tjáð honum að stundum væri fullorðið fólk meðal farþega sem gæti reynst barninu hættulegt og því mætti hann ekki sitja aftur í. Ekki hafi komið til

greina að sækja Steingrím á öðrum bil.

Unnur Erla Þóroddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Mosfellsbæ, segir athugasemdir sem þessar litnar alvarlegum augum og reynt yrði að finna lausn á málinu. Hún benti á að Mosfellsbær væri með samning við Ferðabjónustu fatlaðra og Gunnar Torfason svaraði fyrir það fyrirtæki. Hann vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband.

karen@frettabladid.is

Maður sparkaði í höfuð ungrar konu í miðbæ Reykjavíkur:

Lögregla sinnti hvorki árás né skráði

LÖGREGLUMÁL Ung kona sem varð vitni að fólkskulegri árás karlmanns á vinkonu sína í miðborg Reykjavíkur um síðustu helgi furðar sig á viðbrögðum lögreglu.

„Þegar við erum að ganga aðbílum kemur að okkur útlendingur sem talar mjög dónalega til okkar,“ segir Kristín María Birgisdóttir, um aðdraganda árásarinnar. Hún segir eina vinkvenna sinna hafa beðið manninn að hafa sig á brott. Orðum hennar svaraði hann með því að hrækja á hana. Sú sem stóð næst manninum hafi ósjálfrátt svarað í sömu mynt. „Þá stókk hann upp og sparkaði eins og fótboltamaður að taka bolta í loftinu beint í gagnaugað á henni,“ segir Kristín.

„Fyrstu viðbrögð okkar voru að hringja í neyðarlínum, þaðan var okkur gefið samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu,“ segir hún. Ekki var farið fram á lýsingu á manninum heldur hafi þær þurft að biðja um að fá að gefa hana. Þá hafi þeim ekki verið boðin aðstoð. Vinkonan sem varð fyrir árásinni hafi borðið sig vel þótt hún hefði höfuðverk. Þær hefðu þó ekki verið tilbúnar að sætta sig við viðbrögð lögreglu og því talað við lögregluþjón sem staddur var í miðbænum og aftur lýst manninum.

Daginn eftir hafi þær svo grennslast fyrir um málið en þá hafi komið í ljós að það var hvergi skráð. „Hvernig er hægt að halda tölfraði yfir árásir ef þær eru ekki skráðar skipulega?“ spyr Kristín. Þá bendir hún á þá staðreynd að



KOMU EKKI TIL AÐSTOÐAR Lögreglan er sökuð um slæg vinnubrögð.

fólk hafi látist af minni höggum. Hún undri sig því á að fólk sé ekki boðin aðstoð verði það fyrir árás eða að reynt sé að hafa upp á árásarmönnum.

Hörður Jóhannesson, aðstoðarlögreglustjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sagði í gær að málið væri í athugun.

- kdk

Húsnæðislán í endurskoðun: Greiðslubyrði sögð stórauðkast

VIÐSKIPTI Frá september á næsta ári og fram í júní 2010 koma til endurskoðunar vextir 5.500 íðbúðalána. Í kynningu á nýrri hagspá Landsbankans sagði Krístrún Tinna Gunnarsdóttir hagfræðingur líklegt að greiðslubyrði stórauðkast.

Bankinn spáir um leið 10 prósentu verðlækkun fasteigna þar til sá markaður taki við sér á ný fyrri hluta 2010.

Um leið kemur fram að greiðslubyrði heimila verði á næsta ári léttari en árið 2003 áður en uppgangur hófst hér á fasteignamarkaði. Þótt heimilin skuldi meira þá séu ráðstöfunartekjur líka meiri, auk þess sem meðalvextir séu lægri og lánstími lengri.

- óka / Sjá Markaðinn



KRÍSTRÚN TINNA GUNNARSDÓTTIR

Fíkniefni á Sauðárkróki: Fíkniefnamálið talið upplýst

LÖGREGLUMÁL Konu sem hneppt var í gæsluvarðhald vegna mikils magns fíkniefna sem fannst við húsleit á Sauðárkróki um helgina hefur verið sleppt. Samkvæmt lögreglu telst málið upplýst.

Hald var lagt á 450 grömm af kannabísefnum og tólf grömm af amfetamíni við húsleitina. Er það mesta magn fíkniefna sem lögreglan á Sauðárkróki hefur gert upptækt í einni aðgerð.

Konan hefur viðurkennt að hafa ætlað efnin til sölu á Norðurlandi, auk hluta þeirra til einkanota.

Alls voru fjórir aðilar handteknir í tengslum við málið.

- kg

Sumar 2009

Við erum byrjuð að plana næsta sumar

Sumarið 2009 bjóðum við flug til enn fleiri spennandi áfangastaða í Evrópu, eða alls 19 talsins. Það er því óhætt að fara að hlakka til næsta sumars - verum samferða!

» Verð frá:

12.400 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

» Börn:

50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsskipt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.


Iceland Express

með ánægju



Sumarið 2009 19 áfangastaðir

— Bologna	— Billund
— Barcelona	— Kaupmannahöfn
— Alicante	— Eindhoven
— Berlín	— Varsjá
— Genf	— Kraká
— London	— Frankfurt Hahn
— Kýpur	— Friedrichshafen
— Stokkhólmur	— París
— Gautaborg	— Basel
— Álaborg	



GENGIÐ 23.09.2008			
GJALDMIÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	93,34	93,78
	Sterlingspund	173,79	174,63
	Evra	138,03	138,81
	Dönsk króna	18,505	18,613
	Norsk króna	16,825	16,925
	Sænsk króna	14,405	14,489
	Japanskt jen	0,8859	0,8911
SDR		147,52	148,4
GENGISVÍSITALA KRÓUNUNNAR			
180,018			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



CLINTON OG OBAMA Fylgið skilar sér aðeins að hluta til Obama. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stuðningsfólk Clintons: Fylkir sér ekki að baki Obama

BANDARÍKIN, AP Barack Obama gengur illa að afla sér stuðnings þeirra flokksbræðra sinna, sem hefðu kosið að Hillary Clinton yrði forsetaefni Demókrata-flokksins.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun frá AP og Yahoo segjast 58 prósent af stuðningsmönnum Clinton ætla að greiða Obama atkvæði sitt. Þetta er sama hlutfall og kom út úr sambærilegri skoðanakönnun í júní síðastliðnum, þegar Clinton sóttist ekki lengur eftir útnefningu flokksins og hvatti stuðningsfólk sitt til að fylkja sér að baki Obama. Þeim stuðningsmanna Clintons, sem ætla að greiða repúblíkananum John McCain atkvæði sitt, hefur aftur á móti fjölgað úr 21 prósent í 28 prósent.

- gb

LÖGREGLUFRÉTTIR Undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan á Sauðárkróki stöðvaði í fyrradag mann sem grunaður er um að hafa ekið undir áhrifum kannabísefna. Tekið var þvagsýni en maðinn- um síðan sleppt.

Aðild Finna að myntbandalagi Evrópu hefur reynst gagnleg í efnahagslægðum:

Aukinn stöðugleiki með evru

EFNAHAGSMÁL, BRUSSEL Það varð Finnlandi til happs að vera í Evrópusambandinu og eiga aðild að efnahags- og myntsamstarfi Evrópu í efnahagsþrengingunum á seinni hluta síðasta áratugar. Hið sama gildir nú þegar aftur kreppir að.

Þetta segir Finninn Olli Rehn, framkvæmdastjóri stækkunar- mála Evrópusambandsins.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Rehn aðspurður telja að ríkjum innan ESB og Myntbandalagsins reiddi almennt betur af í efnahagslægðum en þeim ríkjum sem stæðu utan við. Aðild – og sér í lagi evru – fylgi stöðugleiki. Rehn var



OLLI REHN segir að aðild að Evrópu- sambandinu og evrunni fylgi mikilvægur efnahagslegur stöðugleiki.

um tíma pólitískur ráðgjafi Esko Aho, forsætisráðherra Finnlands, og var sem slíkur vel heima í efna-

hagslegum hræringum í Finnlandi. „Aðild að myntsamstarfinu undir lok tíunda áratugarins og það sem af er þessari öld hefur haft góð áhrif á finnskan efnahag og stuðlað að stöðugleika og hag- vexti,“ sagði Rehn.

Spurður hvort alþjóðlega fjármálakreppan nú hafi áhrif á stækkunarferli Evrópusambandsins segir Rehn svo ekki vera. Án þess að draga úr alvarleika efnahagsástandsins þá felist ferlið í lýðræðislegum- og efnahagslegum umbótum í þeim ríkjum sem sótt hafi um aðild og tímabundið ástand fái því ekki raskað.

- bps

Ákærði í Sparisjóðsmáli: Vill frávísun

DÓMSMÁL Lögmaðurinn Karl Georg Sigurbjörnsson krafðist þess í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær að máli ríkislögreglustjóra gegn honum yrði vísað frá.

Meðal þess sem Ragnar H. Hall, lögmaður Karls, tiltók sem rök fyrir frávísun eru gallar á rannsókn málsins. Hún hafi þvælst á milli lögregluembætta og að saksóknarinn í málinu, Helgi Magnús Gunnarsson, sé vanhæfur vegna fjölskyldubanda við Sigurð G. Guðjónsson lögmann sem hafi verið félagi Karls í umræddu máli og um skeið haft stöðu sakbornings. Karl er ákærður fyrir fjársvik í tengslum við viðskipti með stofnfé í Sparisjóði Hafnar- fjarðar.

- gar

Finnska þjóðin í áfalli eftir fjöldamorð 22 ára nemanda

Ellefu létust og nokkrir særðust þegar nemandi í verkmenntaskóla skaut á nemendur skólans í gærmorgun. Vitað var um hótanir hans á Youtube frá því á föstudag. „Allir enn í sjokki,“ segir íslensk körfuboltakona.

FINNLAND Alls ellefu létust og nokkrir særðust þegar rúmlega tvítugur karlmaður gerði skotárás á nemendur í prófi í verkmenntaskóla í Kauhajoki í Finnlandi á þriðjudagsmorguninn. Allir hinir látnu voru nemendur. Minnst þrír særðust. Eldur kviknaði í byggingunni eftir árásina og varð tjónið því mikið.

Skotmaðurinn var fljótlega færður á sjúkrahúsið í Tampere þar sem hann lést vegna skot- áverka á höfði síðdegis í gær. Hann hét Matti Juhani Saari og var nemandi við skólann.

Lögreglan í Kauhajoki hafði fengið vitneskju á föstudag um að Saari hefði sett fjögur myndbönd með skotæfingum sínum og hótunum inn á Youtube og kallaði hann því til yfirheyrslu á mánu- daginn var, að sögn finnska ríkis- útvarpsins Yleisradio. Lögreglan velti fyrir sér að taka vopnið og skotleyfið af honum en gerði það ekki. Skammyssuna fékk Saari í ágúst og var hún fyrsta og eina skotvopnið hans.

Rector skólans sagði í gær að Saari hefði sést í skólanum í gærmorgun en upp úr ellefu hefði skothröðin hafist. Hún átti sér stað í opnu rými í kjallara og færðist svo inn í stofu þar sem nemendur voru í verklegri vinnu. Rektorinn segir að skómmu áður hafi hús- vörður skólans séð Saari með vökva í skólanum og leikur því grunur á að Saari hafi einnig verið með sprengiefni á sér.

Unnur Tara Jónsdóttir körfu- boltakona býr í Kauhajoki og var á leiðinni í líkamsræktina við hliðina á skólanum, þegar hún og kær- astinn hennar, körfuboltamaður-



TÓK EKKI VOPNIÐ AF HONUM Vitað var fyrir helgina að Matti Juhani Saari, nemandi við verkmenntaskólann í Kauhajoki, hefði sett myndbönd á Youtube sem sýndu hann æfa sig í skotfimi. Eftir að lögreglan hafði yfirheyrð hann á mánudag velti hún fyrir sér að taka af honum vopnið en gerði það ekki.

inn Roni Leimu, urðu vör við að eitthvað hafði gerst rétt fyrir tólf.

„Það var búið að loka öllu. Við keyrðum framhjá einum skóla og þar voru allir nemendurnir úti. Við fórum að spyrjast fyrir og þá komumst við að því hvað hafði gerst,“ segir Unnur Tara.

Finnska lögreglan lokaði strax öllum götum og verslunum í

HVER VAR ÁRÁSARMAÐURINN?

Matti Juhani Saari var 22 ára nemandi á öðru ári í fram- haldsskólanum í Kauhajoki. Hann var 172 sm á hæð og 70 kíló að þyngd með blá augu. Matti Juhani var hrifinn af þungarokki og fylgdi engri sérstakri tísku. Hann bjó einn með kisunni sinni og vildi ekki eignast börn.

SKOTÁRÁSIR Í SKÓLUM

- September 2008: Rúmlega tvítugur maður skaut nemendur í bænum Kauhajoki í Finnlandi. Ellefu létust, nokkrir særðir. Árásarmaðurinn lést af sárum sínum.
- Nóvember 2007: Ungur maður skaut nemendur og kennara í bænum Tuusula í Finnlandi. Átta létust. Skotmaðurinn framdi síðan sjálfsmorð.
- Apríl 2007: Ungur stúdent skaut 33 nemendur og starfs- menn háskóla í Bandaríkjunum. Árásarmaðurinn drap sig.
- Október 2006: Maður skaut fimm skólustelpur í Amish-sam- félagi í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum. Stytti sér síðan aldur.
- Mars 2005: Unglingur myrti tíu manns, þar af fimm nem- endur, í Minnesota, Bandaríkjunum.
- Nóvember 2004: Rúmlega tvítugur maður stakk níu nem- endur í Henan í Kína og dóu þeir allir. Maðurinn var dæmdur til dauða og tekinn af lífi.
- Apríl 2002: Níttján ára nemandi myrti tólf kennara, tvo nem- endur, ritara og lögreglumann áður en hann skaut sjálfan sig til bana í menntaskóla í Þýskalandi.
- Apríl 1999: Tveir unglingar skutu tólf nemendur og einn kennara og særðu 24 aðra áður en þeir styttu sér aldur í Color- ado í Bandaríkjunum.
- Árið 1989 skaut 14 ára drengur tvo aðra nemendur í byrjun tíma í gagnfræðaskóla í Rauma í Finnlandi. Enginn lést.

BYGGT Á HBL.RI OG HS.RI.

Imodium®

Við bráðum niðurgangi

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Imodium® (loperamid) 2 mg töflur. Imodium er fáanlegt án lyfseðils og er notað við bráðum niðurgangi (skammtinameðferð). Langvarandi alvarlegur niðurgangur, þ.m.t. niðurgangur vegna af hraðrar tæmingar. Skammtar og lyfjagjöf: Bráður niðurgangur: Þvíja skal meðferðina með 2 töflum, en skömmtun er síðan 1 tafla eftir hvern hægðalöng með niðurgangi, þó ekki þessar en á 2-3 klst. frest. Sólarhringskammtur á ekki að fara yfir 8 töflur. Langvarandi niðurgangur: Skömmtun er í upphafi 2 töflur. Skömmtun er síðan einstaklingsbundin á bilinu 1-8 töflur á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Varnaráhrif: Við langvarna bölgusjúkdöma í börnum getur lyfið dult einkenni um skyndilega vöðun. Lyfið hefur einungis áhrif á sjúkdómsáhrif. Ef sjúkdur hefur hana hlaða eða blóð, hægðum og ef meðferð á að vera langvarandi, þáf að finna og meðhöndla undirliggjandi orsök eins og kostur er. Imodium meðferð skal stöðva við merki um ófullnægjandi þarmahreyfingar. Sjáist bati ekki innan tveggja sólarhringa við bráðum niðurgangi, á að hætta gjöf Imodium og huga aðra meðferð. Hja alnaemissjúklingum á meðferð með Imodium á að stöðva meðferð við fyrstu merki um þanninn kyð. Tilgymt hefur veruð um einstaka tilvik eitrunarstíðis hjá alnaemissjúklingum með notibölg. Imodium á að nota með varuð hjá sjúklingum með skerta lífrastarfsemi. Leitið til læknis eða lyfjaðæðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið. Leitið fylgiseðilinn vandlega áður en þýjað er að nota lyfið. Handhali markaðsleyfis: Janssen-Cilag AB. Umbod á Íslandi: Vistor hf., Hörgáttun 2, 210 Gardabær.

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	17°
Billund	17°
Ósló	18°
Stokkhólmur	17°
Gautaborg	17°
London	17°
Paris	19°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	18°
Berlín	18°
Alicante	24°
Mallorca	26°
Basel	19°
Eindhoven	17°
Las Palmas	24°
New York	22°
Orlando	29°
San Francisco	23°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

KÓLNANDI VEBUR

Frá og með morg- undeginum fer að kólna dálítið á landinu og hætt við næturfrostri í inn- sveitum. Það verður úrkumulitíð á morg- un en föstudagurinn verður blautur. Horf- ur eru á hægviðri og fremur þurru um helgina, frábært fyrir útivistarfólk.

Á MORGUN

Suðvestan, 3-8 m/s.

FÖSTUDAGUR

Suðlægur áttir, víða 5-10 m/s.

MÁLNINGAR SPRENGJA

Gildir 24.-28. september 2008



Vnr. 86620040-3737

Innimálning

KÓPAL Glitra innimálning,
gljástig 10, allir litir, 4 ltr.

30%

**AFSLÁTTUR AF
ALLRI INNIMALNINGU!***

*Gildir ekki með öðrum tilboðum!



Vnr. 86630340-1840

Innimálning

KÓPAL Matt innimálning,
gljástig 4, allir litir, 4 ltr.



Vnr. 86638240-340

Loftmálning

KÓPAL loftmálning, hvít
eða marmarahvít 4 ltr.



Vnr. 85541183

Innimálning

FÖNN innimálning,
gljástig 10, fannhvít, 10 ltr.



Þar sem fagmennirnir versla er þér óhætt!



KJÖRKASSINN



Vilt þú að leyfð verði bygging mosku í Reykjavík?

Já	32 %
Nei	68 %

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hafa innbyrðis erjur áhrif á tiltrú almennings á lögreglu-yfirvöldum?

Segðu þína skoðun á [visir.is](#)

visir

6FRÉTTABLAÐIÐ24. september 2008MIÐVIKUDAGUR

Ríkissaksóknari ákærir ungan mann og stúlku fyrir fjárkúgun og hylmingu:

Hótaði að birta nektarmyndir



EMBÆTTI RÍKISSAKSÓKNARA Hefur ákært ungan mann og stúlku.

Til að koma í veg fyrir myndbirtingu greiddu mennirnir piltinum með því að leggja fé inn á tékkareikning stúlkunnar, sem einnig er ákærð, í Sparisjóði vélstjóra. Pilturinn hafði gefið mönnunum upp reikningsnúmer hennar þegar hann hótaði þeim.

Einn mannanna lagði þrjátíu þúsund krónur inn á reikninginn, en hinir tveir sínar fimmtíu þúsund krónurnar hvor.

Stúlkán, sem er innan við tvítugt, var ákærð fyrir að veita peningunum viðtöku inn á reikning sinn og láta síðan piltinn hafa þá.

Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn sem benda til þess að mennirnir þrír hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi.

- jss

Skilorðsbundin refsing:

Ungmenni réðust að lögreglu

DÓMSMÁL Tvö ungmenni hafa verið dæmd til refsingar fyrir að ráðast á lögreglumenn.

Sautján ára stúlka var dæmd í Héraðsdómi Reykjaness í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að ráðast á lögreglukonu við lögreglustöðina í Reykjanesbæ. Stúlkán beit lögreglukonuna með þeim afleiðingum að hún hlaut mar á handlegg. Þá var sextán ára piltur dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að skalla lögreglumann í hægri vanga, þannig að höfuð hans skall í hurð á fangaklefa og hann hlaut áverka.

- jss

Skíðaferðir

Lech

Lech-Hotel Felsenhof

7.-14. febrúar

Verð á mann í tvíbýli:

159.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Lech-Hotel Felsenhof með morgunverði og þríréttaðum kvöldverði.



Davos

Club Hotel Davos

14.-21. febrúar

Verð á mann í tvíbýli:

139.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Club Hotel Davos með hálfu fæði, morgunverði og kvöldverði.

Brekkurnar bíða eftir þér!

Með skíðabrekkur við allra hæfi og heilnæmt fjallaloftið eru skíðasvæði Alpanna sannkallað himnaríki fyrir alla skíðaáhugamenn. Dustaðu rykið af skíðabúnaðinum – við sjáum um að koma þér á leiðarenda.



Nánar á [expressferdir.is](#) eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í Vík, Leland Express



St. Anton

Hotel Fahrner

21.-28. febrúar

Verð á mann í tvíbýli:

169.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Hotel Fahrner með morgunverði og 5 rétta kvöldverði.



Fótunum kippt undan starfsöryggi manna

Verið er að kippa fótunum undan starfsöryggi tiltekinna starfsstétta og bjóða upp á duttlungastjórnun með svokallaðri fimm ára skipunarreglu, segir formaður BSRB. Formaður Félags forstöðumanna segir ákvæðið nánast aldrei notað.

LÖGGÆSLUMÁL „Með þessu er verið að kippa fótunum undan starfsöryggi manna,“ segir Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, um þá stöðu sem nú er uppi, eftir að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra tilkynnti að starf lögreglustjórans á Suðurnesjum yrði auglýst. Jafnframt hefur ráðherra lýst yfir vilja til tíðari notkunar fimm ára reglunnar, en samkvæmt henni eru embættismenn skipaðir í starf í fimm ár í senn.

„Þegar fimm ára reglan var fest í lög árið 1997 eftir harðvítugar deilur á þinginu 1996, var hún eitt af því sem við, er gagnrýndum lögin, stóðum mjög gegn,“ segir Ögmundur. „Þó að hægt sé að rökstyðja hana á þann hátt að æskilegt sé að stuðla að gegnumstreymi í stjórnendastöðum þá voruðum við sérstaklega við að lögreglumenn almennt yrðu þá settir um of undir hælinn á pólitísku valdi, þar sem reglan nær einnig til þeirra. Ef þetta er skoðað með tilliti til réttarstöðu lögreglumanna og fangavarda almennt, sem eru innan BSRB, þá er þetta meira en lítið vafasamt vegna þess að þessar starfsstéttir þurfa mjög tryggja réttarvernd.“

Ögmundur bendir á að hægt sé með öðrum hætti að segja þeim, sem undir fimm ára regluna heyra, upp störfum þyki tilefni til. Þá sé fyrir hendi sérstakt áminningarferli og síðan uppsögn.

„En þessi aðferð, að hægt sé að losa sig við fólk skýringalaust, býður upp á duttlungastjórnun,“ bætir hann við.

Ögmundur kveðst hafa heyrt í

TRYGG RÉTTARVERND Þeir sem starfa að löggæslu og fangavörslu þurfa mjög trygga réttarvernd, segir Ögmundur Jónasson formaður BSRB. Hann segir fimm ára fimm ára starfsregluna meir en lítið vafasama.

„Ég bæði sé og heyri að hann [Jóhann R. Benediktsson] nýtur mikils trausts og ákvörðun ráðherra hefur vakið mikla ólgu.“

ÖGMUNDUR JÓNASSON
FORMAÐUR BSRB

lögreglumönnum, tollvörðum og öðrum starfsmönnum undir stjórn Jóhanns R. Benediktssonar.

„Ég bæði sé og heyri að hann nýtur mikils trausts og ákvörðun ráðherra hefur vakið mikla ólgu.“

Haukur Ingibergsson, formaður Félags forstöðumanna, segir lög um réttindi og skyldur starfs-

manna ríkisins hafa nú verið í gildi á annan áratug.

„Því er tímabært að fara að endurskoða ýmis ákvæði laganna eða fella þau úr gildi, meðal annars ákvæðið um fimm ára skipunartíma forstöðumanna,“ segir Haukur. „Reynslan er sú að ákvæðið um að tilkynna eigi forstöðumanni ekki síðar en sex mánuðum áður en skipunartími hans rennur út hvort embættið verði auglýst laust til umsóknar hefur nánast aldrei verið notað og mun sjaldnar en sú aðferð að ráðherra og forstöðumaður nái samningum um starfslok ef ráðherra telur einhverja hluta vegna heppilegt að skipta um forstöðumann.“

jss@frettabladid.is

Bæjarstjórn Grindavíkur átelur ríkisvaldið harðlega í löggæslumálum:

Segja ríkið svíkja samninga

LÖGGÆSLUMÁL Bæjarstjórn Grindavíkur átelur ríkisvaldið fyrir að standa ekki við gerða samninga og fyrirheit um aukna löggæslu í bæjarfélaginu. Er þar vísað í samning á milli bæjarfélagsins og sýslumanns frá árinu 2000 annars vegar og fyrirheit sem gefin voru við breytingar á nýskipan lögreglu 1. janúar 2007 hins vegar.

Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, segir afstöðu bæjarstjórnarmanna á Suðurnesjum skiljanlega. „Við tökum heilshugar undir þeirra sjónarmið um að efla sína löggæslu. Það væri komið til framkvæmda hefði lögreglan á Suðurnesjum einfaldlega fengið að halda þeim styrk sem sameinuð embætti bjuggu yfir 1. janúar árið 2007.“ Jóhann segir ónóga fjármuni hafa farið til embættisins. „Suðurnesjamenn verðskulda aðra framkomu af hálfu dómsmálaráðherra en þessa,“ segir hann.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra vísaði fyrirspurnum um málið á lögreglustjórnann á Suðurnesjum. Aðspurður hvort ríkisvaldið hefði staðið við gefin fyrirheit við breytingarnar 1. janúar 2007, hvort fjárframlög hefðu verið í samræmi við þær væntingar og hvort embættinu sjálfu væri um



DEILT UM LÖGGÆSLU Jóhann R. Benediktsson lögreglustjóri segir kvartanir Grindvíkinga um ónóga löggæslu skiljanlega. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir lögreglustjórnann ákveða hvernig stöðvar séu mannaðar.

að kenna að ekki væri hægt að manna stöðvar, svaraði Björn:

„Hver gaf þessi fyrirheit? Hver gaf væntingar um fjárveitingar? Lögreglustjórnin ákveður hvernig hann mannar stöðvar og hvaða stöðvar hann hefur.“

- kóp

HAUSTDAGAR NOTE Á GÓÐU VERÐI

VERTU Á NISSAN Í VETUR

Ingvar Helgason og Nissan hafa gert með sér tímamótasamkomulag um stórfellda verðlækkun á nýjum Nissan bifreiðum. Fremur en að lagfæra birgðastöðuna með því að endursenda umframbíla til framleiðanda með tilheyrandi kostnaði, lækkum við verð þeirra tímabundið svo um munar og látum viðskiptavinum okkar njóta þess. Komdu og skoðaðu úrvalið á hlaðinu hjá okkur og tryggðu þér nýjan Nissan.



Nissan Note Visia

Verð áður: ~~2.610.000~~ kr. sjálfskiptur
TILBOÐSVERÐ: **2.190.000 kr.** sjálfskiptur

- **420.000 kr.**



Staðalbúnaður í Note

- Aflstýri
- veltistýri
- fjarstýrðar samlæsingar
- loftpúðar fyrir ökumann og farþega
- NATS þjófavörn
- rafmagn í rúðum og speglum
- útvarp og geislaspilari
- 3 þriggja punkta öryggisbelti í aftursætum
- glashaldarar
- ISOfix bílstólafestingar
- ABS hemlar o.fl.

- **560.000 kr.**



Nissan X-Trail dísil SE

Verð: ~~4.850.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **4.290.000 kr.** sjálfskiptur

- **400.000 kr.**



Nissan Qashqai SE

Verð áður: ~~3.990.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **3.590.000 kr.** sjálfskiptur

- **500.000 kr.**



Nissan Tiida Visia+

Verð: ~~2.990.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **2.490.000 kr.** sjálfskiptur

- **340.000 kr.**



Nissan Micra Visia

Verð: ~~2.190.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **1.850.000 kr.** sjálfskiptur



24 tíma þjónusta alla daga ársins

Þú hefur aðgang að **24 tíma neyðarþjónustu, 365 daga á ári**, í öllum löndum Evrópu á ábyrgðartíma nýja Nissan bílsins þíns. Þú ferð sjálfkrafa í þjónustuna þegar þú eignast Nissan og vegaaðstoðin er þér að kostnaðarlausu. Í henni felst m.a. viðgerð á óvæntri bilun, hvar sem hún á sér stað á merktum vegi, dráttarþjónusta á næsta þjónustuverkstæði ef nauðsyn krefur og lánsbíll eða leigubíll, lestar- eða flugfar, ef bíða þarf eftir varahlut og langt er heim. Sjá nánari skilmála í bæklingnum Nissan vegaaðstoð.



Ingvar Helgason, Reykjavík, Sævarhófi 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvað er nafn stjórnanda Kammerhópsins Nordic Affect?
- 2 Hvað er átt við þegar talað er um „bjarnarmarkað“ á verðbréfamarkaði?
- 3 Fyrrum aðalræðismaður Noregs á Íslandi fékk nýlega norska heiðursorðu fyrir framúrskarandi framlag við að bæta og þróa samstarf Íslands og Noregs. Hver er maðurinn?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30



SÍÐASTA ÁVARPIÐ Bush á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Allsherjarþing SP:

Bush gagnrýnir Sýrland og Íran

BANDARÍKIN, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti fór hörðum orðum um Sýrland og Íran þegar hann ávarpaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York í gær.

Hann sagði bæði ríkin enn styðja hryðjuverkamenn, og sagði jafnframt að þörfin fyrir að ríki heims tækju höndum saman um að berjast gegn hryðjuverkum væri brýnni nú en nokkru sinni.

Þetta var í síðasta sinn sem Bush ávarpar þingið, en hann lætur af embætti í janúar næstkomandi.

Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti sat í þingsalnum og brosti breitt meðan Bush flutti ræðu sína.

- gb

Forsætisráðherra Bretlands flutti þrumuræðu á landsþingi Verkamannaflokksins:

Gordon Brown snýr vörn í sókn

BRETLAND, AP „Ef fólki finnst ég vera of alvarlegur, þá er satt að segja heilmargt sem þarf að taka alvarlega,“ sagði Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, í ræðu sinni á landsþingi breska Verkamannaflokksins í Manchester í gær.

Brown svaraði gagnrýnendum sínum fullum hálsi og virtist staðráðinn í að vinna sigur á David Cameron, leiðtoga Íhaldsflokksins, í næstu þingkosningum. „Það er ljóst að Bretar geta ekki treyst Íhaldsflokknum til að fara með efnahagsmál,“ sagði Brown, og hét því að treysta velferðarkerfi landsins þrátt fyrir harkalega



GORDON BROWN Svaraði gagnrýnendum sínum fullum hálsi. NORDICPHOTOS/AFP

efnahagserfiðleika sem nú steðja að.

Hann sagði áherslu Verkamannaflokksins á réttlæti ekki vera neina sýndarmennsku, held-

ur innbyggða í eðli flokksins: „Það er þess vegna sem Verkamannaflokkurinn er til.“

Ræðunni var ákaft fagnað á landsþinginu, þrátt fyrir að Brown hafi verið harðlega gagnrýndur af mörgum flokksfélögum sínum undanfarið og hvattur til að segja af sér.

„Ég held að Gordon hafi þarna fundið sína réttu rödd,“ sagði David Miliband utanríkisráðherra.

Verkamannaflokkurinn hefur farið illa út úr skoðanakönnunum undanfarið og óvíst hvort þessi ræða Browns dugur til að snúa þeirri þróun við.

- gb

Meint brot gegn barni:

Maður áfram í gæsluvarðhaldi

LÖGREGLUMÁL Karlmanni, sem grunaður er um að hafa áreitt barn kynferðislega á heimili að Grettisgötu fyrr í þessum mánuði, var í gær gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi til 21. október. Úrskurðurinn er á grundvelli almannahagsmuna.

Maðurinn, sem er á fimmtugsaldri, er grunaður um að hafa komist inn um glugga á húsinu að næturlagi. Kona, sem var þar ein ásamt sex ára barni, vaknaði við mannaferðir. Þegar hún fór að athuga málið mætti hún manni, sem lagði á flótta. Maðurinn hafði áður hlotið dóm fyrir að ræna fjögurra ára stúlku.

- jss

Rangárþing hótar að rífa nýjan skála Ferðafélagsins

Formaður byggingarnefndar Rangárþings ytra segir koma til greina að láta fjarlægja nýbyggðan gistiskála sem Ferðafélag Íslands lét reisa án leyfis við Álftavatn. Forseti Ferðafélagsins vonast eftir farsælli lausn.

SKIPULAGSMÁL Ferðafélag Íslands lét það ekki stöðva sig að hafa ekki fengið byggingarleyfi og reisti skála við Álftavatn. Byggingarnefnd Rangárþings ytra segir að samkvæmt reglum eigi að fjarlægja skálann.

„Okkur sárnar að það hafi verið gengið fram með þessu hætti,“ segir Sigurbjartur Pálsson, formaður byggingarnefndarinnar. „Þetta eru hámenntaðir menn sem skipa þarna hverja stöðu. Þeir vita alveg um hvað þetta snýst og þess vegna erum við pirraðir.“

Byggingarfulltrúi fór í ágúst að Álftavatni við svokallaðan Laugaveg milli Landmanna-lauga og Þórsmerkur. „Kemur þá í ljós að Ferðafélag Íslands hefur látið byggja heljarmikið hús, og er það nánast tilbúið til notkunar,“ segir í fundargerð byggingarnefndar Rangárþings ytra.

Byggingarnefndin bendir á að þótt umsókn um leyfi hafi borist hafi fullnægjandi gögn vantað og skálinn því reistur í „algjöru óleyfi“. Samkvæmt reglugerð eigi að fjarlægja öll slík mannvirki. Gistiskálinn sem er innfluttur frá Svíþjóð er nærri 200 fermetrar og kostaði nálægt 30 milljónum króna.

„Þessir hlutir þurfa að vera í lagi og þeir voru ekki í lagi hjá okkur,“ viðurkennir Ólafur Örn Haraldsson, forseti Ferðafélagsins.

Ólafur segir leitt hvernig til hafi tekist en



ítrekar að skálinn umdeildi hafi alls ekki verið reistur án þess að nokkur hjá sveitarfélaginu hafi vitað hvað var í gangi.

„Það stóð á teikningum frá Svíþjóð en það var ekkert annað að gera en að drífa húsið áfram,“ útskýrir Ólafur og vísar til þess hversu stuttur tími gefist á fjöllum til byggingarframkvæmda.

Bæði Ólafur og Sigursteinn benda á að Ferðafélagið hafi áður reist marga skála á



ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON



SIGURBJARTUR PÁLSSON

SKÁLINN Reistur í skyndi í sumar á meðan færi gafst vegna veðurs en byggingarleyfið skorti því teikningar bárust ekki frá Svíþjóð segir forseti Ferðafélags Íslands.

gar@frettabladid.is

VÍKA
SÍMENNTUNAR
21.-28. september 2008

Styrktu stöðu þína!

FRAMVEGIS
MIÐSTÖÐ UM SÍMENNTUN Í REYKJAVÍK

Hinn árlegi dagur símenntunar í stofnunum og fyrirtækjum 24. september

Fáðu sent 40 mínútna örnámskeið á vinnustaðinn þinn í viku símenntunar að kostnaðarlausu.

Erfiði viðskiptavinurinn leynist víða
Öll störf eru þjónustu störf að einhverju leyti og margar starfsstéttir þurfa að kljást við ýmsar tegundir erfiðra viðskiptamanna. Leiðbeinandi: Margrét Reynisdóttir, M.sc. og ráðgjafi.

Kann ég allt og get ég allt? Hvers vegna er mikilvægt að sækja sér símenntun í dag? Árni Guðmundsson, M Ed., fer yfir það hvernig samfélagslegar breytingar síðastliðna öld hafa breytt því hvernig við lærum að vinna.

Að hefja nám að nýju Guðbjörg Sigurðardóttir námsráðgjafi fer á þessu örnámskeiði yfir helstu atriði í námstækni og sjálfstyrkingu sem undirbúning fyrir að hefja nám að nýju.

Kynning á Ritara- og skrifstofustjóranámi. Sigurlaug Kristmannsdóttir, fjarnámsstjóri Verzlunarskóla Íslands, heldur örnámskeið byggt á Ritara- og skrifstofustjóranámi sem Framvegis og Ví sjá um í sameiningu

Kynning á stuðningsfulltrúanámi. Guðlaugu Maríu Bjarnadóttir, kennari

í stuðningsfulltrúanámi og leikkona, kynnis starfsnám stuðningsfulltrúa sem Framvegis heldur í samvinnu við Fræðslusetrið Starfsmennt.

Hafið samband við Sólveigu solveig@framvegis.is til þess að panta námskeið.

Fyrirlestrar í tilefni af viku símenntunar:

Hvað er lesblind?
Kennari: Elín Vilhelmsdóttir, kennslustjóri lesblindumála við Fjölbaut í Ármúla. 24. september kl 17:00

Tölvutækni og notkun hennar í símenntun. Kennari: Salvör Gissurardóttir, lektor í upplýsingatækni og tölvunotkun í námi og kennslu við HÍ 25. september kl. 17:00

Fyrirlestrararnir eru öllum þátttakendum að kostnaðarlausu. Haldið í húsnæði Framvegis Síðumúla 6. 2 hæð. Áhugasamir skrái sig með því að senda tölvupóst á skraning@framvegis.is.

Athafnarmanni blöskrar bleiuverð:

Dýrar bleiur í Lyfjum og heilsu

Athafnamaður, sem ekki vildi láta nafns síns getið, stoppaði umboðsmann á förunum vegi og var mikið niðri fyrir: „*Okkur bráðvantaði bleiur snemma dags á sunnudaginn og ég fór í einu búðina sem var opin í hverfinu, Lyf og heilsa á Háaleitisbraut. Ég hef aldrei þælt í verðlagi fyrr og bara borgað uppsett verð, en nú í fyrsta skipti á ævinni gekk verðið svo fram af mér að ég sagði við afgreiðslukonuna: „Nei, heyrdú mig nú, ég bið bara þar til það opnar einhvers staðar annars staðar!“ Einn lítill bleiupoki kostar þarna nærri 2.500 krónur! Í Nóatúni við hliðina sem opnaði klukkutíma seinna kostaði sami pokinn um 1.500 krónur og auðvitað keypti ég hann. Síðan hef ég tékkað á þessum bleiur og sami pokinn kostar undir 900*

krónur í Bónus. Fyrr má nú vera munurinn!“

Í framhaldi af þessari sögu gerði ég könnun á bleiuverði í gær. Niðurstöðurnar eru eftirfarandi:

Pampers midi 3 (grænar) – bleiur fyrir 4-9 kg.

Lyf og heilsa, Háaleitisbraut: 38 stk. 2.458 kr. / 65 kr. bleian

Lyfja, Lág múla: 38 stk. 2.098 kr. / 55 kr. bleian

10-11, Lág múla: 38 stk. 1.699 kr. / 48 kr. bleian

Hagkaup, Eiðistorgi: 38 stk. 1.535 kr. / 40 kr. bleian

Nóatún, Háaleitisbraut: 38 stk. 1.479 kr. / 39 kr. bleian

Krónan, Grandi: 52 stk. 1.299 kr / 25 kr. bleian

Bónus, Faxafeni: 70 stk. 1.559 kr. / 23 kr. bleian



DR. GUNNI neytendur@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Veldu FordTransit

Kynntu þér sértæka þjónustu Atvinnubíla Ford hjá Brimborg



Nýtt tákni um gæði

Losaðu þig strax við óhagkvæm verkfæri

Transit styrkir reksturinn

Komdu á rýmingarsölu í Brimborg í dag



Ford Transit 280S Sendibíll
2.2TDCi 85 hð 250 Nm, 6 dyra
5 gíra beinskiptur, CO2 losun 208 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,9 l/100 km
Hleðslurými 6,55 m³
Verð áður, með vsk. 3.535.000 kr.
Rýmingarafsláttur 354.000 kr.
Rýmingarverð með vsk. 3.181.000 kr.
Rýmingarverð án vsk. 2.555.020 kr.*



Ford Transit 220L Sendibíll
1.8TDCi 75 hð 175 Nm, 6 dyra
5 gíra beinskiptur, CO2 losun 171 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,3 l/100 km
Hleðslurými 4,4 m³
Verð áður, með vsk. 2.857.000 kr.
Rýmingarafsláttur 286.000 kr.
Rýmingarverð með vsk. 2.571.000 kr.
Rýmingarverð án vsk. 2.065.060 kr.*



Ford Transit 300S SC Pallbíll
2.2TDCi 85 hð 250 Nm, 2 dyra, 3 manna
5 gíra beinskiptur, CO2 losun 208 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,9 l/100 km
Lengd álpalls er 2890 mm
Verð áður, með vsk. 3.640.000 kr.
Rýmingarafsláttur 364.000 kr.
Rýmingarverð með vsk. 3.276.000 kr.
Rýmingarverð án vsk. 2.631.325 kr.*

Ford Transit 220S Sendibíll
1.8TDCi 75 hð 175 Nm, 6 dyra, þaklúga
5 gíra beinskiptur, CO2 losun 171 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,3 l/100 km
Hleðslurými 3,4 m³
Verð áður, með vsk. 2.535.000 kr.
Rýmingarafsláttur 254.000 kr.
Rýmingarverð með vsk. 2.281.000 kr.
Rýmingarverð án vsk. 1.832.129 kr.*



***Komdu á rýmingarsölu í
Brimborg í dag***

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Rýmingarverð er nettóverð með afslætti. Á sumum myndum í þessari auglýsingu er sýndur aukabúnaður sem ekki er innifalinn í verðinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



ÁHYGGJUFULLIR FORELDRAR Hér sjást foreldrar bíða eftir lækniáðstoð fyrir veik börn sín á spítala í Peking í gær, en löng bið er eftir læknishjálp á mörgum kínverskum sjúkrahúsum þessa dagana. Talið er að nærri 53.000 ungbörn hafi veikst eftir að hafa drukkið melamínmengaða ungbarnamjólk.

NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglan á Suðurnesjum:

Lýst eftir fólki vegna árásar

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum óskar eftir upplýsingum um líkamsárás á ljósanótt eða að morgni sunnudagsins 7. september, klukkan hálfsex.

Á þeim tíma voru lögreglu-menn á eftirlitsferð er þeir komu að meðvitundarlausum manni liggjandi á Hringbraut í Keflavík, á mótis við Mávabraut. Hann komst til meðvitundar nokkru síðar. Kona sem var hjá honum sagði lögreglu að hún hefði séð menn hraða sér í burtu á rauðri Honda Accord-bifreið.

Lögreglan óskar eftir að ná tali af konunni og biður jafnframt önnur vitni um að hafa samband í síma 420 1700. Þá óskar lögreglan eftir því að mennirnir á umræddri bifreið hafi samband við lögregluna.

- jss

Breskur Evrópumálasérfræðingur frá Brussel um tvíhliða upptöku evru:

Evra á grunni EES er útilokuð

EVROPUMÁL Evrópska efnahags-svæðið er árangursríkt fyrirkomulag á aðlögun EFTA-ríkja að innri markaði Evrópusambandsins, en það getur ekki veitt þeim aðgang að evrunni. „Það er einfaldlega útilokað,“ segir Graham Avery, framkvæmdastjóri Trans European Policy Studies Association.

Avery var um 33 ára skeið embættismaður framkvæmdastjórnar ESB. Hann hélt erindi um stækkunarhorfur ESB á opnum fundi í HÍ í gær. Þegar hann kom að því að lýsa afstöðu ESB gagnvart hugsanlegri inngöngu EFTA-ríkja-anna í sambandið vék hann að því sem hann hefði heyrt að íslenska



GRAHAM AVERY Efast um að nokkur ríkisstjórnarleiðtogi í ESB taki aðra afstöðu en stjórn ECB.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Evrópunefndin væri þessa dagana að reyna að fá svör við í Brussel.

Spurður álits á þeirri fullyrðingu að það væri ekki aðalatriði hvað embættismenn ESB segðu, heldur hvað leiðtogar aðildarríkja-

anna teldu gerlegt, segir Avery:

„Það er ekki mitt að svara fyrir kjörna ríkisstjórnarleiðtoga aðildarríkjanna, en það er alveg ljóst í mínum huga að í þessu efni hefur Seðlabanki Evrópu lykilhlutverki að gegna. Forsvarsmenn hans hafa að því er ég best veit svarað því afdráttarlaust að það komi ekki til greina að Íslendingar fái að taka upp evruna án fullrar aðildar að Efnahags- og myntbandalaginu og forsenda fyrir henni er full aðild að ESB. Og ég leyfi mér að efast um að nokkur ríkisstjórnarleiðtogi í sambandinu kæri sig um að taka aðra afstöðu í þessu máli en seðla-bankastjórnin.“

- aa

Mjólkurhneyksli í Kína:

Yfirmaður axlar ábyrgð

BEIJING, AP Yfirmaður matvælaeftirlitsins í Kína hefur vikið úr embætti eftir að nærri 53.000 börn voru lögð inn á spítala eftir að hafa neytt mjólkur og mjólkurvara þar í landi.

Sanlu Group-fyrirtækið í Kína hefur verið miðpunkturinn í þessu hneyksli, en komið hefur í ljós að það fyrirtæki, ásamt öðrum, framleiddu og seldu eitraða mjólk samkvæmt leyfi matvælaeftirlitsins. Rannsóknarmenn segja að mjólkurfyrirtækin hafi, í því skyni að hámarka hagnað, bætt vatni út í mjólkina og síðan bætt við melamíni sem veldur nýrnaveiki.

- aðv

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra telur stjórnvöld verða að bregðast við í peningamálum:

Stærsta ákvörðun undanfarinna ára

EFNAHAGSMÁL Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra telur að íslensk stjórnvöld geti ekki haldið óbreyttri stefnu heldur verði að bregðast við þróuninni í gjaldmiðilsmálum Íslendinga.

Björgvin setti ráðstefnuna Evra á Íslandi í Þjóðmenningarhúsinu í gær og benti þá á að stjórnvöld gætu ekki haldið óbreyttri stefnu heldur verði að bregðast við.

Mikilvægt sé að hafa forsendurnar skýrar til að „taka þessa stærstu ákvörðun sem tekin hefur verið í íslenskum stjórnámum undanfarin ár eða frá því við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu“.

Peter Dyrberg, forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík, fjallaði um fjórar leiðir sem koma til greina fyrir Íslendinga til að tengjast evrunni fyrir utan aðild að Evrópusam-

bandinu, ESB, og Myntbandalaginu. Þar af sagði hann að aðeins tvær væru mögulegar út frá lagalegu sjónarmiði.

Leiðirnar fjórar eru að semja um aðild að Myntbandalaginu án aðildar að ESB þannig að Íslendingar taki upp evru, Íslendingar semji um sérstaka lausn, taki einhliða upp evru af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar, með eða án samþykkis og samstarfs við ESB, eða að íslenskt samfélag taki smám saman einhliða upp evru gegn stefnu ríkisstjórnarinnar.

Dyrberg kvaðst kominn til að fjalla um upptöku evru út frá lagalegu sjónarmiði. Síðustu tveir kostirnir væru ekki innan lagsviðsins. Hann sagði aðild að Myntbandalaginu án aðildar að ESB útilokaða. Þá væri „mjög ólíklegt“ að Íslendingar gætu samið um sérstaka lausn.



VERÐA AÐ BREGÐAST VIÐ Björgvin Sigurðsson viðskiptaráðherra telur að stjórnvöld geti ekki haldið óbreyttri stefnu heldur verði að bregðast við og taka „stærstu ákvörðun sem tekin hefur verið í íslenskum stjórnámum undanfarin ár“.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Er viðsemjandinn viljugur til samninga?“ spurði hann. „Samkvæmt skilaboðunum hingað til er ekki samningsvilji fyrir hendi,“

sagði hann og benti á að slíkt samkomulag yrði í trássi við tilgang ESB og Myntbandalagsins.

- ghs

Stórkostlegt tækifæri



Vinsælasti húsbíllinn í sumar.

Fyrstur kemur, fyrstur fær.

Eigum til örfáa nýja Hobby húsbíla 650 FLC árgerð 2008.

Verð kr. 8.300.000

Fullt verð kr. 10.700.00

m.v. gengi 130 Evru

Ath. Við seljum gamla húsbíllinn þinn án þóknunar.

Erum einnig að selja eftirfarandi hjólhýsi o.fl.


400 SF DeLux



Verð: 2.470.000 kr.

Tilboð:
1.990.000 kr.

540 UL Excellent



Verð: 3.050.000 kr.

Tilboð:
2.630.000 kr.

560 UFF Excellent



Verð: 3.200.000 kr.

Tilboð:
2.711.000 kr.

650 HMFe Prestige



Verð: 3.390.000 kr.

Tilboð:
2.975.000 kr.

720 UKFe Prestige



Verð: 3.750.000 kr.

Tilboð:
3.500.000 kr.

**Rockwood
12 feta fellihýsi 05**



Verð: 890.000 kr.



**Sunlite
865 WS
'05 pallhýsi**
Verð: 1.700.000
Sjónvarp o.fl.

Hobbyhúsið ehf

Dugguvogur 12 – 104 Reykjavík - s. 517-7040 – www.hobbyhusid.is **Opnunartími:** Mán. - fös. 10 - 18



NÚ Á **2** STÖÐUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

MIKIÐ ÚRVAL LAMPA

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ

8W
14W
21W
28W



Verð frá **1995**
UNDIRSKÁPALJÓS

14W
21W
28W



Verð frá **1959**
UNDIRSKÁPALJÓS

1 x 36W

2 x 36W



Verð frá **2295**
IÐNAÐARLAMPI
M/ SKERMI


2895

SPEGLALJÓS
18W M/ROFA



2995

SPEGLALJÓS
M/ TENGLUM OG ROFA



4899

FLÚRLAMPI 60x60cm
3 x 14W

3995

FLÚRLAMPI 60x60cm
4 x 18W

RAKAÞÉTTIR FLÚRLAMPAR

4495

2 x 58W



3495

1 x 58W



3995

2 x 36W



2995

1 x 36W



2995

2 x 18W




1995

UNDIRSKÁPALJÓS 8W



2195

UNDIRSKÁPALJÓS 13W



3495

SKRIFSTOFULAMPI 2 x 36W



995

Verð frá
SPEGLALJÓS



2995

FLÚRLAMPI 2 X 36W
Í BÍLSKÚRA, SKRIFSTOFUR O.FL.

Litir: Króm og hvítt
2 stærðir



4495

LOFTLJÓS 28W



3795

LOFTLJÓS 16W

2 stærðir



2995

LOFTLJÓS 28W



1995

LOFTLJÓS 16W



6995

LJÓSATUNNA 250W OG 400W

HITALAMPAR 3 gerðir



Verð frá

7999


HITALAMPI 1300W



Með
tenglum

8995

VINNULJÓS GÚMMÍ 3 x 24W



150W
250W
400W

Verð frá

5995

FLÓÐKASTARAR



150W 500W
1000W 1500W

Verð frá

1395

HALOGENKASTARAR M/ PERU

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 17
Sunnud. kl. 12 - 16

„ORÐRÉTT“

Pegar orð fá vængi

„Nei, ég er ekkert handrúkkari, ekkert frekar en andrúkkari.“

BENJAMÍN ÞÓR ÞORGRÍMSSON, UM ÞÁTT SINN Í DEILU VIÐ RAGNAR MAGNÚSSON, SEM SÝNT VAR FRÁ Í ÞÆTTINUM KOMPÁS.
DV, 22. september.

Ekki ég heldur annar

„Það þýðir ekkert að segja honum að ég sé ekki Kompás-maðurinn.“

JÓHANNES K. KRISTJÁNSSON, NAFNI UMSJÓNARMANNS KOMPÁS, UM ÞRÁKELKINN FANT SEM HRINGIR Í HANN OG HÓTAR BARSMIÐUM.
Fréttablaðið, 22., september.

tilveran

nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ARNAR KNÚTSSON, EIGANDI FILMUS

Langar að hitta Danaprins aftur

„Það er allt fint að fréttu. Það þýðir ekkert annað en að vera jákvæður og reyna að forðast allt kreppuraus eins og heitan eldinn,“ segir Arnar Knútsson, eigandi kvikmyndafyrirtæksins Filmus.

Arnar segir nóg að gera í vinnunni nú eins og endranær. „Við erum alltaf að framleiða sjónvarpsauglýsingar. Þessa dagana erum við til dæmis að vinna að auglýsingatökum í verkefni fyrir stórt bandarískt fyrirtæki, en ég get því miður ekki gefið upp hvert fyrirtækið er,“ segir hann og hlær leyndardómsfullum hlátri. „Svo erum við á fullu að gera þáttaraðir fyrir sjónvarp, og undirbúningur er nýhafinn fyrir gerð kvikmynda eftir bókinni Svartur á leik eftir Stefán Mána, sem fer í tókur á næsta ári,“ bætir hann við.

Arnar er mikill áhugamaður um stangveiði og eyðir flestum frístundum sínum í áhugamálið. „Ég hef farið í óvenju marga veiðitúra upp á síðkastið. Meðal annars sótti ég Rangá, Brunná og Hítará heim, fór í árlega veiðiferð í Laxá í Mývatnssveit með félögum mínum og veiddi líka í Miðfjarðará, en sú ferð var ekki í boði REI,“ segir hann sporskur. „Þetta var hreinlega frábært sumar fyrir laxveiðimenn. Mikið af fiski, frábært veður og líf og fjör.“

Spurður hvort nokkrar utanlandsferðir séu á döfinni segir Arnar það vel líklegt. „Ég skellti mér til Grænlands um daginn og skemmti mér vel. Þar hitti ég meðal annarra Jóakim Danaprins, og gæti vel hugsað mér að hitta hann aftur. Toppmaður þar á ferð!“



VODKI:

TÆRT OG BRAGÐLAUST

■ Upphaflega var vodka landi Austur-Evrópubúa, eða sá drykkur sem bændur einuðu úr tiltæku hráefni. Vel gert vodka var hreint og bragðlaust, en oft þurfti að krydda það eða bragðbæta. Hægt er að eima vodka úr korni, kartöflum eða mólassa. Rúgur, sem er mikið notaður í Austur-Evrópu og Rússlandi, ljær vodkanu mýkt og sætuvat. Hveiti, sem er algengara í Ameríku og Vestur-Evrópu, er mjög hlutlaust og hreint. Kartöflur voru helst notaðar ef ekki var völ á korni, en slíkt vodka er þyngra og bragðmeira. Mólassavodka líkist hveitivodka í hreinleika, en er örlítið sætara.



SJÓNARHÓLL

ERLENT VINNUAFL Á ÍSLANDI

Eiga rétt á launajafnrétti

„Já, þetta kemur mér svolítið á óvart. Ég tel að útlendingar eigi að sjálfsögðu að njóta sömu kjara og Íslendingar, skilyrðislaust,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson spurður um útkomu nýlegrar könnunar sem gerð var af Félagsvísindastofnun. Nýleg skoðanakönnun sem gerð var af Félagsvísindastofnun fyrir ASÍ leiddi í ljós að þriðjungur svarenda á aldrinum átján til 35 ára telur eðlilegt að Íslendingar njóti betri kjara á vinnumarkaði en fólk af erlend- um uppruna. Magnús segir einnig að „útlendingar njóti greinilega lakari kjara en Íslendingar á hinum almenna vinnumarkaði, og kannski oftar en ekki er það ómeðvitað. Minn flokkur telur að sjálfsögðu að það sé mjög slæmt. Það á ekki að misnota útlendinga á vinnumarkaðinum.“ „Aldrei hef ég heyrt að Íslendingar sem eru búsettir erlendis og flokkast undir erlent vinnuafli þurfi að berjast fyrir launajafnrétti, jafnt og erlendir ríkisborgarar þurfa að gera hérlandis,“ segir Magnús Þór.



MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON
Varaformaður Frjáls-
lynda flokksins.

Diddú og Gunnar Þórðarson lentu fyrir röð tilviljana inni í samvinnu skálds og myndhöggvara í Frakklandi. Afraksturinn leit síðan dagsins ljós í 12. aldar kirkju í franska bænum Rosheim í júlí síðastliðinn. Vonast er til að Íslendingar fái að njóta verksins áður en langt um líður.

„Það er svo magnað þegar eitt lítið sandkorn verður að fallettri perlu ef svo má segja,“ segir Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona, betur þekkt sem Diddú, þegar hún rifjar upp aðdragandann að verkinu La Prière eða Bæn sem leit dagsins ljós í franska bænum Rosheim í Alsace-héraði í júlí síðastliðnum. „Þetta byrjaði þannig að skúlptúristinn Gerard Brand heyrði til mín á tónleikum fyrir þremur árum og hreifst svo að hann ákvað að innan nokkurra ára skyldi rödd mín umleika listaverk hans, eins og hann komst sjálfur að orði.“

Hann er ekki sá eini á þessum slóðum sem heillast af söngkonunni en Diddú hefur sungið árlega í Alsace-héraði í um áratug. „Hann hefur síðan samband við skáldið og vin sinn Albert Strickler sem yrkir ljóð útblásin af þeim anda sem listaverkin blésu honum í brjóst.“



HAMHLEYPAN VIÐ FLYGILINN í viðkynningu virðist Gunnar Þórðarson rósemin uppmáluð. Það halda honum hins vegar engin bönd þegar kemur að tónsmíðunum en það er engu líkara en hann hristi heilu verkin fram úr erminni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Svo berast böndin að Gunnari Þórðarsyni þegar hann er á ferð með Diddú á þessum slóðum fyrir rúmu ári. „Þá kviknar sú hugmynd að hann semdi tónlist við ljóðin. Gunnar var til í það og ætlaði sér fyrst að hafa þetta einfalt en þegar tónskáldið fer af stað halda því engin bönd og Gunnar endaði á því að semja verk fyrir einsöngvara, kór og 20 manna hljómsveit.“

Verkið var svo frumflutt í troðfullri kirkju Rosheimsbæjar sem er frá 12. öld. Þá umlék rödd Diddúar verk franska listamannsins eins og hann hafði ákveðið nokkrum árum áður.

Verkið er um 40 mínútur að lengd og segir Gunnar það ekki hafa verið erfitt að semja tónlist-

ina við frönsku versin. „Ég kann varla neitt í frönsku en ég lét þýða ljóðin og svo lesa þau inn á snældu fyrir mig og þetta gekk allt afar vel. Þessi syngjandi í frönskunni gerir þetta jafnvel auðveldara.“ Á leið frá því að Gunnar var fenginn til verksins og þar til það var frumflutt. Aðspurður hvort það hafi ekki verið snarpur tími svarar hann með sinni kunnna hæversku: „Nei, nei. Ég var reyndar ekki nema tvo mánuði að klára verkið.“

Hann segist síður en svo vera búinn að snúa baki við popptónlistinni. „Ég er einmitt núna að eiga við fimm ný popplög sem munu fylgja bókinni sem Jón Hjartarson hefur verið að rita um mig og kemur út nú í nóvember.“



RÖDD DIDDÚAR UMLEIKUR LISTAVERKIN Fyrir aftan Diddú má sjá eitt af verkum Gerards Brands sem hann vildi að yrði umleikið rödd söngkonunnar.

Þau Diddú og Gunnar vonast eftir því að verkið verði flutt hér á Íslandi innan tíðar en mikið umstang fylgir slíkum flutningi.

jse@frettabladid.is

Svansmerkt RV hreinsiefni

- með ferskum ilmi

Á kynningarverði
Svansmerkt RV hreinsiefni með ferskum ilmi.

Á tilboði í september 2008
Svansmerktar Lotus Professional pappírsvörur **20% afsláttur**

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Agnar Erlingsson, fyrrum aðalræðismaður Noregs á Íslandi:

Fær norska heiðursorðu

Agnar Erlingsson, fyrrum aðalræðismaður Noregs á Íslandi, hefur verið útnefndur til stórriddara hinnar konunglegu norsku heiðursorðu fyrir framúrskarandi framlag um langa hríð við að bæta og þróa hið ágæta og nána samstarf milli Íslands og Noregs.

Sendihera Noregs, Margit Tveiten, afhenti Agnari orðuna nýlega.

Agnar hætti sem aðalræðismaður Noregs í Reykjavík um síðustu áramót en þá hafði hann gegnt því starfi í fimmtán ár. Agnar segir að starfið hafi verið mismunandi annasamt eftir því hverjir hafi verið sendiráðsritarar í sendiráði Norðmanna en alltaf hafi það verið gefandi.

Agnar hefur rekið fyrirtækið Norsk Veritas og sem ræðismaður komið að mörgum málum,

stundum jafnvel vandræðum í sambandi við skipverja. „Það var mest þegar Norðmenn vildu komast inn á íslenskan markað eða öfugt. Svo það sendiráðið mig stundum um álitagerðir í sambandi við skip og sjó.“

Agnar segir að ágreiningur Íslendinga og Norðmanna vegna veiða í Smugunni hafi ekki komið mikið inn á sitt borð. Það hafi lent meira á ræðismanni Noregs á Akureyri sem hafi verið rekstraraðili í útgerð á Akureyri á þeim tíma.

Agnar rifjar upp að nótabáturinn Sigurður hafi verið tekinn fastur í Noregi og færður inn til Bodø. „Þá var fjarlægð skiltið Norske Veritas fyrir utan skrifstofu mína í Tryggvagötu.“

Það hafa kannski einhverjir strákar tekið það og hent í sjóinn.“

- ghs



FRAMÚRSKARANDI FRAMLAG Sendihera Noregs, Margit Tveiten, afhenti Agnari Erlingssyni, fyrrum aðalræðismanni Noregs á Íslandi, heiðursorðu fyrir framúrskarandi framlag.

Síðustu dagar síðustu útsölnunnar í bænum!

**Veiðimaðurinn Hafnarstræti 5
lokar í september**

**Nú enn meiri verðlækkun
Næstum allt á hálfvirði
Allt á að seljast**

**Opið alla helgina
laugardag frá 10 til 16
sunnudag frá 12 til 16**



Veiðimaðurinn – Hafnarstræti 5 – 101 Reykjavík

100% FJÁRMÖGNUN
50% ERLENT / 50% ÍSLENSKT LÁN

Bílstjórar athugið!
Rúúúúmgóð gullegg fyrir



Nokkur stk. á sértíloði


Hyundai i30 CW
5 dyra, bensín og beinskiptur.
Verð áður: 2.880.000
2.590.000
290.000 afsláttur

Nokkur stk. á sértíloði


Hyundai Tucson
5 dyra, bensín og beinskiptur.
Verð áður: 3.520.000
3.168.000
352.000 afsláttur

200.000 kr. fyrir þann gamla.

Færir sá gamli þér gullegg?

Við bjóðum þér uppítkutryggingu að upphæð **200.000 kr.** Það þýðir að bíllinn þinn, sama hversu gamall og reittur hann er, verður aldrei minna en **200.000 kr.** virði (þarf að vera gangfær og skoðaður '09). Láttu sérfræðinga okkar meta bíllinn og keyrðu burt á nýjum bíl.

**Gríptu gæsina í dag
og gerðu (g)eggjað góð kaup**





unga sem aldna



Santa Fe farangursými: 969/2213 lítrar



Nokkur stk. á sértíloði

Hyundai Santa Fe

5 dyra, bensín og sjálfskiptur.

Verð áður: 4.900.000

4.410.000

490.000 afsláttur

Gríptu gæsina í dag og fáðu þér nýjan Hyundai á kostakjörum.

HYUNDAI eru hagkvæmir og sparneytnir bílar með lága bilanatíðni. Æ fleiri minnst á hversu snottir þeir eru orðnir og skemmtilegir í akstri. Hyundai kemur ávallt vel út, þegar borin eru saman gæði og verð.

Við köllum þennan takmarkaða fjölda lagerbíla, gulleggja okkar. Þetta eru nokkur vel búin eintök sem við bjóðum nú á mun lægra verði en áður. Nýttu tækifærið og fáðu þér ódýran og hagkvæman bíl. **Komdu við á Grjóthálsi í dag og reynsluaktu Hyundai. Þú tapar engu á því.**

B&L | Með bílinn handa þér

Grjótháls 1 | 110 Reykjavík | S 575 1200 | www.bl.is | bl@bl.is
Opið: 10-18 virka daga, 12-16 laugardag.



Aukabúnaður á mynd: áfelgur og vindskelt. B&L áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara.



ROLEX
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
WWW.SVISS.IS

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Vistvænn
kostur!

GUDJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 24. september 2008 – 39. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000

visir

Sjeikinn í Kaupþingi
Hver er
maðurinn?



Endalok fjárfestingarbanka
Heyra þeir brátt
sögunni til?



Ragna Sara Jónsdóttir
Samfélagsleg
ábyrgð
fyrirtækja



RÁÐHERRANN OG BANKASTJÓRINN
Henry Paulson, fjármálaráðherra
Bandaríkjanna og Ben Bernanke seðla-
bankastjóri.

MARKAÐURINN/AP

Mikilvæg aðgerð

„Björgunaraðgerðir stjórnvalda munu kosta bandaríska skattgreiðendur mun minna en ef ekkert hefði verið gert,“ sagði Henry Paulson fjármálaráðherra í vitnaleiðslu fyrir bankamálanefnd bandaríska þingsins í gær. Þar sat hann til svara ásamt Ben Bernanke seðlabankastjóra og Christopher Cox, forstjóra bandaríska fjármálaeftirlitsins.

Paulson gerði þar grein fyrir verðfalli á fjármálamörkuðum og þrengingum á fasteignamarkaði vestra og mikilvægi þess að ríkið gripi til aðgerða til að fyrirbyggja frekari hremmingar.

„Við verðum að grípa til aðgerða gegn annarri bólu myndun og fjáraustri í öðrum geirum,“ sagði Paulson enn fremur.

- jaf

HELST Í ÚTLÖNDUM

Allt á hliðina | Mikil lækkun var á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum í gær og í fyrradag. Skellurinn skýrist af hagnaðartöku fjárfesta eftir mikla hækkun vestanhafs á föstudag og efasemdir um að björgunaraðgerðir bandarískra stjórnvalda muni nægja til að slá á hrakspár um samdrátt í Bandaríkjunum. Olíuverð rauk upp í kjölfarið.



Traust kerfi | Henry Paulson fjármálaráðherra sagði undir lok síðustu viku að bandarískt fjármálakerfi væri í grundvallaratriðum traust. Hann taldi ekki sjá fyrir endann á fjármálakreppunni fyrr en fasteignamarkaðir í Bandaríkjunum rétti úr sér.

Heimskur banki | Bankinn KfW hefur hlotið titilinn heimskulegasti banki Þýskalands eftir að í ljós kom að hann setti rúmlega 30 milljarða króna inn í Lehman Brothers aðeins tveimur tímum áður en bankinn var lýstur gjaldþrota fyrir rúmri viku.

Peningum dælt út | Seðlabankar Bandaríkjanna, Evrópu, Japans, Sviss, Kanada og Englandsbanki dældu 180 milljörðum Bandaríkjadalara inn á fjármálamarkaði á fimmtudag fyrir viku. Danska blaðið Börsen sagði þetta umfangsmestu fjárhagslega björgunaraðgerðina í sögunni.

Í eina sæng | Stjórnir bresku bankanna Lloyds og HBOS samþykktu í síðustu viku að ganga í eina sæng. Með samrunanum verður til umsvifamesti banki Bretlands.

Svörtustu spár um krónuna hafa ræst

Jöklabréfum á gjalddaga kennt um fall krónunnar, einnig skorti á gjaldeyri og óvissu um ástand á heimsmarkaði. Útistandandi krónubréf nema nú 306 milljörðum króna.

Björn Ingi Hrafnsson
skrifar

„Með því að gengisvísitalan fari upp fyrir 180 stig hafa ræst svörtustu spár um krónuna frá því í vor,“ segir Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, en gengisvísitala íslensku krónunnar rauf 180-stiga múrinn í fyrsta sinn í gær og hefur krónan aldrei verið veikari. „Stjórnvöld mega ekki láta undan dragast að grípa til úrræða til að auka framboð á gjaldeyri, efla traust á íslensku efnahagslífi og styrkja verðmyndun á krónunni sem komin er langt frá því sem telja má eðlilegt jafnvægisgengi,“ segir Ólafur.

Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri segir bankann ekki hafa upplýsingar um ástæður óróans, en gengisvísitalan steig hratt í gær og fyrradag. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka at-

vinnulífsins, segir mörg fyrirtæki komin í vandræði út af þessari þróun og menn bíði sífellt þess að botninum sé náð. Enn sé mikil óvissa á mörkuðum í Bandaríkjunum og við Íslendingar séum að gjalda fyrir það.

Greiningardeild Kaupþings segir í hálfhimmfréttum sínum, að á meðan óvissa ríki um krónubréf megi ætla að fjárfestar haldi að sér höndum og gæti krónan því veikst frekar á næstunni. Þýski þróunarbankinn KfW, sem er næststærsti krónubréfaúttefandinn til þessa, tilkynnti á mánudag um tveggja milljarða króna viðbótarútgáfu í flokki krónubréfa, samkvæmt greiningu Glitnis. 27,5 milljarðar hafa fallið á gjalddaga í september. Heildarútistandandi krónubréf nema nú um 306 milljörðum króna, en næsti gjalddagi er 6. október næstkomandi en þá fellur á gjalddaga 29 milljarða króna útgáfa Evrópska fjárfestingarbankans.

Þrjátíu milljónir til skiptanna

Enn er kallað eftir kröfum í bú Verðbréfabjónustu sparisjóðanna (VSP).

Ólíklegt er að kröfur berist í bú Verðbréfabjónustu sparisjóðanna (VSP) sem nú er í slitameðferð, að sögn Erlu S. Árnadóttur lögmanns sem skipuð er skiptastjóri.

„Innköllumarfrestur er í gangi, en hann var ákveðinn sex mánuðir.“ Hefðbundinn innköllumarfrestur er tveir mánuðir, en Erla kveðst hafa ákveðið að nýta heimild til framlengingar þar sem verið gæti að kröfur væru í búið erlendis. „Enn sem komið er hafa hins vegar engar kröfur borist.“

Erla segir því ekki útséð með að félagið sé gjaldþrota, þótt það sé að forminu til í gjaldþrotaskiptum. „Félagið á eignir á bankareikningi upp á 30 milljónir króna.“

Þótt VSP sé í slitameðferð er það ekki vegna þess að félagið standi ekki undir kröfum, heldur

var starfsemi hætt eftir að Byr keypti rekstur þess undir lok síðasta árs. Til þess að slit geti farið fram kveða löginn á um að fram skuli fara gjaldþrotaskipti, að sögn Erlu.

Verði eignir VSP til úthlutunar þá verður þeim úthlutað til hluthafa, en félagið var, líkt og nafnið gefur til kynna í eigu sparisjóðanna. Skiptafundur verður, samkvæmt auglýsingu í Lögbirtingarblaðinu, um miðjan janúar næstkomandi. Líkast til verður þá einnig komið í ljós hvort ábyrgðir fyrir um 200 milljónir Bandaríkjadalara verða bindandi fyrir VSP, en ríkissaksóknari telur að þær geti fallið á félagið. Í byrjun vikunnar var staðfestur í Hæstarétti farbannsúrskurður yfir fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins sem sakaður er um brot í starfi.

- óká

TrackWell

Tíma- og verkskráning
Flotastýring og eftirlit
www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK

GBP

DKK

USD

EUR

Peningabréf Landsbankans

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/ISK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

GENGISÞRÓUN		
	Vika	Frá áramótum
Alfesca	3,2%	-2,6%
Atorka	7,1%	-46,5%
Bakkavör	3,8%	-58,5%
Exista	19,5%	-64,4%
Glitnir	11,5%	-31,8%
Eimskipafélagið	-28,8%	-87,6%
Icelandair	-0,2%	-27,2%
Kaupþing	8,1%	-16,3%
Landsbankinn	5,8%	-35,8%
Marel	10,2%	-10,3%
SPRON	6,7%	-65,0%
Straumur	9,0%	-42,2%
Össur	4,9%	-3,0%

*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.

Landsmenn spara í niðursveiflunni

Útlán innlánsstofnana til innlendra aðila um bankakerfið námu 4.092 milljörðum króna í lok ágúst, samkvæmt tölum frá Seðlabankanum. Þetta er 97 milljarða króna aukning á milli mánaða. Þetta jafngildir 2,5 prósentu aukningu á milli mánaða en um tæp 42 prósent frá því í ágúst í fyrra. Greiningardeild Glitnis bendir á að samkvæmt tölunum hafi innlán innlendra aðila á móti numið 1.409 milljörðum króna sem er smávægis samdráttur á milli mánaða. Þetta er hins vegar 38 prósentu aukning á milli ára.



INGÓLFUR BENDER

Deildin segir líklegt að aukninguna megi rekja til þess að heimilin hafi í auknum mæli beint sparnaði sínum í öruggari farveg en hlutabréfa-markaðurinn geti talist um þessar mundir. Þá laði háir innvextir fjárfesta að og því aukast innlán nú sem aldrei fyrr, líkt og greiningardeildin orðar það.

Samkvæmt tölum Seðlabank-

ans jukust útlán innlánsstofnana til heimila í landinu á sama tíma. Skuldir heimilanna námu um eitt þúsund milljörðum króna í lok síðasta mánaðar en þar af voru 237 milljarðar króna vegna gengisbundinna skuldbréfa og tæplega sex milljarðar króna vegna yfirdráttar í erlendri mynt. Bent er á að jafnframt megi ætla að 70-80 prósent eignaleigusamninga heimila við bankakerfið séu gengisbundnir en þær skuldir námu um fjórðungi af heildarskuldum við innlánsstofnanir í lok mánaðarins.

- jab

Teymi fer í október

Kauphöllin hefur samþykkt beiðni Teymis, frá því seint í síðasta mánuði, um afskráningu. Hlutabréfin verða tekin úr viðskiptum 3. október næstkomandi, samkvæmt tilkynningu frá Kauphöllinni.

Þegar afskráningin gengur í gegn hafa fimm fyrirtæki horfið úr Kauphöllinni á árinu.

Skipti, móðurfélag Símans, sem dvaldi stutt við á markaðnum, var afskráð snemma árs en á eftir fylgdu FL Group og Icelandic. Þá var 365 afskráð í byrjun síðasta mánaðar.

- jab

Ólíklegt að Íslendingar tapi á Freddie og Fannie

Ekki er útilokað að Íslendingar, til dæmis lífeyrissjóðir, hafi átt hlutabréf í bandarísku íbúðalánaböðnum Fannie Mae og Freddie Mac. Sú eign, hafi hún verið fyrir hendi, virðist nú töpuð, þar sem bandarísk stjórnvöld hafa þjónnýtt banka-ana að mestu leyti.

Íslenskir lífeyrissjóðir fjárfesta töluverðan hluta eigna sinna erlendis. Til að mynda var riflega fjórðungur eigna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins bundinn í erlendum hlutabréfum, samkvæmt árskýrslunni í fyrra.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst hafa íslenskir lífeyrissjóðir þó ekki átt hlutabréf í Fannie og Freddie með beinum hætti. Þeir kynnu hins vegar að hafa átt í Fannie og Freddie

með óbeinum hætti, í gegnum hlutabréfasjóði eða svonefnda vísitölusjóði. Þess háttar sjóðir, sem íslenskir lífeyrissjóðir eiga í, kynnu að hafa átt bréf í Fannie og Freddie. „En varla mikið,“ segir einn viðmælenda Markaðarins.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst átti Seðlabankinn engin hlutabréf í Fannie og Freddie. Þó er ekki útilokað að hann hafi keypt þar skuldabréf. Sama mun eiga við um banka-ana, en skuldabréf þessara stofnana munu vera þessleg að mjög auðvelt hefur verið að koma þeim í verð.

Bandaríska ríkið hefur enda með formlegum hætti gengist í fulla ábyrgð fyrir skuldabréf Fannie og Freddie.

- ikh

Spá stóraukinni greiðslubyrði lána

Krónan verður áfram veik, spáir Landsbankinn. Stýrivextir lækka eftir áramót. Íbúðaverð lækkar um tíu prósent.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Langtímahorfur í efnahagsmálum þjóðarinnar eru öfundsverðar, þótt þær séu nokkuð ögrandi til skemmri tíma, að því er fram kom hjá Eddu Rós Karlsdóttur, forstöðumanni greiningardeildar Landsbankans, á kynningu á hagspá greiningardeildarinnar fyrir árin 2008 til 2012 í gær. Um leið benti hún á að hér hefðum við auðlindir og burði til að takast á við skemmri tíma vanda.

Í kynningu greiningardeildarinnar var hins vegar lögð áhersla á að hér væri nú að eiga sér stað nauðsynleg leiðrétting og samdráttur eftir mikinn upp-gangstíma, ekki upphaf kreppu. Aðrar aðstæður, svo sem alþjóðleg lánsfjárrísa, niðurskurður aflaheimilda og eldsneytis- og hrávöruverðshækkunar, geri aðlögun hagkerfisins hér vandasamari.

Krístún Tinna Gunnarsdóttir, sérfræðingur greiningardeildarinnar sem einnig kynnti hagspá bankans, segir endurskoðun vaxta á íbúðalánum hefjast næsta haust, en á tímabilinu september 2009 til júní 2010 komi 5.500 lán til endurskoðunar. Hún segir að í spilunum sé stóraukin greiðslubyrði, eða allt að fimmtungshækkun. Um leið er spá mest u verðaðlögun á fasteignamarkaði hér frá því mælingar hófust, eða 10 prósentu lækkun fasteignaverðs að nafnvirði, þar til fasteignamarkaður taki við sér á ný á fyrri hluta 2010.

Þá harðnar í ári á fleiri sviðum samkvæmt spá bankans, en gert er ráð fyrir að atvinnuleysi fari hér hæst í fjögur prósent á fyrsta fjórðungi 2011. „En við teljum heimilin hafa búið vel í hagin á liðnum árum og geti staðið af sér með glæsibrag það sem fram undan er,“ segir Krístún Tinna.

Hátt orkuverð, afhendingaröryggi og veik króna er sögð auka arðsemi stóriðjuverkefna. Á spátímabilinu er gert ráð fyrir verkefnum á borð við álveri í Helguvík, fyrsta áfanga Bakka, stækkun við Straumsvík, netþjónabúi í Keflavík og aflþynnuverksmiðju á Akureyri, samtals 440 milljörðum



EDDA RÓS KARLSDÓTTIR Bak við forstöðumann greiningardeildar Landsbankans sést þróun einkaneyslu hér á landi frá árinu 1945. Í rauðum lit er svo spá bankans um samdrátt um 12 prósent fram til 2012.

MARKAÐURINN/GVA

króna vegna iðju og orkuvera á næstu fimm árum. Áhrifin verði samt önnur en í nýliðinni uppsveiflu þar sem í stað ruðningsáhrifa verði þar fyllt í skarðið sem alþjóðleg fjármálakreppa skilur eftir sig.

Krónan verður veik áfram samkvæmt spá Landsbankans, en lægðir hennar núna eru hins vegar sagðar öfgasveifla sem hljóti að ganga til baka. Gert er ráð fyrir gengisvísitölunni 160 í lok þessa árs og að jafnaði 155 á því næsta. Edda Rós áréttar þó að þessi spá sé mikilli óvissu háð, auk þess sem gert sé ráð fyrir miklum sveiflum á genginu. Spáð er fimm prósentu verðbólgu frá upphafi til loka næsta árs og að lækkun stýrivaxta hefjist undir lok fyrsta fjórðungs næsta árs.

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, segir íslenska banka standa nokkuð vel í þrengingum alþjóðlegra fjármálamarkaða; þeir hafi grip- ið til nauðsynlegra aðgerða, auk þess sem þeir búi nú að áhættudreifingu í starfseminni eftir útrás síðustu ára. Þá segir hann horfur á að þegar losna taki um laust fé á ný á alþjóðavísu, aukist innstreymi þess hér, enda séum við á hagvaxtarsvæði þar sem innviðir séu sterkir. „Laust fé streymir þar sem tækifærin eru,“ segir hann.

Minni byrðar en 2003

Greiningardeild Landsbankinn segir að þrátt fyrir aukna skuldsetningu sé greiðslubyrðin léttari nú.

Greiðslubyrði heimilanna á næsta ári verður að meðaltali léttari en hún var árið 2003, samkvæmt nýbirttri spá Landsbankans um framvindu efnahagsmála.

Fram kemur þó í spá bankans að munur á skuldastöðu einstakra heimila hefur aukist. „Hlutfallslegur fjöldi mjög skuldsettra heimila og mjög lítið skuldsettra heimila hefur þannig aukist nokkuð. Mjög skuldsett heimili eru eðlilega mjög viðkvæm fyrir þyngri greiðslubyrði og gætu þurft að selja fasteignir við erfiðar markaðsaðstæður. Mögulegar aðgerðir stjórnvalda í tengslum við endurskoð-

un vaxta munu þó vinna á móti slíkri þróun,“ segir í spánni, en vegna viðtækrar verðtryggingar og aukins vægis gengisbundinna lána hefur veiking krónunnar og verðbólga síðustu mánaða veikt eiginfjárstöðu skuldsettra heimila. Skuldir hafa aukist en skýringin á lægri greiðslubyrði nú er að sögn Landsbankans bæði meiri ráðstöfunartekjur og að skuldir heimilanna beri nú lægri meðalvexti og séu með lengri lánstíma. „Benda útreikningar okkar til þess að lánstími heildarskulda heimilanna hafi lengst um að minnsta kosti fimm ár frá árinu 2004.“

- óká

ERU VIÐSKIPTAGÖGNIN ÞÍN ÖRUGG?

Komdu með gögnin þín til EJS í hýsingu

VEITUM AÐGANG AÐ

- Viðskiptahugbúnaði
- Tölvupósti
- Skjölum
- Gagnagrunnum

AUÐVELT Í NOTKUN

- Vinnulag þitt breytist ekki
- Aðgengi að gögnum hvaðan sem er
- Kostnaður verður þekktur og fjárfélaglegur
- Hentar fyrirtækjum með dreifða starfsemi

ÖRYGGI OG TRAUST

- Gögnin þín eru afrituð daglega
- Gögnin eru geymd í fullkomnum hýsingarsal EJS
- Kerfið er rekið af sérfræðingum
- Ekkert sumarfrí eða veikindaorlof
- Sjáum um allt tölvuumhverfið þitt

Það er til lausn á öllu

Opið 9-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000



sjáðu
heyrðu
lifðu



Skjálausnir - Náðu athygli, náðu árangri

Með auðveldum hætti kemur þú réttum skilaboðum til viðskiptavina þinna.
Uppfærslur og endurnýjun efnis geta átt sér stað hvar sem er yfir Netið.
Bjóðum sérsniðnar lausnir fyrir verslanir, þjónustufyrirtæki og skóla.

Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar í Hlíðasmára 3, 201 Kópavogi.



NEC

SONY

Panasonic

NET DISPLAY



Hlíðasmára 3 201 Kópavogur sími 585 3800 www.sense.is

Kaflaskipti á Wall Street

Með breytingu Morgan Stanley og Goldman Sachs í viðskiptabanka nú um helgina hafa orðið kaflaskipti í sögu Wall Street. Tími sjálfstæðu fjárfestingarbankanna, sem voru einhverjir atkvæðamestu leikendur í fjármálalífi Bandaríkjanna síðan í heims-
kreppu fjórða áratugarins, er liðinn. Magnús Sveinn Helgason fjallar hér um þessi tímamót og hvað tekur við.

Seðlabanki Bandaríkjanna samþykkti á sunnudagskvöld beiðni fjárfestingabankanna Morgan Stanley og Goldman Sachs um að fá að endurskipuleggja sig sem viðskiptabanka. Með því hverfa síðustu fjárfestingabankar Wall Street af sjónarsviðinu, því Bear Stearns var bjargað úr gjaldþroti í mars af JPMorgan Chase, Lehman Brothers var lýst gjaldþrota á mánudag fyrir viku, og á sama tíma keypti Bank of America Merrill Lynch. Endalok stóru fjárfestingabankanna eru einn dramatískasti þátturinn í þeirri róttæku uppstokkun bandarísks fjármálalífs sem virðist vera að eiga sér stað, því stóru fjárfestingabankarnir réðu lögum og lofum á Wall Street síðustu 75 ár.

Ríkið hefur þegar tekið yfir AIG, stærsta tryggingafyrirtæki Bandaríkjanna og fasteignalánasjóðina Fannie Mae og Freddie Mac. Til að kóróna þessi sögulegu inn-
grip munu stjórnvöld verja 700 milljörðum dollara til að þjódnýta stóran hluta undir-
málslánakrísunnar með kaupum á eitruðustu skuldabréfum fjármálafyrirtækjanna. Þó er allsendis óvíst að þessi inn-
grip muni duga til þess að binda enda á yfirstandandi vanda, sem nú er lýst sem verstu fjármála-
kreppu síðan á fjórða áratugnum.

Atburðir síðustu vikna hafa sýnt að seðlabankinn og stjórnvöld þurfa að bjarga stórum fjármálastofnunum, hvort heldur þær eru viðskiptabankar eða ekki. Seðlabankinn hefur í raun neyðst til að axla hlutverk þrautavara alls fjármálakerfisins. En ef stjórnvöld og skattgreiðendur þurfa að ábyrgjast skuldir stórra fjármálastofnana og bjarga þeim frá gjaldþroti er spurning hvort ekki sé eðlilegt að þessar stofnanir lúti meira opinberu eftirliti.

Krafan um aukið eftirlit með starfsemi fjármálastofnana hefur því verið mjög hávær að undanförunu og nú virðist sem að nánast allir séu sammála um að endurskoða þurfi og herða reglur sem gilda um fjármálafyrirtæki. Henry Paulson fjármálaráðherra Bandaríkjanna hefur tekið undir þessa umræðu og nú virðist svo komið að jafnvel fulltrúar repúblikana á Bandaríkjaþingi ræða nauðsyn þess að reglur verði hertar.



WALL STREET Stóru fjárfestingarbankarnir voru eitt megineinkenni þess fjármálakerfis sem varð til við „New Deal“ umbætur Franklins Delano Roosevelt á fjármálakerfi Bandaríkjanna í heimskreppunni. MARKAÐURINN/AFP

Það var því orðið ljóst að bönd yrðu sett á fjárfestingabankana, sem hafa til þessa verið holdgervingar hins óbeislaða kapítalíska markaðar, óheftir af íþyngjandi reglum og eftirliti. Með því að breyta sér í viðskiptabanka kunna Morgan Stanley og Goldman Sachs því í raun að hafa komið sér hjá enn strangara eftirliti og þingrannsóknunum, sem ævinlega fylgja stærri laga-
setningu í Bandaríkjunum. Í fréttatilkynningum sínum lögðu bankarnir að auki mikla áherslu á að með því að gangast undir eftirlit Seðlabankans væru þeir að byggja upp tiltrú markaða. Þannig segir í tilkynningu Goldman Sachs að stjórnendur bankans treysti því að markaðir líti svo á að eftirlit Seðlabankans með bankanum muni auka tiltrú á öryggi og áreiðanleika hans.

VIÐSKIPTAMÓDEL GENGIOÐ SÉR TIL HÚÐAR

Mikilvægasta ástæða ákvörðunarinnar er þó að með henni geta Goldman Sachs og Morgan Stanley tekið við innlánum, sem eru bæði ódýrari og öruggari fjármögnun en skammtímafjármögnun á skuldabréfamarkaði. Lánsfjárfreppan og hrun trausts á fjármálamörkuðum hafa að auki orðið til þess að sú leið var í raun lokuð. Þá fá þeir fullan aðgang að þrautavaraþjónustu Seðlabankans, því þó fjárfestingabankarnir hafi haft aðgang að daglánaglugga Seðlabankans síðan í mars njóta viðskiptabankar mun betri kjara, lengri lántíma og rýmri reglna um veð. Önnur ástæða sem nefnd hefur verið er að ólíkt fjárfestingabönkum þurfa viðskiptabankar ekki að bókfæra

skuldabréf á markaðsvirði ef þeir hyggjast eiga þau til gjalddaga.

Mikilvægasta ástæðan fyrir því að Goldman Sachs og Morgan Stanley ákváðu að breyta sér í viðskiptabanka er þó sú að ljóst var orðið að þeir gætu ekki haldið áfram að starfa sem sjálfstæðir fjárfestingabankar. Síðan lánsfjárfreppan hófst hafa markaðirnir einfaldlega ekki treyst fjármálafyrirtækjum sem byggja hagnað sinn einvörðungu á áhættusamri starfsemi og fjármagna hana með mikilli lántöku. Viðskiptamódel fjárfestingabankanna hafði einfaldlega gengið sér til húðar.

TÍMABIL FJÁRFESTINGABANKA LIÐIÐ

Í Bandaríkjunum var starfsemi viðskipta- og fjárfestingabanka aðskilin með hinum svokölluðu Glass-Steagal lögum, sem sett voru 1933, og voru ein af meginstöðum „New Deal“ aðgerða Franklins Delano Roosevelt. Hugmyndin var sú að með aðskilnaði væri komið í veg fyrir óheppilega hagsmunaárekstra. Bankar voru sakaðir um að hafa spilað með með peninga spari-
fjáreigenda í fjárhættuspili kauphallarinnar. Sagnfræðingar hafa þó bent á að alvarlegra vandamál hafi verið krosseignatengsl og að bankarnir veittu lánsfé til fyrirtækja sem þeir höfðu fjárfest í. Þá var algjör skortur á virku regluverki um starfsemi verðbréfamarkaðarins.

Með Glass-Steagal lögum var fjárfestingabönkum meinað að stunda venjulega viðskiptabankastarfsemi og taka við innlánum. Þá var Tryggingarsjóður spari-

fjáreigenda, FDIC stofnaður, sem gerði að verkom að viðskiptabankar gátu aflað fjármagns með ódýrari hætti en aðrar fjármálastofnanir. Fjárfestingabankar fengu ekki heldur aðgang að þrautavaraþjónustu Seðlabankans. Á móti kom að fjárfestingabankar lutu ekki jafn ströng eftirliti og viðskiptabankar, sem gaf þeim umtalsvert svigrúm til að taka á sig mun meiri áhættu en viðskiptabankar.

Fjárfestingabankar lutu einvörðungu eftirliti fjármálaeftirlitsins, sem stofnað var um sömu mundir. Endalok sjálfstæðu fjárfestingabankanna eru því í raun aðeins síðustu skrefin í upplausn þess fjármálakerfis sem varð til við umbætur Roosevelt, því Fannie Mae, sem var þjódnýtt fyrir í mánudinum var hluti sömu aðgerða.

ÁHÆTTUSÆKNI OG LÍTIÐ EFTIRLIT

Glass-Steagal löginn voru afnumin 1999, en síðan þá hafa viðskiptabankar mátt stunda fjárfestingabankastarfsemi. Stóru fjárfestingabankarnir fimm kusu þó að starfa áfram sem slíkir, enda lutu þeir mun minna eftirliti en viðskiptabankar. Þeir gátu starfað með lægra eiginfjárhlutfalli en viðskiptabankar og gátu því tekið á sig margfalt meiri áhættu. Eiginfjárhlutfall þeirra var í kringum 4 prósent og fór um skeið allt niður í 2,5 prósent hjá Merrill Lynch. Viðskiptabankar þurfa að viðhalda 8 prósent eiginfjárhlutfalli.

Í umræðum um rætur og ástæður yfirstandandi vandræða í fjármálaheiminum hafa menn yfirleitt staðnæmst við óhóflega skuldsetningu fjármálafyrirtækja, skort á eftirliti og það sem kallað hefur verið „hugarfar“ Wall Street. Margir hafa staðhæft að endalok Goldman Sachs og Morgan Stanley muni valda byltingu á „hugarfari“ verðbréfasala og bankamanna í Bandaríkjunum, því sem viðskiptabankar geti Goldman Sachs og Morgan Stanley ekki leyft sér sams konar áhættusækni og áður. Charles Geisst, einn virtasti sérfræðingur í sögu Wall Street, hefur tekið undir þetta, enda hafi flestir áhættusömustu og torskiljanlegustu skuldavafningar síðustu ára verið fundnir upp af fjárfestingabönkunum, sem einnig höfðu forystu um rausnarlegar launagreiðslur til stjórnenda.

TOK

Vex með þínu fyrirtæki



TOK bókhalds- og launakerfið hentar stórum sem smáum fyrirtækjum. Með **TOK** getur þú byrjað með lítið kerfi sem hægt er að stækka eftir því sem fyrirtækið vex og dafnar. Kynntu þér kosti **TOK**.



ENDURVINNSLUVIKA var haldin í fyrsta sinn á Íslandi í síðustu viku. Samkvæmt nýrri könnun hefur hlutfall þeirra sem flokka sorp til endurvinnslu hækkað frá árinu 2006, en þá flokkuðu 84 prósent sorp. Nú flokka um 91 prósent sorp til endurvinnslu.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

VINNUVÉLA- NÁMSKEIÐ

Næsta
námskeið
hefst
26. sept. n.k.



UPPLÝSINGAR OG INNRIÐUN Í SÍMA 588-1414



Örn fer með gönguhópa um Dólómitafjöll á hverju sumri. Hér heldur hann á potti sem er notaður til að elda á hlóðum.
MYND/ÚR EINKASAFNI

Paradís að sumri sem vetri

Örn Kjærnested stundar útivist og ferðamennsku af miklum móð. Hann þekkir suma staði betur en aðra og í fjallaþorpinu Madonna di Campiglio á Ítalíu er hann öllum hnútum kunnugur.

Verktakinn og fararstjórinn Örn Kjærnested hefur haft óbilandi áhuga á útivist og ferðalögum alla tíð. Hann byrjaði í skátunum sem barn og var keppnismaður á skíðum en stundaði síðan hestamennsku um áratuga skeið. Þá hefur hann stundað göngur af kappi og þá bæði hefðbundnar göngur og fjallaskíðagöngur sem hann segir njóta vaxandi vinsælda. Örn hefur skíðað víða og þekkir skíðabrekkur í Noregi, Austurríki, Sviss, á Ítalíu og í Colorado í Bandaríkjunum eins og lófann á sér, en allra best kann hann þó við

sig í Madonna di Campiglio, einum þekktasta skíðabæ Ítalíu. Þar hefur hann dvalið á hverju ári síðastliðin tíu ár, bæði á eigin vegum og sem fararstjóri hjá Úrvali-Utsýn. „Ég fer yfirleitt út í desember og er á skíðum fram í mars. Fólk kemur svo að jafnaði í eina viku og nýtur lífsins. Brekkurnar eru bæði fyrir byrjendur og lengra komna og á veturna er sól sjö daga af tíu. Bærinn er líflegur og heimamenn gestrisnir. Engin bílaumferð er í gegnum bæinn og er mikið úrval af góðum ítölskum veitingastöðum og kaffihúsum. Jólastermningin í bænum er einstök og ætla ég að

halda jólin þar í fimmta sinn með fjölskyldunni. Ítalir koma til bæjarins víðs vegar að og er stemningin svipuð og á Þorláksmessu í Reykjavík dag eftir dag,“ lýsir Örn. Í júní liggur leið hans aftur til Madonna en þá fer hann með gönguhópa um Dólómitafjöll. „Mikil göngumenning er í Madonna eins og víðar á Ítalíu og fylgjum við tilbúnum göngustígum. Við byrjum í 1.500 metra hæð og förum hæst upp í 2.900 metra og horfum yfir fjölbreytt landslag og fjöll þakin kalksteini og granít.“ vera@frettabladid.is

ÚTSALAN

ER HAFIN

SEM ALLIR
BIÐU EFTIR



BILLIARD BORD
með öllum borðum fylgir dúkur, kúlur og 2 stk kjuðar.



ALLIR HEITIR POTTAR



NUDDSTÓLAR



THORS-DESIGN
Útihúsgögn

Bjóðum VISA Lán til 36 mán

Kleppsvegur 152 • heitirpottar.is • s: 554 7755





Pakkað niður fyrir fríð af kostgæfni

ÞAÐ GETUR VERIÐ MIKIL KÚNST AÐ PAKKA OFAN Í FERÐATÖSKU EN HÉR Á EFTIR FARA NOKKUR GÖÐ RÁÐ.

Tilvalið er að raða eftir þyngd, hafa þyngstu hlutina neðst en létta og viðkvæman fatnað efst. Ef skópör eru með í för er gott að fylla þau með sokkum og bolum en þannig viðhelst lögun þeirra og um leið er hægt að spara pláss.

Best er að vöðla fótunum sem minnst saman til að koma í veg fyrir för. Hlýrabolum og öðru smálegu má rúlla upp og setja í hliðarnar. Fin fót er best að setja í sérstakan fatapoka og leggja efst í töskuna.

Til að forðast að taka of mikið með sér er gott að velja fót sem passa saman og para til dæmis buxur eða pils saman við þrjá mismunandi efriparta. Ekki er gott að troða í töskur en þær mega heldur ekki vera hálfþómar því hvort tveggja fer illa með innihaldið.



Himneskt heilsudekur

Þegar hausthrollurinn sækir að á Fróni er freistandi að hugsa til yls, ilms og andrúmslofts austurlenskra heilsulinda, að ekki sé minnst á nudd. Slíkra þæginda er víða hægt að njóta í Taílandi.

Taílendingar standa flestum öðrum framar þegar kemur að dekki á borð við böð, slökun og nudd. Vel búna og seiðandi heilsulindir eru meðal þess sem þeir bjóða upp á í ríkum mæli og raunar eitt af því ómótstæðilega í landinu.

Taílenskt nudd byggir á aldagömlum aðferðum sem hver kynslóð af annarri hefur tekið í arf og tileinkað sér. Nudd og spa er nánast á hverju stráti í Taílandi og hátt á fjórðu milljón gesta heimsækir slíkar stofnanir árlega. Veitingastaðir og íbúðir eru víða undir sama þaki svo og allskonar heilsurækt. Mörgum almennum ferðamönnum finnst þetta ómissandi partur af upplifun þeirra af landinu og aðrir koma þangað eingöngu til að njóta þess unaðar.

gun@frettabladid.is



Í Bundarika Villa á Phuket getur fólk fengið leiðsögn í því hvernig best er að nudda sína nánustu.

Kraká

23. október

frá aðeins kr. **54.990**

17. okt. - **UPPSELT**
20. okt. - **UPPSELT**
23. okt. - örfá sæti



Frábær helgarferð – örfá sæti laus!

Heimsferðir bjóða nú ótrúlegt tilboð á helgarferð til Kraká þann 23. október. Borgin er ein best varðveitta borg Póllands og er stór hluti hennar á minjaskrá UNESCO. Kraká er afar lífleg og skemmtileg borg sem heillar alla sem þangað koma. Fjöldi veitingahúsa, bara, skemmtistaða og verslana er í borginni, ekki síst í kringum stóra markaðstorgið, Rynek Glówny, sem er nafli Kraká. Bjóðum frábært sértílbóð á Hotel Chopin ***.

Ath. aðeins 8 herbergi í boði á þessum kjörum.

Frá kr. **54.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Chopin*** með morgunverði í 3 nætur 23. okt. Aukagjald fyrir einbýli kr. 17.000.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Sukko Spa er veglegt heilsusetur á Phuket-eyju með nuddstofum, slökunarherbergjum, laugum og böðum, líkamsrækt, verslun og veitingastöðum.



Vel búna lúxusíbúðir eru í boði bæði í Sukko Spa og Bundarika Villa. Þetta hjónaherbergi tilheyrir síðarnefnda staðnum.



Heilsusetrið Bundarika Villa er við heillandi strönd á Phuket-eyju og þar er gjarnan borð sett niður í fjöru „við glampandi kvöldsólareld“.

SÓL, STRÖND & VERSLUN Í DUBAI

8 DAGAR / 7 NÆTUR
SÓL, STRÖND, VERSLUN

PANTÍÐ STRAX TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOD

- Búðarráp í heimsklassa
- Upplifið nýja og gamla Dubai
- Eyðimerkursafari, reiðtúr á úlfalda
- Grill í eyðimörkinni og fleira
- Verð frá **239.450,-** á mann
- Brottfarir alla fimmtudaga frá 1. janúar til 12. mars 2009

FERD.IS
Út í heim með Ferð.is

Sími 49 12345 • Netfang ferd@ferd.is • Sjá nánar á WWW.FERD.IS

Ertu á aldrinum 13–16 ára?

Ertu eldhugi?

Eldhugar byggja betra samfélag

Eldhugar er verkefni sem miðar að því að ungmenni í Kópavogi vinni saman að því að byggja betra samfélag í takt við hugsjónir Rauða krossins. Unnið er með hugtökin vinátta og virðing út frá t.d. ljósmyndum, leiklist, teiknimyndasögugerð, dansi og kvikmyndagerð. Þátttakendur fá einnig að kynnst því að vera sjálfbóðaliði Rauða krossins

Skráning og nánari upplýsingar:
Sími 554 6626 eða kopavogur@redcross.is.

Viltu vera einn af Eldhugum Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands og kynnst öðrum íslenskum og erlendum unglingum í skemmtilegu umhverfi?

Viltu vinna að spennandi verkefnum í allan vetur sem stuðla að betra samfélagi án fordóma?

Eldhugar hittast alla fimmtudaga kl. 17:30–19:00



Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfbóðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl. 10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

RÚM með fallegum höfðagaflí er á óskalista margra. Stundum getur hins vegar reynst erfitt að verða sér úti um þann gafl sem mann hefur alltaf dreymt um. Ráð við því er að taka sig til og mála hann á vegginn í svefnherberginu.



HEIMILI

Viðhald er besta vörnin

Leki í híbýlum gerir gjarnan vart við sig í vætutið eins og á haustin og vorin. Fylgjast þarf þó vel með húseigninni allt árið um kring og sinna nauðsynlegu viðhaldi svo ekki komi til vandamála.

Hætta er á að hús leki í vætutið eins og ríkt hefur undanfarið. Elías Víðisson byggingafræðingur hjá Múr og mál segir tvær helstu lekaleiðir inn í hús vera meðfram gluggum og í steypuskilum. „Veggir einbýlishúsa geta til dæmis verið steyptir upp í fjórum til fimm hlutum og ef ekki er vel frá gengið getur lekið meðfram sprungum. Svo skiptir líka máli hvernig steypan er í húsinu.“

Helsta merki þess að farið sé að leka er ef málning fer að bólgnar upp í kverkum og meðfram gluggum að sögn Elíasar. Parkett á gólfum getur líka bólgnar upp. Leki getur komið upp ef illa er að verki staðið við framkvæmdir, til dæmis við endurglerjun í gluggum.

Elías segir gott viðhald bestu forvörnina og mælir með að fólk láti yfirfara húseignir reglulega svo hægt sé að bregðast fljótt við. „Því lengur sem það bíður, því meiri verður skaðinn. Í raun er þetta bara svipað og að fara með bílinn reglulega í smurningu. En þó að húseign sé kannski dýrmætasta eign fólks tímir það oft ekki að eyða í viðhald fyrr en vandamálið blasir við. Það er bara í mannlegu eðli að draga hlutina.“

Elías segir símann fara að hringja um leið og fyrstu rigningarnar skelli á á haustin. Þá verði



Elías Víðisson byggingafræðingur og Þórður Þórðarson, verkefnastjóri hjá Múr og mál, segja annasamt á fyrstu rígingardögum á haustin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fólk gjarnan vart við raka heima hjá sér og eins taki það við sér á vorin. „Fólk vill fá þá mann á stundinni til að koma og gera við. Best er samt að skipuleggja sig. Eigi að gera við hús á næsta ári skal huga að því í byrjun sept-

Stórtíðindi viðskiptalífsins á heimssögulega vísu hafa einkennt síðustu daga. Til þess að forða kreppu sem teygja myndi anga sína um heim allan búa stjórnvöld í Bandaríkjunum sig undir að taka á sig kostnað af stærðargráðu sem ekki hefur áður sést í uppkaupum á undirmáls-lánaskuldabréfavöndlum. Fyrir Bandaríkjaþingi liggur frumvarp um að afhenda Henry Poulson fjármálaráðherra þeirra ytra yfirráð yfir 700 milljörðum Bandaríkjadala. Ákvarðanir hans um meðferð fjárins eiga svo að vera hafnar yfir lög og rétt.

Vissulega vakna þarna margar spurningar, bæði um alræðisvaldið sem afhenda á ráðherraum sem og um hvort björgunaraðgerðir þessar beri í sér gjaldþrot kapitalismans. Þeirri spurningu er erfitt að svara með afgerandi hætti. Ef til vill má segja að einhver kimi öfgafrjálshyggi hafi beðið skipbrot. Það kemur hins vegar ekki á óvart hér þar sem áhersla hefur verið á „stýrða markaðshyggi“ þar sem menn athafna sig innan afmarkaðra leikreglna. Vitanlega þarf að setja skorður við framferði á markaði. Þá verður að teljast til fyrirmyndar að Bandaríkjamenn taki á sig kostnaðinn af heimatilbúnu klúðri á fasteignalánamarkaði þar sem síður hefur verið horft til greiðslugetu skuldara, en undirliggjandi veða eigna sem lánað var út á. Veð hafa rýrnað og svo sýpur allur heimurinn seyðið af því hvernig fasteignasalar vestra fengu að leika lausum hala og afla sér umboðslauna eftirlitslaust með því að lána Pétri og Páli fyrirhafnarlítið gegn veði í ónýtum eignum og með löngum fresti á fyrstu greiðslum. Þessum tifandi tímasprengjum var svo vöndlað í áferðarfalllegar skuldabréfapakkningar sem greiðsluhæfis- og matsfyrirtæki heimsins vottuðu svo í bak og fyrir sem gæðavöru.

Hvort sem þessi reikningur nemur 500 eða 1.000 milljörðum Bandaríkjadala er ljóst að stjórnvöld vestra vilja fremur taka hann á sig og koma þar með í veg fyrir kreppu sem ekki sæi fyrir endann á. Almennigur er svo í aðstöðu til að meta umfang mistakanna sem gerð hafa verið, leita sökudólga og jafnvel draga til ábyrgðar. Líklegt má teljast að öfgafrjálshyggi glati vinsældum þegar afleiðingarnar blasa við með þessum hætti og er það vel. Öfga- og bókstafstrú er ekki líkleg til þess að auka hagsæld, sama hvar er. Betra að skynsemin fái að ráða.

Hér höfum við við hins vegar búið við þannig kerfi að reikningur efnahagsmistaka dreifist með verðtryggingu á hækkandi skuldir landsmanna þegar verðbólga fer á skrið. Höggið verður hins vegar alla jafna ekki þannig að nái að raska ró launþegans, því mánaðarleg greiðslubyrði eykst ekki svo ýkja mikið. Ef til vill skýrir þetta að hluta langlundargeð kjósenda og ládeyðu sem oft virðist vera í stjórnmálalífinu. Aðstæður eru hins vegar um margt breyttar nú, þegar fjórðungur skulda heimilanna er í erlendri mynt og fyrirtækjanna að sjóftu prósentum. Sveiflur íslensks efnahagslífs sviða því sem aldrei fyrr og má furðu sæta ef ekki ágerast enn frekar áköll um bót og betrun. Nýjustu spár gera ráð fyrir því að krónan verði veik út næsta ár, og að jafnvel þótt takist að ná henni upp úr þeim metlægdum sem nú eru, þá komi gengi hennar til með að sveiflast mikið. Er hægt að sætta sig við það?

bjorn.ingi@markadurinn.is | gudny@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja

ORD Í BELG

Ragna Sara Jónsdóttir stofnandi Nordic-viðskipta- og þróunarseturs.



Íslensk fyrirtæki eru ólík og geta bætt samfélag og umhverfi á ólíkan hátt. Þó er óhætt að benda flestum fyrirtækjum á ákveðin fyrstu skref í þessum efnum. Í fyrstu er mikilvægt að skoða á hvaða gildum fyrirtækið er byggt. Flest fyrirtæki eru byggð á gildum sem má nota til að móta siðareglur (e. code of conduct). Siðareglurnar eiga að vísa veginn almennt um það hvernig fyrirtækið vill bæta starf sitt með tilliti til umhverfis- og samfélagsmála. Mikilvægt er að siðareglurnar nái eingöngu yfir það sem fyrirtækið hefur stjórn á og getur lofað. Í stað þess að segja: „Fyrirtækið er umhverfisvænt“ er hægra að fullyrða eftirfarandi: „Fyrirtækið gerir allt sem í sínu valdi stendur til þess að takmarka neikvæð áhrif af starfsemi þess á umhverfið.“ Fyrirtæki geta aldrei verið fullkomlega ábyrg eða umhverfisvæn, en viðleitni þeirra til að setja sér markmið og bæta sig er það sem framfarir á sviði samfélagslegrar ábyrgðar snúast um.

Samfélagsleg ábyrgð felst því ekki í því að gefa fé til góðra málafna – það er góðgerðastarf sem er vissulega góft og gott. Samfélagsleg ábyrgð felst í því að skoða hvernig fyrirtækjarekstur geti lagt sitt af mörkum til að bæta mannlegt samfélag og umhverfi. Mads Øvlisen, fyrrum stjórnarformaður Lego orðaði þetta vel á ráðstefnu hérlandis fyrr á árinu: „Samfélagsleg ábyrgð snýst um það með hvaða hætti fyrirtæki skapa arð, ekki um hvernig þau verja honum.“

Mörg íslensk fyrirtæki skoða um þessar mundir hvernig þau geti bætt rekstur sinn með tilliti til umhverfis- og samfélagsmála. Nokkur fyrirtæki hafa tekið af skarið í þeim efnum og er það afar jákvætt, á meðan önnur eru áhugasöm en tvístigandi um hvernig sé best að byrja.

Fjölmargin alþjóðlegir sáttmálar og leiðbeinandi reglur liggja fyrir um hlutverk fyrirtækja í samfélaginu og ábyrgð þeirra og má nota þá til grundvallar og hliðsjónar þegar skrifaðar eru siðareglur og mótuð stefna fyrirtækja í málaflokknum. Má þar nefna viðmiðunarreglur OECD fyrir fjölþjóðafyrirtæki, yfirlýsingar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) um fjölþjóðafyrirtæki og réttindi launafólks, og hið hnattræna samkomulag Sam-

einuðu þjóðanna (Global Compact). Það siðastnefnda byggir á tíu siðareglum sem 5.600 aðilar frá 120 löndum hafa skrifað undir.

Það má segja að meirihluti íslenskra fyrirtækja sé nú þegar á réttum kili hvað samfélagslega ábyrgð varðar – en flest fyrirtæki hafa þó lagt í þá vinnu að skilgreina á hvaða hátt þau eru samfélagslega ábyrg og hvernig þau geti sýnt umhverfinu fram á að þau séu það. Það er mikilvægt fyrir fyrirtæki að miðla því góða starfi sem unnið er innan þess, ekki eingöngu sem ímyndarmál heldur getur falist í því beinn efnahagslegur ávinningur.

Sem dæmi má nefna að Bandaríska stórfyrirtækið Wal-Mart tók upp stefnu í umhverfis- og samfélagsmálum fyrir nokkrum árum. Það hvarf frá því að bjóða ávallt ódýrustu vöruna án þess að skeyta um þær kringumstæður sem varan var framleidd undir, og hóf að bjóða líka vörur framleiddar á umhverfisvænan hátt. Það leitaðist jafnframt við að draga úr orkunotkun og áhrifum á umhverfið í verslunum og framleiðslu. Þessar breytingar bættu ekki einungis ímynd fyrirtækisins heldur juku einnig hagnað þess, að sögn Lee Scott forstjóra Wal-Mart. Einnig er athyglisvert að breytingarnar hjá Wal-Mart höfðu veruleg áhrif á önnur fyrirtæki. Wal-Mart fór fram á það við 6.000 birgja að endurskoða framleiðslu sína með tilliti til umhverfisáhrifa og sjálfbærni ella ættu þeir á hættu að missa sinn stærsta viðskiptavin. Þetta sýnir hvernig breyttar áherslur fyrirtækja til að mæta eftirspurn neytenda eftir umhverfisvænum og sjálfbærum vörum getur haft jákvæð áhrif, ekki aðeins á fyrirtækið sjálft heldur önnur fyrirtæki sem tengjast því í virðiskeðjunni.

Að móta stefnu á sviði samfélagslegrar ábyrgðar er ferli sem er einstakt fyrir hvert og eitt fyrirtæki. En alþjóðleg samkeppni í viðskiptum er hörð og áherslur hafa verið að breytast eins og dæmið um Wal-Mart sýnir. Neytendur leggja aukna áherslu á gæði og uppruna vörunnar í stað þess að einblína á verð og sífellt fleiri vilja leggja sitt af mörkum til að viðhalda stöðugleika, minnka fátækt og ágang á náttúruna. Þess vegna er samfélagsleg ábyrgð ekki einungis góðmennska þeirra sem vilja gera heiminn betri, heldur einnig fjárfesting sem getur skilað beinum arði til hluthafa.



Í VERSLUN WAL-MART Bandaríska stórfyrirtækið Wal-Mart tók upp stefnu í umhverfis- og samfélagsmálum fyrir nokkrum árum. Að því er greinarhöfundur bendir á batnaði ímynd fyrirtækisins í kjölfarið, auk þess sem hagnaður þess jókst.

NORICPHOTOS/AFP

ORDSKÝRINGIN

Óskráðir fjárfestingarsjóðir

Óskráðir fjárfestingarsjóðir (private equity firms), sem stundum hafa verið kallaðir „einkaframtakssjóðir“ eru fjárfestingarfyrirtæki sem, eins og nafnið gefur til kynna, eru ekki almenningshlutafélög. Með því komast þau hjá strangara eftirliti og upplýsingaskyldu sem gildir um almenningshlutafélög.

Óskráðir fjárfestingarsjóðir sérhæfa sig í „gírúðum“ yfirtökum, og samrunum fyrirtækja sem ekki eru á markaði. Þeir fjármagna starfsemi sína að miklu leyti með lántökum, líkt og fjárfestingarbankar gerðu.

Eftir að stóru fjárfestingarbankarnir hafa horfið af sjónarsviðinu telja sumir að óskráðir fjárfestingarsjóðir, eins og Kohlberg, Kravis, Roberts & Co. muni taka við hlutverki þeirra.

Dr. Nouriel Roubini, prófessor í hagfræði við New York-háskóla, hefur kallað óskráða fjárfest-



ingarsjóði ásamt fjárfestingarþönskum og vögunarsjóðum „skuggabankakerfi“ Bandaríkjanna, það er fjármálaafyrirtæki sem hafa enga skyldu um upplýsingagjöf og lúta mjög litlu eftirliti. Þar sem óskráðir fjárfestingarsjóðir byggja starfsemi sína að miklu leyti á lánsfé hefur þrengt að mörgum þeirra vegna lánsfjákræppunnar.

ÚTGÁFUPLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Guðný Helga Herbertsdóttir, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Sindri Sindrasón AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSIÐI: 512 5000 SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds.




FLUGFÉLAG ÍSLANDS

flugfelag.is

Fundarfriður

Markvissir fundir í friði og ró



Upplýsingar:
Sími 570 3075
hopadeild@flugfelag.is



TEKIST Á UM BOLTANN Breskur gerðardómur segir Carlos Tevez hafa verið ólöglegan þegar hann forðaði West Ham frá falli í Úrvalsdeildinni í fyrra.

Tevez var ólöglegur

Breskur gerðardómur komst að þeirri niðurstöðu í gær að knattspyrnumaðurinn Carlos Tevez hafi verið ólöglegur þegar hann spilaði með knattspyrnufélaginu West Ham á þarsíðasta leiktímabili og beri félaginu að greiða Sheffield United skaðabætur.

Bótaupphæðin hefur ekki verið ákveðin en Sheffield United krefst 30 milljóna punda, jafnvirði 5,2 milljarða íslenskra króna. Annar gerðardómur mun fjalla um upphæðina.

Sheffield United hélt því fram að Tevez, sem var á mála hjá íranska umboðsmanninum Kia Joorabchian, hafi verið ólöglegur leikmaður innan raða West Ham en bjargað liðinu frá falli úr Úrvalsdeildinni á kostnað Sheffield United.

Tevez kom til liðsins rétt áður en Björgólfur Guðmundsson keypti félagið ásamt Eggerti Magnússyni síðla árs 2006. Ásgeir Friðgeirsson, varastjórnarformaður West Ham, vildi ekki tjá sig um málið þegar Vísir.is leitaði eftir því í gær enda ætti seinni gerðardómur eftir að fjalla um málið.

- jab

BANKAHÓLF

Ekkert að óttast?

„Það deyr enginn af fjármálakreppu. Fuglaflensa og spænska veikin eru miklu hættulegri,“ segir sagnfræðingurinn Viggó Ásgeirsson, markaðsstjóri Landsbankans. Viggó hóf nám í sagnfræði við Háskóla Íslands fyrir rétt rúmum áratug en tók fjölmörg hliðarskref, líkt og lenska er hjá sagnfræðinemum, áður en hann útskrifaðist í fyrrahaust. Hann er nú í MBAnámi við Háskólann í Reykjavík, á öðru ári, samhliða starfi sínu hjá bankanum. Viggó flytur erindið „Óttinn við sjúkdóma: Spænska veikin og fuglaflensan“ í hádegisfyrirlestri Sagnfræðingafélagsins í lok október. Yfirskrift fyrirlestraraðarinnar, sem hófst um miðjan mánuðinn, er: Hvað er að óttast?



IBM Power System p dagurinn 2008

Þann 2. október næstkomandi mun Nýherji, í samstarfi við IBM, kynna það nýjasta frá IBM í Power System vélbúnaði og hugbúnaði á IBM Power System p deginum 2008. Á ráðstefnunni verður farið yfir allt það nýjasta sem varðar POWER6 en einnig verður sérstök áhersla lögð á að kynna möguleika á rekstri SAP viðskiptahugbúnaðar og Oracle gagnagrunna á System p vélbúnaði.

Á sama tíma mun AIX Notendahópur verða stofnaður. Markmið með stofnun hópsins er að draga saman alla helstu notendur AIX á Íslandi, veita þeim vettvang til að sækja upplýsingar og fróðleik um kerfið, viðhafa umræður og skoðanaskipti og stuðla að bættu samfélagi AIX notenda á Íslandi.

Dagskrá Power System p dagsins 2008

- 14.00

Stofnun AIX notendaklúbbs á Íslandi
Undirbúningsnefndin
- 14.30

Oracle gagnagrunnurinn
Gunnar Bjarnason, framkvæmdastjóri Miracle ehf.
- 15.10

Kostir þess að keyra Oracle gagnagrunna á IBM POWER6
Michael Odegaard Larsen, vörustjóri IBM Power System Nordic
- 15.40

IBM POWER6 örgjörvinn
Kristófer A. Einarsson, System p hópstjóri Nýherja
- 16.20

Nýjungar í POWER6
Michael Odegaard Larsen, IBM Danmark
- 17.10

Léttar veitingar í boði Nýherja

Þátttaka er ókeypis. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku með því að senda póst til Ómars Kristinssonar, omar@nyherji.is, í síðasta lagi þriðjudaginn 30. september.

Borgartúni 37 • 105 Reykjavík • s. 569 7700 • www.nyherji.is



NÝ ÍSLENSK SKÁLDSAGA
Útgáfudagur 16. október 2008
— Fyrsta skáldsaga höfundar —

Allt sem gerst hefur, getur gerst
og allt sem getur gerst, gerist
— í tímans eilífu elfu.

VÁFUGL



Söguleg skáldsaga um framtíð þjóðar

BANKAHÓLFID

Sigurður forspár

Margir fara nú illa út úr gengislækkun krónunnar. Verðbólga hækkar og erlend lán fyrirtækja og einstaklinga hækka að verðgildi. Glöggir menn á markaði segja að margt af þróun síðustu missera hafi mátt sjá fyrir og eru meðal annars rifjuð upp ummæli Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns Kaupþings, á ráðstefnu um krónuna í desember árið 2004. Þar sagðist Sigurður telja nauðsynlegt að hefja veikingu krónunnar sem allra fyrst, það væri eina leiðin til að draga úr viðskiptahallanum. Ráðlagði hann fyrirtækjum og heimilum að endurfjármagna eða greiða upp erlend lán hið snarasta, til að forðast skell.



Enn verri staða

Þegar stjórnarformaður Kaupþings lét þessi orð falla stóð gengisvísitala íslensku krónunnar í ríflega 110 stigum. Erlendar skuldir heimilanna voru þá tíu prósent og sextíu prósent lána fyrirtækja í erlendri mynt. Í gær sló gengisvísitalan hins vegar enn eitt metið, er ríflega 180 stig. Þriðjungur skulda heimilanna er nú í erlendri mynt og meira en sjötíu prósent af skuldum atvinnulífsins. Staðan er því miklu verri en áður og höggð þungt sem því nemur. Og menn hafa greinilega ekki haft varnadarorð Sigurðar Einarssonar í huga í þeim efnum.



Næststærsti bankinn?

Kaupþing hefur um nokkurt skeið verið stærsti banki þjóðarinnar og um leið stærsta fyrirtæki landsins. Landsbankinn hefur verið númer tvö og Glitnir í þriðja sæti. Sameinaður banki Glitnis og Byrs færi væntanlega upp fyrir Landsbankann í annað sæti. Gárungarnir segja því unnið hörðum höndum að samrunanum við Straum, til að tryggja Landsbankann í öðru sætinu.

700

milljarðar er lágmarksupphæðin sem bandarísk stjórnvöld telja að muni kosta að kaupa öll verðlaus undirmálslán og aðra slíka pappíra og bjarga bandarískum fjármálafyrirtækjum úr hremmingum.

16

dalir er hækkunin á oliutunnunni á bandarískum fjármálamarkaði á mánudag. Verðmiðinn á svarta gullinu hefur aldrei rokið jafn mikið upp á einum degi.

51

prósent er hækkun gengisvísitölu íslensku krónunnar frá áramótum.



Hagræðing í upplýsingatækni

Ráðstefna TM Software 26. september

TM Software

Dagskrá

Á ráðstefnunni verður farið yfir lausnir og reynslu TM Software sem leiða til hagræðingar fyrir fyrirtæki í rekstri tölvukerfa. Þrír gestafyrirlesarar segja frá sinni reynslu.

13:00 – Opnun

13:10 – Fyrri hluti

- Notendabjónusta og kerfisrekstur
- Óskar J. Sandholt – framkvæmdastj. fræðslu- og menningarsviðs Seltjarnarnesbæjar
- Ráðgjöf – úttektir, innleiðingar, lausnir sem henta
- Microsoft Small og Essential Business Servers
- SharePoint lausnir – skjalastýring og ferli
- Citrix – fjarvinnslulausnir
- Netkerfi – rekstur og lausnir

15:00 – Hlé og léttar veitingar


15:15 – Seinni hluti

- Kristján Þór Hallbjörnsson – forstöðumaður upplýsingatæknisviðs Eimskips
- IP símkerfi
- Innkaupabjónusta – val á búnaði og leyfum
- Upplýsingaöryggi – öruggir notendur
- Hjörtur Þorgilsson – upplýsingatæknistjóri Icelandair
- Pallborðsumræður

16:30 – Léttar veitingar

Þátttaka er ókeypis.

Dagsetning: 26. september
Tímasetning: 13 - 17
Staðsetning: TM Software Urðarhvarfi 6 í Kópavogi
Skráning: Skráning er nauðsynleg og fer fram á: www.tmsoftware.is eða í síma 545 3000 fyrir kl. 17 fimmtudaginn 25. september.



Hjá TM Software starfa um 230 starfsmenn sem hafa áralanga reynslu af hagræðingu í rekstri tölvukerfa og leita sífellt leiða til að nota upplýsingatækni við að lækka rekstrarkostnað fyrirtækja.

www.tmsoftware.is

Urðarhvarf 6
203 Kópavogur
Sími 545 3000

Skipagata 18
600 Akureyri
Sími 545 3500

info@tmsoftware.is

Hvers vegna PwC?

*connectedthinking

Þekkingarfyrirtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.

- Endurskoðun • Fyrirtækjaráðgjöf • Skatta- og lögræðiráðgjöf

Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Reykjanesbær www.pwc.com/is

PRICEWATERHOUSECOOPERS

Fasteignir

Atvinna

SJÁLANDI Í GARÐABÆ

Langalína 9-11

OPIÐ HÚS
í dag, frá kl. 17-19



2ja-5 herbergja íbúðir í 30 íbúða húsi við Löngulínu 9-11 og Vesturbrú 1 í Sjólandi í Garðabæ. Bílageymsla með flestum íbúðum. Mjög góð staðsetning í nálægð við skóla, leikskóla og fallett umhverfi, svo sem baðströnd og góðar gönguleiðir.

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
BORGARTÚNI 31

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐI 27
Sími 594 5000
akkurat.is

BYGG



FAGMENNSKA
METNAÐUR
REYNSLA

BÚM
BETUR



www.bygg.is

Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616.
Kraftafl ehf

Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616
Kraftafl ehf

Tilkynning



Auglýsing um skipulag
– Hafnarfjarðarbær

Tillaga að breyttu deiliskipulagi íbúðarsvæðis norðurbæjar, leikskólinn Norðurberg í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 16. september 2008, að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi íbúðarsvæðis norðurbæjar, leikskólinn Norðurberg í Hafnarfirði, skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í stækkun lóðar og viðbót á byggingarreit fyrir færanlegar kennslustofur allt að 250 m² á einni hæð.

Deiliskipulagið verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 23. september 2008 – 21. október 2008. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjorur.is/skipulag_og_framkvaemdir/skipulag Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 4. nóvember 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingarnar teljast samþykkir þeim.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

Atvinna

MÁLMIÐNAÐARMENN
OG JÁRNSMIÐIR

Erum með vana málmíðnaðarmenn og járnsmiði sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í s. 840 1616
Kraftafl ehf

Útboð

14591 – Egilstaðaflugvöllur
– Lenging öryggissvæðis, jarðvinna

Ríkiskaup, fyrir hönd Flugstoða ohf. óska eftir tilboðum í verkið: Egilstaðaflugvöllur – Lenging öryggissvæðis, jarðvinna
Öryggissvæðið við norðurenda flugbrautarinnar skal lengt um 90 m. Grafa skal burtu ónothæft efni og fylla í með efni sem verkkaupi útvegar úr námu í Mýnesi sem er í um 2 km fjarlægð frá vinnusvæði. Fergja skal öryggissvæði og jafna út uppgröft.
Setja skal ræsi í Eyvindará og kíl til að gera færan námuveg að Mýnesnámu.

Helstu verkþættir eru:

- Uppúrtekt 18.000 m³
- Fylling 19.000 m³
- Burðarlag 8.000 m³
- Farg 6.000 m³

Nánari upplýsingar er að finna í útboðsgögnum sem eru aðgengileg á vef Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is.

Opnun tilboða verður 9. október 2008 kl. 14.00 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík.

RÍKISKAUP
Útboð skila árangri!

STÁLTAK HF. - AÐALFUNDUR

Stjórn Stáltaks hf. boðar hér með til aðalfundar fimmtudaginn 9. október nk. kl. 16:00. Fundurinn verður haldinn að Suðurlandsbraut 30, 5. hæð, Reykjavík.

DAGSKRÁ:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Stjórnin.



Auglýsing um skipulag í Kópavogi.
Kársnes - vesturhluti.



Kynningarfundur um tillögu
að breytingu á svæðisskipulagi
höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024.

Fyrir hönd Samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins efna bæjaryfirvöld í Kópavogi til kynningarfundar 25. september 2008 um tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu á Kársnesi - vesturhluta.

Á fundi samvinnunefndarinnar 8. september 2008 var samþykkt að heimila Kópavogsbæ að kynna tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, sbr. 1. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin nær til byggðasvæðisins "Kópavogur vestur". Nánar tiltekið nær breytingin til vesturhluta Kársness og felur í sér að nýr byggingarreitur fyrir blandaða byggð til 2024 verður skilgreindur vestast á nesinu og nær yfir núverandi iðnaðar- og hafnarsvæði og landfyllingar. Auk þess er gert ráð fyrir um 1 ha af nýrri landfyllingu, sem skilgreind verður sem opið óbyggt svæði.

Tillagan felur jafnframt í sér breytingar á töflum 3.1 og 3.2 í greinargerð svæðisskipulagsins (um fjölda íbúða og stærð atvinnuhúsnæðis). Heildarfjöldi íbúða í "Kópavogi vestur" verður eftir breytinguna 10.050 í stað 9.250 eða fjölgun um 800 íbúðir og heildarstærð atvinnuhúsnæðis eftir breytinguna verður 613.000 m² í stað 623.000 m² eða fækkun fermetra í atvinnuhúsnæði um 10.000 í "Kópavogi vestur".

Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla "Kársnes - Vesturhluti. Breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Umhverfisskýrsla" dags. í júlí 2008.

Breytingartillagan verður kynnt í Kársnesskóla við Vallargerði í Kópavogi, fimmtudaginn 25. september nk. kl. 20.00. Allir velkomnir.

Skipulagsstjóri Kópavogs



LEGSTEINAR OG FYLGISHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, stytur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

AFMÆLI



GARÐAR CORTES
ÓPERU-SÖNGVARI
er 68 ára.



INGA JÓNA ÞÓRÐARDÓTTIR
FORSÆTIS-RÁÐHERRAFRÚ
er 57 ára.



KRISTÍN ÓMARSÓTTIR
RITHÖFUNDUR
er 46 ára.



ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON
ÓPERU-SÖNGVARI
er 40 ára.

LINDA MCCARTNEY FÆDDIST PENNAN DAG ÁRIÐ 1941.

„Mér er illa við flugvélar því móðir mín fórst í flugslysi. Dauðinn kemur svo óvænt. Ég vil helst vera heima og fara aldrei neitt.“

Ljósmyndarinn Linda Eastman tók myndir af rokkstjörnum þegar hún kynntist Bítlinum Paul McCartney. Hún lést 17. apríl 1998 út brjóstakrabbameini.



PETTA GERÐIST: 24. SEPTEMBER 1982

Björn Borg hættir leik

Sænska tennishetjan Björn Borg lagði tennisspaðann formlega á hilluna, þá 26 ára að aldri. Björn er talinn meðal bestu tennisleikara íþróttasögunnar. Á árunum 1974 til 1981 sigraði hann ellefu sinnum á stærstu mótum veraldar, sem eru franska, ástralska og bandaríska opna meistarakkeppnin, ásamt Wimbledon.

Björn fæddist í Södertälje, litlum bæ rétt utan við Stokkhólm. Sem barn heillaðist hann af gylltum tennis-spæða sem faðir hans hafði unnið í tenniskeppni, en spaðinn sá markar upphaf skæраста tennisferlis sögunnar.

Sem leikmaður hafði Björn mikinn styrk og úthald. Hann var auðþekktur og óhefðbundinn í stíl og framkomu; hjólbeinóttur og einkar snöggur. Björn var jafnvígur á báðar hendur og notaði bak-handarhögg sem hann tileinkaði sér í hokkí sem strákur.

Björn var á hátindi ferils síns frá 1978 til 1980 þegar hann vann bæði Franska opna og Wimbledon þrjú ár í röð. Óvænt endalok ferils hans árið 1982 voru áfall fyrir tennisheiminn.



tímamót

timamot@frettabladid.is

GUNNAR KVARAN SELLÓLEIKARI: SPILAR BACH Í MINNINGU ÚLRIKS ÓLASONAR

Bach sameinar himin og jörð

„Ég kynntist Úlriki Ólasyni þegar ég spilaði víðs vegar um landið með organistum hvers byggðarlags á vegum Hjálparstofnunar kirkjunnar 1982. Úlrik var þá organisti í Húsa-víkirkirkju og ég minnst þess hve ég varð glaður að hitta svo ungan og færan mann sem beinlínis lék sér að því að spila verkin með mér, en við áttum mjög góðar stundir saman,“ segir Gunnar Kvaran, sellóleikari og prófessor við Listaháskóla Íslands. Hann flytur í kvöld einleikssvítur fyrir selló eftir Johann Sebastian Bach í Kristskirkju í minningu Úlriks, sem lést í blóma lífsins á vordögum.

„Ég fylgdist með Úlrik næstu árin og spilaði með honum við athafnir þegar hann fékk stöður organista í Víðistaða-kirkju og Kristskirkju. Árlega spiluðum við svo saman á aðventutónleikum Karítasar, hjálparstofnunar kaþólsku kirkjunnar, en þar var Úlrik alltaf til staðar sem organisti kirkjunnar og nærvera hans ávallt mjög indæl en hann var góður drengur og afburðaspilari. Á aðventutónleikunum í fyrra var Úlrik veikur, sem við í fyrstu ályktuðum að væri flensa, en reyndist miklu alvarlegra og var Úlrik dænn fáeinum mánuðum síðar,“ segir Gunnar sem minnst góðs drengs, en Úlrik hafði fyrir andlátíð beðið þau Guðnýju Guðmundsdóttur, konsertmeistara og eiginkonu Gunnars, að halda tónleika til styrktar orgelsjóði Kristskirkju.

„Ég tók fráfall hans nærri mér og hef í haust hugsað hvernig ég gæti minnst Úlriks. Ég ákvað svo að spila svítur Bachs í minningu hans og láta ágóðann ganga til orgelsjóðsins, því það hefði verið honum að skapi,“ segir Gunnar.

„Svíturnar eru óskaplega fræg einleiksverk sem Bach samdi í kringum 1720. Ég valdi svíturnar því þær, eins og önnur tónverk Bachs, eru gegnsýrðar af dýpt, visku og sterku trúarþeli, auk þess að vera samdar af yfirburðatónskáldi. Með fullri virðingu hafa aldrei, hvorki fyrr né síðar í tónverkasögunni, verið samin verk sem eru tilsvareandi við þessi verk Bachs fyrir selló,“ segir Gunnar sem hefur notað svítur Bachs við kennslu í yfir 45 ár.

„Mér finnst mikilvægt að ungt fólk varðveiti þessa gömlu arfleifð. Bach er mjög rómantískur, eins og öll stór tónskáld, því rómantík er hluti af mannssálinni. Og ég held að hafi tónskáld ekki tilfinningalega næringu fyrir sál mannsins í sinni tónlist, þá náir þeir ekki til hennar,“ segir Gunnar alvarlegur í bragði.

„Johann Sebastian Bach gleymdist í heila öld eftir andlát sitt en það var þýska tónskáldið Felix Mendelssohn sem vakti aftur athygli á verkum hans þegar hann lét flytja Matthíasarpassíuna í Leipzig í byrjun 19. aldar. Svítur Bachs fann svo sellósnillingurinn Pablo Casals fyrir tilviljun á fornbókasölu, en hann sagði svo fallega: „Bach gerði hið mannlega guðdómlegt og hið guðdómlega mannlegt.“ Með öðrum orðum: Bach sameinaði himin og jörð,“ segir Gunnar, sannfærður um að Úlrik hefði líkað dagskrá kvöldsins því hann hafi sem organisti verið mikill aðdáandi tónskáldsins.



Í MINNINGU ÚLRIKS Gunnar Kvaran segir Úlrik Ólason organista hafa verið góðan dreng og féлага sem nú sé sárt saknað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Bach var víðfrægur orgelsnillingur og samdi fyrst og fremst fyrir orgel,“ segir Gunnar. „Athafnasamir orgelleikarar spila hann því daglega, bæði fyrir sjálfa sig og kirkjulegar athafnir. Stórkostleg tónlist Bachs er alltaf fersk og færir okkur sönnur á mikilvægi þess að halda áfram að spila hana, því hún á alltaf jafn mikið erindi við okkur mannfólkið og segir okkur djúpa hluti um lífið og okkur sjálf.“

Gunnar jatar að einleikstónleikar taki á taugarnar. „Ég tala nú ekki um einleiksverk eftir Bach, því það þykir mér erfiðast. En setji maður sér ekki erfið verkefni inn á milli veit maður ekki heldur hvað maður getur. Hljóðfæraleikari veit aldrei hvers hann er megnugur heima í stofu, en frammi fyrir áheyrendum finnur hann áþreifanlega hvað hann hefur og hvað hann skortir. Á vel heppnuðum tónleikum myndast raunverulegt bræðralag því tónlist hefur þá eiginleika að binda saman flytjanda og áheyrendur og gera að bræðrum og systurum; hún framkallar eitthvað svo ótrúlega djúpt og fallett hjá manneskjunni.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 20. Miðar eru seldir við inn-ganginn. thordis@frettabladid.is



Elskuleg eiginkona mín og móðir okkar,

Monthian Nonchomphu

Djúpavogi 10, Höfnum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 21. september. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 26. september kl. 14.00.

Jakob Jónatansson
Niyem Phokhot
Ruttanapol Phokhot.



Ástkær faðir minn, sonur, bróðir og frændi,

Gísli Marteinnsson

Þverbrekku 2, Kópavogi,

varð bráðkvaddur 27. ágúst í Kaupmannahöfn. Jarðarförin hefur farið fram. Við þökkum frændfólki og vinum auðsýnda samúð.

Arnar Gíslason
Lilja Gísladóttir
Vilborg Marteinsdóttir og fjölskylda
Marteinn Marteinnsson og fjölskylda
aðrir aðstandendur.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Guðni Guðmundsson

skáld og iðnverkamaður,
Sunnuhlíð, Kópavogi,

verður jarðsunninn frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 25. september kl. 13.00.

Þórarinn B. Guðmundsson
Úlfar Ágústsson
Hilda Julnes, Leif Julnes, Jenny Julnes,
Ásta Þórarinsdóttir, Anna Mjöll Lindal
Gísli, Úlfur, Axel Guðni
og barnabarnabörn.

Álfheiður Alfreðsdóttir
Ína Gísladóttir

Legsteinar í miklu úrvali





Steinsmiðja

- Viðarhöfða 1
- 110 Reykjavík
- ☎ 566 7878
- Netfang: rein@rein.is

REIN



Okkar ástkæri,

Eðvald Einar Gíslason

Suðurbraut 22, Hafnarfirði,

lést mánudaginn 22. september á Landspítala háskóla-sjúkrahúsi.

Ágústa Hinriksdóttir
Ragnhildur Rósa Eðvaldsdóttir
Andrea Gísladóttir
Ólafur Þ. Jóhannesson

Andrea Eðvaldsdóttir
Katrín Rósa Eðvaldsdóttir
Fannar Eðvaldsdóttir
Þorsteinn Helgi Stefánsson

Eyrún Eðvaldsdóttir
Árdís Ethel Hrafnadóttir
Gunnar Örn Jóhannsson

og barnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



Elskuleg móðir okkar, stjúpmodir, tengdamóðir, amma og langamma,

Bergþóra Þorbergsdóttir

Garðvangi, Garði (áður Nónvörðu 11, Keflavík),

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 22. september sl. Útför hennar verður gerð frá Útskálakirkju laugardaginn 27. september kl. 14. Blóm og kransar vinsamlegast afpakkaðir en þeim sem vildu minnst hennar er bent á Félag aðstandenda Alzheimersjúklinga á Suðurnesjum (reikn. 1109-05-412298 kt. 580690-2389).

Guðmundur Jónsson
Anna Margrét Gunnarsdóttir

Axel Jónsson
Þórunn Halldórsdóttir

Vignir Jónsson
Marteinn Tryggvason

Þorsteinn Jónsson
Katrín Hafsteinsdóttir

Íris Jónsdóttir
Gylfi Kristinsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Ódýrt í matinn *tökum slátur!*

**ÓDÝRT
OG GOTT!**

Keppurinn á
ca. 70 kr.

SLÁTURMARKAÐUR

í Hagkaup Skeifunni

24. sept. - 24. okt.

Afgreitt frá kl. 14 - 20*

* Á meðan birgðir endast



HAGKAUP
Ein ferð betra verð

NÝR SINGSTAR
LENDIR 24. SEPTEMBER

12.
ÍÞRÝR VINNUR!

30 sjóðheiti popplög í glænýjum Singstar leik

singstar
hottest
hits


PlayStation 2

singstar
hottest
hits

12

SMS
LEIÐAR

SENDU BTC SHH
Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ EINTAK!
VINNINGAR ERU SINGSTAR HOTTEST HITS
OG AÐRIR SINGSTARLEIKIR, DVD, PEPSÍ OG FLEIRA!



Ashutosh Muni
Ayurveda – Leið til betra lífs

Helgarnámskeið í indverskum heilsufræðum
Ayurveda með jógameistararum og
lækninum Ashutosh Muni

í Gerðubergi 26.–28. september

Fjallað verður um hvernig við getum bætt and-
lega og líkamlega heilsu, með því að haga lífinu í
samræmi við líkamsergð, sem okkur verður
hjálpað að greina á námskeiðinu.

Ayurveda dýpkar skilning á andlegu leiðinni og
skýrir hvaða áhrif lífsmáti og daglegar neyslu-
venjur hafa á andlegt líf okkar og líkamlega
heilsu. Ashutosh Muni er læknir og hefur djúp-
stæða þekkingu á vediskum fræðum þar sem
hann hefur helgað líf sitt andlegri iðkun og
jógaástandun.

Þetta er tækifæri til samveru með einstökum
meistara jógaúsindanna sem áhugasamir ættu
ekki að láta fram hjá sér fara.

Upplýsingar og skráning:
Einar 861 2101, Kristbjörg 861 1373,
Áslaug 694 8475,
yoga@simnet.is og www.muni.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið



Allt er nú til!

Ég hef ekki enn hitt manneskju sem er fullkomlega sátt við eigið útlit. Það virðist vera sama hvernig við lítum út, flest öll óskum við þess að hafa eitthvað öðruvísi, hvort sem það er sléttari húð, þykkari varir, stærri brjóst eða lengri leggir. Öfgarnar eru þó mismiklar milli menningarheima. Fyrir stuttu las ég grein um rússneska stúlku sem lagði það á sig að láta brjóta upp bein í fótleggjum sínum til að verða hærri í loftinu því það fylgdi því svo mikil skömm að vera lágvaxin, en stúlkann var 1,58 metrar þegar hún gekkst undir aðgerðina (tveimur sentimetrum hærri en ég sjálf).

Það eru þó ekki allir sem kjósa að gangast undir aðgerðir til að breyta útliti sínu og úrval annarra „lausna“ hefur aukist á síðustu árum. Ýmiss konar krem og töflur hafa verið markaðssettar sem eiga að



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ **Barnalán**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





NORDIC AFFECT Hefur vetrartónleikaröð sína í Þjóðmenningarhúsinu í kvöld.

Tilbrigðatónsmíðar í kvöld

Kammernópurinn Nordic Affect hefur vetrartónleikaröð sína í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu í kvöld kl. 20. Á þessum fyrstu tónleikum starfsvetrarins, sem bera yfirskriftina „Fram og til baka“, verður efnið skráin til-einkuð tilbrigðatónsmíum. Fjölbreytnin ræður ríkjum og flakkað verður um í tíma því flutt verða allt frá tilbrigðum 17. aldar fiðlarsans David Mell við lagið „John Come Kiss Me“ til tveggja nýrra tónsmíða eftir Gunnar Andreas Kristinsson. Verk Gunnars eru samin sérstaklega fyrir Nordic

Affect og byggja tónsmíðarnar á hringitónum.

Kammerhópurinn Nordic Affected hefur á töleikum sínum á Íslandi og erlendis flutt allt frá dánarlist 17. aldar til hinnar spennandi raftónsköpunar nútímans. Hópurinn hefur fengið afbragðs dóma fyrir leik sinn og vakði athygli fyrir stíllínufun og þróttmikinn leik. Listrænn stjórnandi hópsins er Halla Steinunn Stefánsdóttir.

Miðaverð á tónleikana í kvöld er 2.000 kr., en námsmenn og eldri borgarar fá miðann á 1.500 kr.

- v_p

HVAD? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 24. september

→ Tónleikar

20.00 Guðbjörg R. Tryggvadóttir
sópran og Elsebeth Brodersen
píanóleikari halda tónleika í
Norræna húsinu þar sem þær flytja
frönsk og ítölsk ljóð. Norræna húsið,
Sturlugötu 5.

20.00 Feðgarnir Bergþór Pálsson og Bragi Bergþórsson, ásamt Þóru Fríðu Sæmundsdóttur pianóleikara, verða með tónleika í Iðnó þar sem þau flytja lög eftir Inga T. Lárusson. Iðnó, vonarstræti 3.



→ Fyrirlestrar

20.00 Sigurbjörn Einarsson biskup - ævi, störf, guðfræði Hjalti Hugason heldur fyrirlestur á vegum Vísindafélags Íslendinga, í hátíðarsal Háskóla Íslands.

→ **Myndlist**

Gyða Ölvisdóttir er með myndlistasýningu á veitingahúsinu Af lífi og sál, Laugavegi 55. Sýningin er opin frá kl. 11-23 alla daga .

A ferð með fuglum Listasafn Árnesinga sýnir verk Höskuldar Björnssonar. Sýningin stendur til 28. sept. og er opin alla daga frá 12-18. Listasafn Árnesinga, Austurmörk 12, Hveragerði.

**Upplýsingar um viðburði sendist á
hvar@frettabladid.is**

Tölum saman

Fjölmargir opnir fundir eru á vegum Sjálfstæðisflokksins í viku hverri. Á þessa fundi eru allir velkomnir.



Miðvikudagurinn 24. september kl. 11.45

Rannsóknir og nýsköpun á tímum efnahagslæggðar



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, og Guðrún Nordal, formaður Vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs, ræða um rannsóknir og nýsköpun á opnum fundi í Valhöll.

Vísinda- og nýsköpunarnefnd Sjálfstæðisflokksins heldur fundinn og fundarstjóri er dr. Hafliði Pétur Gíslason, prófessor.

Fimmtudagurinn 25. september kl. 17.00

Þau hlutu hæstu einkunn fyrir þjónustu!



Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjaneshæ, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi og Sigríður Ólafsdóttir, ráðgjafi hjá Capacent Gallup, ræða árangur sveitarfélaganna þriggja sem öllum er stjórnað af sjálfstæðismönnum og komu best út í könnun Capacent Gallup um þjónustu við íbúa sveitarfélagsins, á opnum fundi í Valhöll. Sjálfstæðisflokkurinn heldur fundinn og fundarstjóri verður Ásdís Halla Bragadóttir.

Föstudagurinn 26. september kl. 12.00

Hvor hefur forskot eftir landsfundina?



Pórlindur Kjartansson, formaður SUS, Illugi Gunnarsson, alþingismaður, og Silja Bára Ómarsdóttir, stjórn málafræðingur, tala um stöðuna í bandarísku forsetakosningunum í aðdraganda fyrstu kappræðnanna og nýliðna landsfundi flokkanna á opnum fundi í Valhöll. Landsamband sjálfstæðisvenna heldur fundinn og fundarstjóri er Katrín Helga Hallgrímsdóttir, varaformaður LS.

Allir velkomnir!

Nánari upplýsingar um fundina og flokksstarfið má finna á heimasíðu flokksins, www.xd.is eða í síma 515-1700.



Tangóævintýrafélagið kynnir:

Tangósýning í Gyllta salnum á Hótel Borg*
Matias Facio (Buenos Aires) og **Claudia Rogowski** (Berlin)
 Framandi og tíguleg af fjöllum heimsþekktra tangóstaða.

Dansleikur hefst kl. 21.30 fimmtud. 25. sept. 1.500 kr.
 Dj. Laura Valentino þveitir skífur úr öllum áttum.

Workshop helgi með Matias og Claudia
 26. - 28. sept. á Hótel Borg* og í Magadanshúsinu
 8,5 klst. kennsla. Aðeins 8 pör í A og B hóp 9.800 kr.
 Einstaklingar og pör geta skráð sig.
 Dagskrá og upplýsingar: www.tangoadventure.com

Hótel Borg* Sunnudaginn 28. sept.
 Milonga - tangódansleikur á léttum nótum
 Byrjendatími á undan kl. 20:00-21:00 1.000 kr
 Tangódansleikurinn hefst kl. 21:00
 Dj. María Shanko þveitir með Buenos Aries í æðum.
 Óvænt uppákoma með leikrænni tjáningu - Tango Brujo

Hótel Borg* Fimmtudaginn 2. október
 Matias og Claudia - „Tangótaktar“ kvaddir
 kenna Milonga kl. 18.30-20:00 2.400 kr.
 (Tangódansleikur kl. 21.30 innifalinn) 1.000 kr.

Tangótaktar frá Berlín og Buenos Aries kl. 21.30
 Tangómeistari á kveðjustund - Matias Facio**
 Dj. Claudia Rogowski þveitir funheita tangótakta frá Berlín.
 Byrjendatími á undan kl. 20:30-21:30

Skráning hafin í s. 8473566 eða info@tangoadventure.com
www.tangoadventure.com

*Dagskrá Tangóævintýrafélagsins á Hótel Borg á sér stað í Gyllta salnum.
 **Matias Facio kennir reglulega við hina heimsþekktu tangóakademiú Tango Brujo.

Argentískur Tango
Frá Buenos Aires & Berlín
Hótel Borg - Gyllti Salurinn
Matias Facio & Claudia Rogowski

Frá aðeins kr. 98.900
Ótrúlegt sértíloð
 – vikuferð með fullu fæði

Gott hótél við stórkostlegan bæ
Hotel Santa Lucia ☀☀☀
 - með fullu fæði
 Aðeins 15 herbergi í boði!

Einstakur sumarauki í beinu morgunflugi!

Sikiley

14.-21. október

Heimsferðir bjóða frábært sértíloð til Sikileyjar í beinu flugi 14. október á yndislegum tíma. Hitinn er um 25-28 gráður og hentar bæði til sólbaða og til skoðunar á þessari stórbrotnu eyju. Dvalið er á Hotel Santa Lucia le Sabbie d'Oro, góðu þriggja stjörnu hóteli, rétt við hinn einstaka bæ Cefalú, um 70 km. frá Palermo. Hótelið býður góðan aðbúnað og fyrir gesti og er fullt fæði innifalið. Cefalú bærinn, sem er einstök perla, var t.d. tökustaður hinnar vinsælu kvikmyndar Cinema Paradiso sem margir þekkja. Sikiley er sannkölluð perla. 2.700 ára menningarsaga, einstök náttúrufegurð, ótrúlegar fornminjar, fallegar byggingar og söfn, ásamt áhugaverðri matarmenningu og blómlegu mannlífi. Sikiley býður góðar baðstrendur og góða þjónustu við ferðamanninn. Spennandi kynnisferðir í boði (háð lágmarkspáttöku 20 manns).

Frá kr. 98.900

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með fullu fæði í viku. Aukagjald fyrir einbýli kr. 29.000.

- Stórkostlegir bæir
- Stórbrotin náttúrufegurð
- Einstök matarmenning
- Ótrúlegar fornminjar
- Baðstrendur
- Góð gisting
- Spannandi kynnisferðir



Gríptu tækifærið og tryggðu þér frábært frí og sumarauka á einstökum stað.



Bókaðu strax! www.heimsferdir.is



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is



Heimsferðir

> TVÖFÖLD HAMINGJA

Enn bætist í hóp tvíburaforeldra í Hollywood. Heimildir herma nú að fyrstum klámstjarnan **Jenna Jameson** og kærasti hennar, **Tito Ortiz**, eigi von á tvíbúrum. Þau hafa verið saman frá árinu 2006, þegar þau kynntust í gegnum vefsíðuna Myspace.



fólk

folk@frettabladid.is

Dýrasta jólabókin

Flóra Íslands með litmyndum eftir listmálarann Eggert Pétursson er dýrasta bókin sem kemur út fyrir þessi jól. Bókin kostar 75 þúsund krónur og verður einungis gefin út í fimm hundruð tölusettum eintökum, árituðum af Eggerti.



FLÓRA ÍSLANDS Á 75 ÞÚSUND Kristján segir að miðað við gangverð á verkum Eggerts Péturssonar sé Flóra Íslands seld á tombólúverði.

FRÉTTABLAÐID/ARNPÓR

að bókin sé sú dýrasta sem hann hafi selt.

Spurður segist hann aldrei hafa fengið kvartanir um verðið og tekur fram að engir auðjöfrar hafi enn þá tryggt sér eintak. „Þeir sem á annað borð hafa áhuga á þessu virðast ekki velta þessu verði fyrir sér. Þeir vilja bara eiga þennan grip því þetta er í senn listrænt og gefur mynd af okkar náttúru,“ segir Kristján. „Það kemur á óvart að sjá að þetta er eingöngu ósköp venjulegt fólk og stofnanir sem panta eintök og þarna er ekkert stórt nafn úr viðskiptaheiminum.“

freyr@frettabladid.is

Einkakokkur Bjarkar opnar veitingastað

Næsta mánudag opnar veitingastaðurinn Segurmo á barnum Boston á Laugavegi. Númi Thomasson er aðalkokkur staðarins, en hann hefur starfað sem einkakokkur Bjarkar Guðmundsdóttur á nokkrum tórum söngkonunnar. „Það var frábær reynsla sem nýttist mér vel í því sem ég er að gera í dag. Er Björk matvönd? Nei, hún er jafn nýjungagjörn þegar kemur að mat og í tónlistinni.“

Sjálfur hefur Númi komið nálægt tónlist, hann spilaði á trommur með Andhéra og trommar nú með Borko. Hann segir að á Segurmo verði boðið upp á bæði hádegis- og kvöldmat og aðaláherslan verður á ferska hollustu-rétti á sanngjörnu verði. „Ég held áfram með plockfiskinn og kjötsúpuna sem Boston hefur verið með og svo verða kjöt-, fiski- og grænmetisréttir í boði. Ég ætla að skipta um matseðil vikulega. Mig langar til að hafa þetta eins ódýrt og ég get án þess að fara á hausinn.“

Hristuleikari Singapore Sling, Sigurður Finnsson, hefur ráðið sig sem aðstoðarkokk á Segurmo. „Ég hef aldrei verið kokkur og kann



OPNAR VEITINGASTAÐINN SEGURMO Númi Thomasson segist reynslunni ríkari eftir að hafa kokkað ofan í Björk og hennar lið.

ekki neitt. Númi er að kenna mér að skera lauk núna. Svo læri ég vonandi meira. Þetta lítur rosa-lega vel út. Hann Númi er svo duglegur.“

- drg

FRAMTÍÐAR SPENNUTRYLLIR Í ANDA BLADE RUNNER.

MÉLANIE
THIERRY

MICHELLE
YEOH

LAMBERT
WILSON

MARK
STRONG

JÉRÔME
LE BANNER

WITH THE PARTICIPATION OF
CHARLOTTE
RAMPLING

WITH THE PARTICIPATION OF
GÉRARD
DEPARDIEU

FRUMSÝND 26 • 09 • 08

VIN DIESEL

BABYLON A.D.

A FILM BY
MATHIEU KASSOVITZ

**SENDU SMS BTC BAB
Á NÚMERIÐ 1900**

Vinningar eru bíómiðar, tölvuleikir,
DVD myndir og margt fleira!

**9. hver
vinnur!**

Thiago í gítarkeppni á netinu

Brasílísí gítarleikarinn Thiago Trinsi, sem býr á Ólafsfirði, er á meðal þátttakenda í alþjóðlegu gítarkeppninni Dean Guitar Shredder Contest USA sem fer fram á netinu.

Þátttakendum var gert að senda einnar mínútu langt myndband sem sýndi gítarsnilli þeirra og síðan yrði þeim gefin ein kunn á netinu. Thiago er þegar kominn í gegnum hundrað myndbanda niðurskurðinn og biðlar nú til Íslendinga að hjálpa sér að komast enn lengra, því fimmta nóvember verða 25 bestu gítarleikararnir valdir. „Ég tel mig eiga góða möguleika vegna þess að miðað við ummælin sem ég hef fengið á spjallsíðu keppninnar er ég með eitt besta myndbandið,“ segir Thiago, sem hefur starfað sem tónlistarkennari hér á landi í þrjú ár. „Fólk víða að úr heiminum



THIAGO TRINSI Brasilíu-
maðurinn knái tekur þátt
í alþjóðlegri gítarkeppni
á netinu og vonast eftir
hjálp Íslendinga.

hefur verið að kjósa mig og með hjálp Íslendinga get ég vonandi náð enn þá lengra í keppninni.“

Í myndbandinu spilar Thiago búi úr lagi sínu Fire sem verður á nýrri sólóplötu sem hann er með í smíðum. Sýnin hann þar mikla fingrafimi og er greinilegt að þar er enginn nýgræðingur á ferð. Þeir sem vilja leggja Thiago lið í gítarkeppni geta gefið myndbandinu hans ein-
kunn á slóðinni <http://deanguitars.com/shredder/viewProfile.php?id=1431>.

Fimmtánda nóvember verður besti gítarleikarinn síðan valinn og fær hann verðlaun að verðmæti um 1,2 milljónir króna. Á meðal þeirra sem sitja í dómnefndinni verða Eric Peterson, gítarleikari Testament, og Vinnie Paul, trommari Pantera.

- fb

100 myndir frá 27 löndum

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, hefst annað kvöld með sýningu norsku opnunarmyndarinnar O'Horten í Regnboganum. Þetta verður í fimmta sinn sem hátíðin er haldin og geta gestir nú valið úr um hundrað myndum, þar af 74 í fullri lengd, frá 27 löndum.



HRÖNN OG ÁSGEIR Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi hátíðarinnar, ásamt fjölmiðlafulltrúanum Ásgeiri H. Ingólfssyni í upplýsingamiðstöðinni í lðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hátíðin fer fram í Regnboganum, Iðnó og Norræna húsinu. Myndun-
um er skipt niður í átta flokka, þar
á meðal Vitranir þar sem fjórtán
ungir og efnilegir leikstjórar keppa
um aðalverðlaunin, Gyllta lundann.

Hátt í þrjú hundruð manns koma hingað til lands í tengslum við hátíðina, þar af fagfólk úr kvikmyndabransanum og blaðamenn frá tímaritunum Variety, Hollywood Reporter og Screen.

Tveir nýir flokkar

Tveir nýir flokkar verða á hátiðinni, Nýr heimur og Hljóð í mynd. Í þeim fyrrnefnda verða sýndar sjö myndir þar sem lögð er áhersla á umhverfismál af ýmsu tagi. „Við reynum að fjalla um það sem máli skiptir í samfélaginu og með þessum flokki viljum við koma upplýsingum á framfæri til fólks,“ segir Hrönn Marínósdóttir, stjórnandi hátiðarinnar. Í tengslum við flokk-

Í flokknum Hljóð í mynd verður samspli kvikmynda og tónlistar gerð sérstök skil. „Ísland er þekkt sem tónlistarland og það hefur verið mikil gerjun í heimildarmyndagerð um tónlist þannig að við ákváðum að bæta þessum flokki við,“ segir Hrönn. Haldin verður ráðstefna um kvikmyndatónlist í tengslum við hátíðina og hafa fjölmargir boðað komu sína á hana.

Grískur heiðursgestur

Heiðursgestur hátíðarinnar í ár er hinn grískættaði Costa-Gavras, einn pólitískasti leikstjóri samtímans, sem fékk Óskarinn árið 1983 fyrir handrit sitt að myndinni *Missing*. Íranska leikkonan Shirin Neshat verður verðlaunuð fyrir framúrskarandi listræna kvikmyndasýningu og verða verk hennar bæði sýnd á

hátíðinni og í Listasafni Íslands. Einnig verða haldnir ýmsir sérvíð-
burðir, þar á meðal sýndar heimild-
armyndir fyrir börn og unglinga
ásamt miðnæturbíói og bílabíói,
auk þess sem Páll Óskar býður fólki
á Kung-Fu kvöld.

Friðrik Þór Friðriksson mun jafnframt sýna brot úr væntanlegri heimildarmynd sinni, Sólskinsdrengur, sem fjallar um leit móður einhverfs drengs að úrræðum fyrir son sinn.

Miðasala í fullum gangi

Miðasala á hátíðina, sem stendur yfir til 5. október, fer fram á [midi.is](#) og [riff.is](#). Einnig verður hægt að nálgast miða í upplýsingamiðstöðum í Iðu við Lækjargötu og á sjálfboðaliðamiðstöð á Laugavegi 35. Yfir tuttugu þúsund manns sóttu hátíðina í fyrra og er búist við álíka miklum fjölda í ár.

freyr@frettabladid.is

Hefurðu fengið skrímslapest?

Stóra skrímslið er lasið. Litla skrímslið kemur í heimsókn en mikið er erfitt að gera stóra skrímslinu til hæfis! Nú reynir sannarlega á vináttuna.

Skrímslapest er fjórða bókin um skrímslin tvö sem notið hafa mikilla vinsælda og fengið fjölda verðlauna á undanförunum árum. **Bættu *Skrímslapest* í safnið þitt!**



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



SAMBIÓN





SAMBÍÓN ALFABAKKA			SAMBÍÓN SELFOSS		
CHARLIE BARTLETT	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	12	TROPIC THUNDER	kl. 8	16
JOURNEY 3D DIGITAL 3D	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L	DEATH RACE	kl. 10:20	16
DEATH RACE	kl. 8 - 10:10	L	SVEITA BRÚDKAUP	kl. 5:50 - 8	L
TROPIC THUNDER	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	16	THE STRANGERS	kl. 10:20	16
SVEITA BRÚDKAUP	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8:20	L	WALLE m/vsl. tali	kl. 1:30	L
DARK KNIGHT	kl. 5:30 - 10:30	12	GRÍSIRNIR ÞRÍR m/vsl. tali	kl. 2 - 4	L
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5:50 - 8:40	VP	MAMMA MÍA	kl. 3:40 - 5:50	L
STAR WARS	kl. 1:30 - 3:40	L	SAMBÍÓN AKUREYRI		
WALL-E m/vsl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L	STAR WARS	kl. 2 - 4	L
KUNG FU PANDA m/vsl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L	KUNG FU PANDA m/vsl. tali	kl. 6	L
SAMBÍÓN KRINGLUNNI			MIRRORS	kl. 8 - 10:10	16
CHARLIE BARTLETT	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12	WALL-E, m/vsl. tali	kl. 2 - 4	L
JOURNEY 3D DIGITAL 3D	1:40 - 3:50 - 6 - 8:10 - 10:20	L	SVEITABRÚDKAUP	kl. 6 - 8	L
SMART PEOPLE	kl. 3:40 - 8 - 10:10	12	DEATH RACE	kl. 10:10	16
GET SMART	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L	SAMBÍÓN KEFLAVÍK		
WALL-E m/vsl. tali	kl. 1:30 D	L	STEP BROTHERS	kl. 8 - 10:10	12
SparBió 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MED APPELSINUGLU			MAMMA MÍA	kl. 5:50	L
			GRÍSIRNIR ÞRÍR m/vsl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L
			SVEITABRÚDKAUP	kl. 8	L
			DEATH RACE	kl. 10:10	16
			WALL-E m/vsl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L

NYTT Í BÍÓ!

[illegible]

Nýtt í bió

Sími: 553 2075
- bara lúxus



PINEAPPLE EXPRESS



UPPLIFÐU FERÐINA TÍL MIÐJU JARÐAR Í 3D

real D 3D

★★★
T.S.K. – 24 úndir

★★★
2012 – Topps ísl. FBL

★★★
SV – MBL

JOURNEY TO THE CENTER OF THE EARTH



MAMMA MIA!

STÖRSTA MYND ÁRSINS
YFIR 100.000 GÆSTIR



GRÍSNIR ÞRÍR

SÝNINGARTÍMAR

PINEAPPLE EXPRESS	kl. 5.45, 8 og 10	16
JOURNEY 3D - DIGITAL 3D	kl. 4, 6 og 8	L
GRÍSNIR ÞRÍR - ISL. TAL	kl. 4	L
MAMMA MIA	kl. 4, 6.30, 9 og 10.15	L



KULAKÚLUR

FRÍ OG 1% ENDURGÆTTIÐ EF ÞU BORGAR AÐMÁLÁSAM
MEÐ KREDITKORTI TENGDU AÐMÁLÁSAM.

BONUS BONUS BONUS BONUS



BÓNUS BÝÐUR BETUR!

LANG VINSÆLUSTU
BJÚGUN Í BÓNUS!



299

KOFAREYKT
SVEITABJÚGU
FRÁ KJARNAFÆÐI

25% afsláttur

MERKT VERÐ 399 KR./KG.



40%
AFSLÁTTUR

SALTÐ FOLALDAKJÖT
MEÐ BEINI
FRÁ KJARNAFÆÐI
382 kr./kg.

MERKT VERÐ 637 KR./KG.



1.998

ROAST BEEF STEIK ÚR
NAUTAINNRALÆRI
FRÁ KJARNAFÆÐI
10% afsláttur

MERKT VERÐ 2.220 KR./KG.



30%
AFSLÁTTUR

BBQ GRÍSAKÓTILETTUR,
LÉTTREYKTAR Í BBQ
HUNANGSLEGI
FRÁ KJARNAFÆÐI
1.137 kr./kg.

MERKT VERÐ 1.698 KR./KG.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: MÁN. - FIM. 12:00-18:30, FÖS. 10:00-19:30, LAU. 10:00-18:00 OG SUN. 12:00-18:00.

> Keflavík ætlar ekki að kæra

Knattspyrnudeild Keflavíkur hefur tekið þá ákvörðun að aðhafast ekki frekar vegna málsins með Dennis Siim sem spilaði með FH gegn Keflavík þegar hann hefði með réttu átt að vera í leikbanni. Mistök í skráningu á spjöldum hjá KSÍ gerðu það að verk- um að Siim var aldrei dæmdur í bann og gat því spilað leikinn. „Við ætlum bara að láta þetta eiga sig. Eigi að síður hörmum við þessi mistök hjá KSÍ. Ástæðan fyrir að við kærum ekki er að við höfum í raun ekkert í hendi til að kæra. Ekki getum við kært FH og það er í raun enginn brotlegur. Þetta voru bara leið mistök,“ sagði Þorsteinn Magnússon, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur.



sport
sport@frettabladid.is

HÖRÐUR AXEL VILHJÁLMSOON: ER Á LEIÐINNI TIL ÍSLANDS EFTIR STUTT STOPP Í GULLDEILDINNI Á SPÁNI

Rekinn frá Melilla og mun spila með Keflavík

Landsliðsbakvörðurinn efnilegi Hörður Axel Vilhjálmsson mun spila með Keflavík í Iceland Express deild karla eftir allt saman. Hörður samdi upphaflega við Keflavík en var aðeins búinn að mæta á eina æfingu þegar hann fékk tilboð um að spila með spænska liðinu Melilla. „Ég átti að vera þriðji leikstjórnandi, átti bara að æfa fyrsta tímabilið og vera bara svona æfingapúði. Ég átti síðan að byrja að fá mínútur á öðrum árinu, þannig að samkvæmt þessu þá átti ekki að vera möguleiki á því að ég yrði rekinn,“ segir Hörður Axel sem spilaði nokkra æfingaleiki með liðinu. „Það gekk ekkert svakalega vel. Ég byrjaði illa en var alltaf að koma betur og betur inn í þetta. Þetta er náttúrulega allt öðruvísi körfubolti en er spilaður hérna heima. Þjálfarinn kemur til mín eftir þessa leiki og talar við mig. Hann sagðist ætla að gefa mér góðan tíma til að komast inn í þetta en svo rak hann mig bara í næstu viku á eftir,“ segir Hörður sem er ekki sáttur við framkomu Melilla-manna. „Maður var bara stunginn í bakið.“ Hörður er spennt-

ur fyrir að koma heim og spila með Keflavík. „Það er eitthvað þema að allir spili heima á Íslandi. Ég held að deildin heima hafi aldrei litið jafnvel út á pappírnum,“ segir Hörður sem var ekki nægilega ánægður með síðasta tímabil þegar hann spilaði með Njarðvík. „Ég skeit alveg á mig í úrslitakeppninni og ég vil ekki að það gerist aftur,“ sagði Hörður Axel og bætti við „Það verður gaman að spila þarna. Maður hefur líka mikið að sanna síðan í fyrra.“ Hörður er nú staddur í Melilla á norðurströnd Afríku þar sem hann reynir að innheimta skuldir spænska félagsins til hans. „Ég veit ekki hvenær ég kem heim. Þeir vilja ekki borga mér peningana sem þeir skulda mér,“ segir Hörður Axel en umboðsmaðurinn hans ráðlagði honum að fara ekki heim á meðan ekki væri búið að ganga frá þessum málum. Hörður er heldur ekki búinn að gefa atvinnumanna- drauminn upp á báttinn. „Það kemur örugglega annað tækifæri en maður þarf bara að byrja lægra,“ segir Hörður Axel að lokum, en gull- deildin á Spáni er mjög sterk.



MAAAAATUR!!! Kristján Guðmundsson ætlar út að borða með sínum mönnum í dag. FRETTABLAÐIÐ/ANTON

Leikmenn Keflavíkur:
Borða pitsu yfir leiknum

FÓTBOLTI Leikmenn Keflavíkur ætla að hittast á veitingastaðnum Langbest í dag og fylgjast þar með leik FH og Breiðabliks í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. „Við ætlum að vera saman, borða pitsu, horfa á leikinn og fara svo á æfingu eftir leikinn,“ sagði Þorsteinn Magnússon, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur. Spurning hvort leikmenn fái fri ef FH misstígur sig í leiknum því þá er Keflavík orðið meistari og ekki ólíklegt að menn vilji fagna því eitthvað. - hbg

Þjálfari franska kvennaliðsins:
Ekkert pressutal

FÓTBOLTI Bruno Bini, þjálfari franska kvennalandsliðsins segir að það sé engin pressa á sínu liði því þær fái alltaf annan mögu- leika í umspilinu takist þeim ekki að vinna Ísland á laugardaginn „Ísland er með marga góða íþróttamenn og þær hafa verið að bæta sig jafnt og þétt í 2 til 3 ár,“ segir Bini um íslenska liðið. „Við krossleggjum fingur og vonumst til að geta endað góða viku á sigri á móti Íslandi,“ sagði Bini í þessu viðtali við Ouest-France. - óó

Keflavík meistari í dag?

FH fer í enn einn úrslitaleikinn í dag gegn Blikum. Hafnfirðingar verða að vinna leikinn til þess að halda meistaravonum sínum á lífi. Tap eða jafntefli færir Keflvíkingum titilinn. Blikar lögðu FH í fyrri leik liðanna, 4-1.

FÓTBOLTI Það er sannkallaður stór- leikur í Kaplakrika í dag er FH tekur á móti Breiðabliki. Þetta er frestaður leikur úr 18. umferð. FH er einum fimm stigum á eftir topp- liði Keflavíkur og allt annað en sigur FH-inga gerir Keflavík að Íslandsmeisturum. FH-ingar eiga að harma að hefna gegn Blikum sem kjöldrógu FH-inga í fyrri leiknum í Kópavogi, 4-1. Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, lítur á leikinn sem bikarúr- slitaleik. „Við lögðum af stað í fimm leikja hraðmót þar sem allir leikir voru úrslitaleikir. Tveir hafa unnist og einn tapast og ljóst að þessi má ekki tapast. Við leggjum þetta því eðlilega upp sem algjör- an úrslitaleik hjá okkur.“

Heimir segist ætla að tefla Dennis Siim fram í leiknum en hann fer ekki í leikbann fyrr en á föstudag. Siim gæti fengið tvö gul spjöld gegn Blikum og færi því ekki í bann fyrr en hann væri kom- inn með átta spjöld sem er klár- lega nýtt Íslandsmet. „Ég vona að menn hafi lært sína lexíu af leiknum gegn Fram. Sum- arið er undir hjá okkur í þessum leik og við verðum að vera klárir,“ sagði Heimir sem býst við mikilli mótspyrnu frá Blikum sem hafa verið frekar daprir í síðustu leik- um.

„Það sást greinilega í síðasta leik Blika að þeir leggja mikið upp úr því að leggja okkur þar sem þeir hvíldu lykilmenn. Þeir munu því ekki gefa okkur neitt og við verðum að vera tilbúnir,“ sagði Heimir. Blikar munu að óbreyttu tefla hinum 18 ára gamla Vigni Jóhann- essyni fram í markinu en Casper Jacobsen meiddist um helgina. „Margir telja þennan leik greini- lega vera formsatriði fyrir FH og vonandi slævir það FH-inga en ég



BARÁTTA Blikinn Prince Rajcomar og FH-ingurinn Davíð Þór Viðarsson sjást hér í kröppum dansi í fyrri leik liðanna í sumar. FRETTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

efa að það geri það. Við höfum reyndar ekki staðið undir vænt- ingum í síðustu leikjum þannig að ég skil að menn búist ekki við miklu af okkur,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika. Talað er um að Ólafur ætli sér augljóslega stóra hluti gegn FH og það hafi mátt sjá meðal annars í síðasta leik þar sem lykilmaður- inn Arnar Grétarsson var ekki í hópnum og Marel Baldvinsson á bekknum. Ólafur hafi verið að hvíla menn fyrir þennan leik.

„Menn áttu erfitt með að skilja þetta en ég bara þurfti að hvíla menn. Arnar var kominn að fótum fram og hefur ekki lappir í að spila svona marga leiki. Sama á við um Marel. Svo voru Kristinn Jóns og Finnur Orri að spila tvo leiki með U-19 ára liðinu í landsleikjafrínu þannig að þeir voru líka mjög þreyttir. Ef við þykjumst vera með breiðan hóp verðum við að leyfa okkur að hvíla menn á stund- um,“ sagði Ólafur sem er fyrrum leikmaður FH. henry@frettabladid.is

ÚRSLIT

Enski deildarbikarinn:

Arsenal-Sheff. Utd	6-0
Carlos Vela 3, Nicklas Bendtner 2, Jack Wilshire.	
Liverpool-Crewe Alexandra	2-1
Daniel Agger, Lucas Leiva - Michael O'Connor.	
Man. Utd-Middlesbrough	3-1
C. Ronaldo, Ryan Giggs, Nani - Adam Johnson.	
Burnley-Fulham	1-0
Jay Rodriguez. Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn fyrir Burnley.	
Leeds-Hartlepool	3-2
Snodgrass, Showunmi, Robinson - Monkhouse, Porter.	
Rotherham-Southampton	3-1
Fento, Harrison, Broughton - Stern John.	
Stoke-Reading	2-2 (Stoke vann í vítak.)
Vincent Pericard, Mamdy Sidibe - James Henry 2.	
Ívar Ingimarsson og Brynjar Gunnarsson voru í byrjunarliði Reading. Gylfi Sigurðsson kom inn fyrir Brynjar í framlengingunni eða á 95. mínútu.	
Sunderland-Northampton	2-2
Stokes 2 - Larkin, Gutteridge. Sunderland vann eftir vítaspurnukeppni.	
Swansea-Cardiff City	1-0
Garcia Penche Jordi.	
Watford-West Ham	1-0
Hayden Mullins, sjm.	



MARKASKORARAR Ronaldo og Giggs skoruðu báðir í gær. Þeir fagna hér marki þess fyrrnefnda. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enski deildarbikarinn:
Ronaldo minnti rækilega á sig

FÓTBOLTI Man. Utd, Arsenal og Liverpool komust öll áfram í enska deildarbikarnum í gær. Raunir West Ham héldu aftur á móti áfram er liðið tapaði fyrir Watford með sjálfsmarki. Cristiano Ronaldo var í byrjunarliði Man. Utd í fyrsta skipti á leiktíðinni, lék í klukku- tíma og skoraði fyrsta mark leiksins með skalla. - hbg

Sheffield United vann áfangasigur í skaðabótamáli sínu gegn West Ham í gær:

Tevez-málinu er enn ólokið

FÓTBOLTI Gerðardómur dæmdi í gær Sheffield United í hag í skaðabóta- máli félagsins á hendur West Ham vegna Tevez- málsins svonefnda.

Félagsskipti Carlos Tevez og landa hans Javiers Mascherano frá brasilíska féluginu Corinthi- ans til West Ham hinn 31. ágúst árið 2006 hafa heldur betur dregið dilk á eftir sér og vandræðin hrúg- ast upp. Björgólfur Guðmundsson, eigandi West Ham, erfði Tevez- málið frá fyrri stjórn félagsins en hann gekk ekki frá kaupum á West Ham fyrr en í nóvember árið 2006.

Eftir miklar vangaveltur og hræringar vegna óvæntra félags-

skipta Tevez og Mascherano til West Ham á sínum tíma gerði enska knattspyrnu- sambandið athuga- semd við skrán- ingu leikmannanna hjá West Ham vegna aðildar þriðja aðila, fjárfestingar- fyrirtækisins Media Sports Investment, að samningi leik- mannanna. Sheffield United fór fyrir hópi félaga sem kröfðust þess að dregin yrðu stig af West Ham í kjölfar- ið, en West Ham var þess í stað dæmt til þess að greiða 5,5 milljónir punda í sekt.



KÖTTURINN Í SEKKNUM? West Ham er enn að súpa seyðið af því að hafa staðið illa að samn- ingum sínum um Tevez. NORDIC PHOTOS/GETTY

Sheffield United féll svo úr ensku úrvalsdeildinni í maí árið 2007 eftir harða baráttu við West Ham og höfðaði þá umsvifalaust skaðabótamál á hendur féluginu. Ákveðið var þá að sérstakur gerðardómur, skipaður einum aðila frá hvoru félagi fyrir sig auk þriðja aðila sem væri óháður, skildi dæma í málinu og sam- kvæmt úrskurði þess í gær var Sheffield United þar dæmt í hag. Ekki liggur fyrir að svo stöddu hversu háar bætur West Ham þarf að greiða en annar gerðardómur, sem kemur líklega ekki saman fyrr en í byrjun næsta árs, mun ákvarða þá upphæð. Samkvæmt enskum fjölmiðlum í gær þá mun Sheffield United í það minnsta fara fram á um þrjá- tíu milljónir punda, eða tæplega 5,3 milljarða króna, í bætur frá West Ham. - óp

Yfirþjálfari yngri flokka

Knattspyrnudeild Þróttar auglýsir eftir umsóknum um starf yfirþjálfara yngri flokka félagsins. Yfirþjálfara er ætlað að samþætta metnaðarfulla afrekssstefnu og félagsleg hlutverk Þróttar svo unga fólkið í hverfinu geti fundið verkefni við hæfi.

Knattspyrnudeild Þróttar er ein sú stærsta á landinu og aðstaðan í Laugardalnum frábær og verður enn betri. Starfið hentar því vel metnaðarfullum og vel menntuðum einstaklingi, sem setur markið hátt og vill vinna við bestu aðstæður.

Nánari upplýsingar veittar í síma 580 5903, vinsamlega sendið umsóknir á eystein@trottur.is fyrir 27. september.



Lífi Þróttur!



SINGAPÚR

4 DAGA FORMÚLUVESLA

Á MORGUN KL. 20:00

F1: VIÐ RÁSMARKIÐ ER VETTEL NÆSTI SCHUMACHER?

Allt um Sebastian Vettel, nýjasta sigurvegarann í Formúlu 1.

Á FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

BEINAR ÚTSENDINGAR FRÁ ÆFINGUM

Á LAUGARDAG KL. 13:45 - Í OPINNI DAGSKRÁ
TÍMATAKA – BEIN ÚTSENDING

Á SUNNUDAG KL. 11:30 - Í OPINNI DAGSKRÁ
KAPPAKSTURINN – BEIN ÚTSENDING

Á SUNNUDAG KL. 22:00

F1: VIÐ ENDAMARKIÐ

Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveru ræða málin.
Farið verður yfir helstu mál keppinnar og þau krufin til mergjar.

BEIN ÚTSENDING FRÁ TÍMA-
TÖKUNNI OG KAPPAKSTRINUM
Í OPINNI DAGSKRÁ.



> William H. Macy

„Ég hef aldrei vanist því að vera þekktur og ég held að ég muni aldrei venjast því. Ef það gerist þá mun ég líklegast hætta.“ Macy leikur í myndinni Wild Hogs sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



dagsk



VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON HORFIR Á HEIMILDARMYNDIR

Barninu bjargað úr brunninum

Á sunnudagskvöldið endaði sjónvarpsþáttasýrpan eftir Svarta engla og Dagvakt á enskri heimildarmynd frá 2007 í norska sjónvarpinu, Hold me tight, let me go eftir breska leikstjórnann Kim Longinotto en hér kannast menn við verk hennar Diverce Iranian style. Myndin var sýnd á heimildarmyndahátíðinni í Amsterdam í fyrra en ég missti af henni þar. Hún er öll tekin innan veggja Mulberry Bush, sérskóla fyrir drengi í Oxford þar sem 108 manna staff lítur til með 40 strákum. Þeir eru allir frá brotnum heimilum og eru brottrækir úr skólakerfinu sökum hegðunarvandamála. Þeir eru brjálaðir, ofbeldisfullir, sjóðandi illir, oftast sökum vanrækslu foreldra sem eru líka teknir í gegn af félagsyfivöldum á sinni heimaslóð. Faðirinn sem kallar son sinn sjö ára bastarð og þolir ekki barnið þarf líka hjálp rétt eins og sonurinn sem pissar á gólfíð í herberginu sínu alltaf þegar hann á



tilfelli af erfiðum börnum eru í raun og hvornig má koma þeim til manns og bjarga lífi þeirra.

von á að lítið sé inn til hans á morgnana. Strákarnir berja, sparka, hrækja viðstöðulaust á starfsfólkið sem beitir samtalsmeðferð látaust á drengina, talar þá til í stilltum, lágstemmdum röksemdaflutningi þar til þeir hafa náð áttum. Stundum þarf að halda þeim kyrrum tímumum saman, jafnvel af tveimur fullorðnum, meðan verið er að tala þá til gegnum svívirðingaflauminn sem starfsfólkið situr undir.

Þetta var efni sem heltók mann og lýsti vanda-málunum sem fólk í meðferðargeiranum býr við. Drengirnir eru á staðnum í þrjú ár og á þeim tíma fá þeir að sjá foreldra sína í örfáa daga. Það væri hollt að sýna þessa mynd á íslenski sjónvarpsrás svo almenningur fái aðeins innsýn í hvornig verstu

EKKI MISSA AF



► **16.15 FH - Breiðablik, BEINT** STÖÐ 2 SPORT



► **20.50 Hvaða Samatha? (Samantha Who?)** SJÓNVARPIÐ



► **21.15 Skins** STÖÐ 2 EXTRA



► **22.15 How to Look Good Naked** SKJÁR EINN



► **22.50 The Complete Guide to Parenting** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin (31:52)
17.55 Gurra grís (56:104)
18.00 Disneystundin Nýi skólinn keisars, Sígildar teiknimyndir og Finni kostur.
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.00 Afrika heillar (Wild at Heart II) (7:10) Breskur myndaflokkur um hjón sem búa ásamt börnum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku. Aðalhlutverk: Stephen Tompkinson, Amanda Holden, Lucy-Jo Hudson og Luke Ward-Wilkinson.
► 20.50 Hvaða Samantha? (Samantha Who?) (8:15) Bandarísk gamanþáttaröð um unga konu sem þjáist af minnisleysi og neyðist til að komast að því hver hún í rauninni er. Meðal leikenda eru Christina Applegate, Jean Smart og Jennifer Esposito.
21.15 Heimkoman (October Road II) (10:19) Bandarísk þáttaröð um ungan skáldsagnhöfund sem snýr aftur í heimahagana til að styrkja böndin við vini og vandamenn. Meðal leikenda eru Brad William Henke, Laura Prepon og Tom Berenger.
22.00 Tíufréttir
22.25 Kiljan Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
23.10 Fyrsti keisarin í Kína (The First Emperor - The Man Who Made China)
00.55 Kastljós (e)
01.20 Dagskrárlök

BÍÓ

08.00 Snow Wonder
10.00 Revenge of the Nerds
12.00 Wild Hogs
14.00 Saved!
16.00 Snow Wonder
20.00 Wild Hogs Miðaldra úthverfis karlar fá þá fánlegu flugu í höfuðið að stofna mótörhjálagengi. Aðalhlutverk: John Travolta, Tim Allen, Martin Lawrence og William H. Macy.
22.00 Æon Flux
00.00 The 40 Year Old Virgin
02.00 El otro lado de la cama
04.00 Æon Flux
06.00 Melinda and Melinda

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Sylvester og Tweety, Kalli karína og félagar og Ben 10.
08.15 Oprah
08.55 í finu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (155:300)
10.15 Missing (19:19)
11.10 60 minutes
12.00 Hádegisfréttir
12.35 Neighbours
13.00 Sisters (8:28)
13.45 Grey's Anatomy (36:36)
14.30 E.R. (3:25)
15.25 Friends (16:23)
15.55 Skrímslaspilið
16.18 BeyBlade
16.43 Tommi og Jenni
17.08 Ruff's Patch
17.18 Gulla og grænjaxlarnir
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.15 Víkingalottó
19.20 Veður
19.30 The Simpsons
19.55 Friends (7:25)
20.20 Project Runway (4:15)
21.10 Hotel Babylon (7:8)
22.05 Ghost Whisperer (45:62) Þriðja þáttaröðin um Melindu Gordon sem er í nánú sambandi við hina framliðnu.
► 22.50 The Complete Guide to Parenting (6:6) George Huntley er mikilsvirtur prófessor í uppeldisfræði. Þegar eigin-kona hans ákveður að yfirgefa hann og 7 ára gamlan son þeirra reynir heldur betur á hina meintu uppeldishæfileika prófessorsins.
23.15 Dagvaktin - NÝTT (1:11)
23.45 The Tudors (8:10)
00.35 E.R. (3:25)
01.25 Crossing Jordan (13:21)
02.10 U.S. Seals II
03.40 Pushing Daisies (4:9)
04.25 Project Runway (4:15)
05.10 The Simpsons
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

07.00 Enski deildarbikarinn Útsending frá leik í þriðju umferð enska deildarbikarsins.
12.25 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttabáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggst á bakvið tjöldin.
12.55 Enski deildarbikarinn Útsending frá leik í þriðju umferð enska deildarbikarsins.
14.35 PGA Tour 2008 - Hápunktur Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótardöðinni í golfi.
15.30 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar ásamt Heimi Guðjónssyni.
► 16.15 Landsbankadeildin 2008 Bein útsending frá leik FH og Breiðabliks í Landsbankadeild karla.
18.40 Enski deildarbikarinn Bein útsending frá leik Newcastle og Tottenham í þriðju umferð enska deildarbikarsins.
20.40 Spænski boltinn Útsending frá leik Barcelona og Betis í spænska boltanum. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 17.55.
22.20 Landsbankadeildin 2008 FH - Breiðablik.
00.10 Enski deildarbikarinn Útsending frá leik í enska deildarbikarnum.

SPORT 2

enski boltinn

16.50 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Tottenham og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
18.30 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
19.00 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaðætti.
19.30 English Premier League
20.25 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
21.45 Leikur vikunnar
23.25 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Hull City og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.20 Vörutorg
17.20 What I Like About You (e)
17.45 Dr. Phil Sjónvarpsálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vanda-mál og gefur góð ráð.
18.30 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
19.20 Innlit / útlit (e)
20.10 Kitchen Nightmares (5.10) Núna heimsækir Gordon Ramsey veitingastaðinn Secret Garden og hittir þrjúskasta kokk sem hann hefur nokkru sinni kynnst. Hann finnur öll litlu ljótu leyndarmálin á veitingastaðnum og sýður saman áætlun en þrjúskasta kokkurinn gefur ekkert eftir.
21.00 Britain's Next Top Model - Lokabáttur Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Það er komið að úrslitastundinni og stúlkurnar þrjár sem eftir standa fara í myndatöku með dýrum. Síðan er ein stúlka send heim og þær tvær sem eftir eru keppa um sigurinn á tiskusýningu.
► 22.15 How to Look Good Naked - NÝTT Bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. Konur með alvöru-brjóst, mjaðmir og læri hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegu línum-ar. Í fyrsta þættinum heimsækir stjómustilistinn Gok Wan balletkennara sem hatar brjóstin á sér. Lítið sjálfsálit hennar er farið að hafa áhrif á hjónabandið því hún vill ekki að eiginmaðurinn sjái hana nakta. Tekst Gok að breyta sjálfsmynd hennar?
23.05 Jay Leno
23.55 Friday Night Lights (e)
00.45 Eureka (e)
01.35 Vörutorg
02.35 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klukkutíma fresti til kl 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands
Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Safnaðu því sem þú vilt ...

16,7% ÁVÖXTUN*
 Peningamarkaðssjóður SPRON

...eiga mikið af!

spron
 - bankinn þinn

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20

Project Runway

Vinsælasti og besti tiskuraunveruleikabátturinn í Bandaríkjunum. Ofurfyrirsætan Heidi Klum og tiskugúrúinn Tim Gunn stjórna hörkuspennandi tiskuhönnunarkeppni þar sem markmiðið er að uppgötva næsta snilling í heimi hátiskunnar. Ungir og upprennandi fatahönnuðir mæta til leiks og takast á við fjölbreyttar áskoranir þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.



ÞVIÐ MÆLUM MED

Fyrsti keisarinn í Kína

Sjónvarpið kl. 23.10

Leikin bresk heimildamynd um Qin Shi Huangdi, manninn sem sameinaði Kína í eitt ríki og gaf því nafn. Hann lét reisa múrinn mikla og móta úr leir fjölmennan her sem síðan gætti grafar hans. Leikstjóri er Nick Young og aðalhlutverkið leikur James Pax.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin

06.40 Veðurfregnir

06.50 Bæn

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.03 Veðurfregnir

10.13 Brot af eilífdinni

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregnir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Vitt og breitt

14.03 Heimur óperunnar

15.03 Útvarpssagan: Sveigur

15.30 Heimsauga

16.00 Síðdegisfréttir

16.10 Veðurfregnir

16.13 Hlaupanótan

17.03 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.25 Spegillinn

18.50 Dánarfregnir og auglýsingar

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Stefnumót

21.10 Út um græna grundu

22.07 Veðurfregnir

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Þýtt, skráð og skáldað

23.10 Krossgötur

00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 98,9 Bylgjan

FM 95,7 FM957 / Topp

tónlistarstöðin

FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp

FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni

FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying

FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni

FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni

FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (22:260)

Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks (23:260)

17.00 Seinfeld (19:24)

17.30 Special Unit 2 (17:19)

18.15 Skins (4:10)

19.00 Hollyoaks (22:260)

19.30 Hollyoaks (23:260)

20.00 Seinfeld (19:24)

20.30 Special Unit 2 (17:19)

Gaman-samir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftast en ekki eru af yfirmáttúrulegum toga.

21.15 Skins (4:10)

Átakanleg bresk þáttaröð um unglinga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturfjaneyslu og fleiri vandamála sem stöðja að unglingum í dag.

22.00 Chuck (4:13)

Chuck Bartowski er ósköp venjulegur og lifir frekar óspennandi lífi, allt þar til hann opnar tölvupóst með öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Þar með er hann orðinn mikilvægasta vopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.

22.45 Terminator. The Sarah Connor Chronicles (2:9)

23.30 Twenty Four 3 (18:24)

00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Vangaveltur

Umsjón: Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Kristbjörg Kristmundsdóttir og Edda Björgvinsdóttir koma í heimsókn.

21.00 Kristinn H.

Umsjón: Kristinn H. Gunnarsson þingmaður. Hann ræðir við gest sinn um pólitík.

21.30 Af lífi og sál

Guðni Ágústson formaður Framsóknarflokksins lætur gamminn geysa.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr

10.10 Kontant

10.35 Aftenshowet

11.00 Aftenshowet 2. del

11.25 Grøn glæde

11.50 Ha' det godt

12.20 Hammerslag

12.50 Nyheder på tegnsprog

13.00 DR Update - nyheder og vejr

13.10 Boogie Mix

13.35 Pigebandet

Frank

14.00 Pigeme

Mod Drengene

14.30 Hannah Montana

14.55 Svampebob

Firkant

15.20 Grumme historier om grusomme børn

15.30 Skæg med tal

15.55 Gurli

Gris

16.00 Aftenshowet

16.30 TV Avisen med Sport

17.00 Aftenshowet med Vejret

17.30 Hvad er det værd?

18.00 Når lægen ved bedst

19.00 TV Avisen

19.25 Penge

19.50 SportNyt

20.00 En sag for Frost

21.15 Onsdags Lotto

NRK 1

10.00 NRK nyheter

10.10 Med hjartet på rette staden

11.00 NRK nyheter

11.05 Jessica Fletcher

12.00 NRK nyheter

12.05 Barmeri

12.30 Allo, Allo!

13.00 NRK nyheter

13.03 Utfordringen

13.30 Dracula junior

14.00 NRK nyheter

14.10 Hannah Montana

14.35 Edgar og Ellen

15.00 NRK nyheter

15.10 Oddasat - nyheter på samisk

15.25 Uventet besøk

15.55 Nyheter på tegnspråk

16.00 Rupert Björn

16.10 Ugler i mosen

16.30 Lure Lucy

16.40 Distriktsnyheter

17.00 Dagsrevyen

17.30 Forbrukerspektørene

17.55 Tingenes tilstand

18.25 Redaksjon EN

18.55 Distriktsnyheter

19.00 Dagsrevyen 21

19.40 Vikinglotto

19.45 House

20.30 Migrations. Med lykke på reisen

21.00 Kveldsnytt

SVT 1

10.00 Rapport

10.05 Bostad sökes

11.10 Bill Porter

12.40 Andra Avenyn

13.10 Gomorron Sverige

14.00 Rapport

14.05 Hannah Montana

14.30 Mega

15.00 Charlie och Lola

15.10 Dra mig baklänges

15.25 Den itusågade kaninen

15.40 Hemska Henry

15.55 Sportnytt

16.00 Rapport

16.10 Regionala nyheter

16.15 Go'kväll

17.00 Kulturnyheter

17.15 Regionala nyheter

17.30 Rapport med A-ekonomi

18.00 Uppdrag Granskning

19.00 Plus

19.30 Carin 21.30

20.00 Tell me You Love me

20.55 Livet i Fagervik

21.40 Kulturnyheter

skemmmilegri

LOGI Í BEINNI

FYRSTI ÞÁTTUR Á FÖSTUDAG KL. 19:55

Gestir þáttarins eru: Ólafía Hrönn úr Dagvaktinni

Baltasar Kormákur

Hljómsveitin Hjaltalín



VILDARÁSKRIFT AD STÖÐ 2 INNIHELDUR: F4 F5 F6 F7 F8 F9 F10 F11 F12 AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STÖÐ2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

MORGUNMATURINN



„Ég er búin að koma mér upp á lag með að borða hafragraut úr tröllahöfrum og venjulegum höfrum á morgnana. Svo sker ég niður gráfikjur og valhnetur og blanda út í. Þetta er ótrúlega auðvelt og gott, og ekkert mál að fá allt lífrænt.“

Hólmfríður Anna Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Unicef á Íslandi.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. helminguð, 6. ólæti, 8. fugl, 9. stigandi, 11. frú, 12. klifra, 14. dvaldist, 16. í röð, 17. hrópa, 18. úði, 20. í röð, 21. sleit.

LÓÐRÉTT

1. leikur, 3. málmur, 4. lófalestur, 5. skip, 7. verund, 10. sigti, 13. útsæði, 15. bannhelgi, 16. skepna, 19. tvíhljóði.

LAUSN

16. dýr, 19. au.

LÓÐRÉTT: 1. hark, 3. ál, 4. lófaspá, 5.

18. ýra, 20. áb, 21. rauð.

LÁRÉTT: 2. hálf, 6. at, 8. lóa, 9. rís, 11.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Halla Steinunn Stefánsdóttir.
2. Lækkanir hlutabréfa eru ráðandi.
3. Agnar Erlingsson.

Er HREINT hjá þér?

Fagleg ræsting fyrirtækja og stofnana

Hreint
RÆSTING

• Reykjavík • Akureyri • Selfossi

Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

www.this.is/krossgatur

MEIRA EN 200 ÓKEYPIS KROSSGÁTUR

Vinsæl Abba-sýning kemur til Íslands

Hið ótrúlega Abba-æði sem gengið hefur yfir Ísland virðist engan enda ætla að taka. Ríflega hundrað þúsund manns hafa séð kvikmyndina Mamma Mia! í bíóhúsum landsins og plata með tónlistinni úr myndinni hefur rokið út. Abba-óðir Íslendingar fá nú enn eitt tilefnið til að gleðjast því vinsælasta Abba-sýning í heimi er á leið til landsins. Sýningin kallast The Music of Abba og er flutt af sænsku hljómsveitinni Arrival. Það er athafna- maðurinn Eyþór Guðjónsson sem stendur að



EYÞÓR GUÐJÓNSSON
Setur upp Abba-sýningu í Vodafonehöllinni.

komu Abba-sýningarinnar sem sett verður upp í Vodafone-höllinni 8. nóvember næstkomandi. „Þau eru nýkominn úr tónleikaferð sinni um Bandaríkin en þau spiluðu þar á 40 tónleikum. Þetta gekk allt frekar hratt fyrir sig en við gengum endanlega frá samningum við þau í síðustu viku. Það kostaði töluverða vinnu að koma Íslandi fyrir í Evróputúrnum en bara í nóvember eru þau með 18 tónleika víðs

vegar um álfuna,“ sagði Eyþór í samtali við Fréttablaðið í gær.

Arrival hefur ferðast með sýninguna undanfarin þrettán ár og komið fram í yfir tuttugu



löndum. Tólf manns eru í bandinu, topttónlistarmenn að sögn Eyþórs. Meðlimir Arrival hafa átt í nánú samstarfi við Björn og Benny úr Abba. Þannig er sveitin sú eina sem hefur leyfi til að klæðast nákvæmum eftirlíkingum af búningum Abba. Þá hefur hljómsveitin fengið leyfi til að gefa út óútgefið Abba-lag, Just a Notion.

Tónleikarnir verða laugardagskvöldið 8. nóvember klukkan 21. Miðasala hefst á Mið.is á föstudaginn.

- hdm

ARRIVAL Vinsælasta Abba-sýning í heimi verður sett upp á Íslandi í nóvember.

MAGNÚS KJARTANSSON: DAUFASTA SAKAMÁL SEM ÉG HEF KYNNST

Nýtt lag Villa Vill á plötu Brunaliðsins árið 1979

„Ekki er nú miklu að fletta ofan af. Þetta er eitthvert daufasta sakamál sem ég hef kynnst á ævinni. Það verður ekki samin sjónvarpsþættir um þetta,“ segir Magnús Kjartansson tónlistarmaður.

Nýlega fór Magnús með lagið sitt „Tölum saman“ við texta Vilhjálms Vilhjálmssonar á útvarpsstöðvar og var kynnt sem áður óþekkt upptaka með hinum ástæla Vilhjálmi Vilhjálmsyni. Var það frumflutt með viðhöfn á Bylgjunni og skömmu síðar í Morgunþætti Rásar 2. „Það var þar sem hún Sigríður Pétursdóttir, sem er með kvikmyndahætti á Rás 1, heyrði lagið. Og hringdi í mig,“ segir Ólafur Páll Gunnarsson, útvarpsmaður á Rás 2. „Hún hafði verið að keyra með syni sínum og heyrði þá Ísleif Þórhallsson og Magnús kynna lagið. Þegar það var svo spilað gat hún sungið með eins og ekkert væri. Sonur hennar spurði: Hvernig getur staðið á því að þú kannt lagið þegar verið er að frumflytja það? Hún fór að grufra í minni sínu og hélt að þetta væri hugsanlega lag með Evu, Ernu og Evu.“

Rannsóknarútvarpsmaðurinn Óli Palli fór á stúfana og komst að því að ekki er um áður óþekkt lag að ræða heldur kom lagið „Tölum saman“ út árið 1979 á plötu Brunaliðsins, Útkall. „Ég er búinn að fá hámenntaða tónlistarmenn til að hlusta á þetta með mér. Eina stúlku úr bláasarveit Bjarkar hvorki meira né minna. Og þetta er sama lagið. Textinn er ekki sá sami. Á Brunaliðsplötunni er textinn eftir Magga. En það er verið að fjalla um nákvæmlega það sama: Þar sem er að tala um að það skipti máli að þau tali saman. Annars deyr ástin. Pálmi og Eva syngja,“ segir Óli Palli



MAGNÚS KJARTANSSON Hefði kynnt lagið á sama hátt þótt um væri að ræða „Bláu augun þín“ – söngur Villa sé það sem hér skipti máli.

sem ætlar að spila lögin í þætti sínum Popplandi milli níu og tíu í dag.

Magnúsi, sem var aðalsprautan í Brunaliðinu sáluga, þykir sannast sagna ekki mikið til koma. „Þetta var vitað mál frá upphafi. Að allir sem ættu plötuna „Útkall“ myndu kannast við lagið. En þetta er nýtt með Villa. Það er það sem máli skiptir. Ég var búinn að gleyma þeim upptökum svo mjög að við gáfum það út með nýjum texta. Þó að þetta hefði verið lagið „Bláu augun þín“ þá hefði ég kynnt það alveg eins. Það er flutningur Vilhjálms sem skiptir öllu máli í þessu sambandi,“ segir Magnús Kjartansson – sem er á því að þetta sé heldur dauflegt skúbb.

jakob@frettabladid.is

ÓLI PALLI Syni Sigríðar Pétursdóttur þótti sérkennilegt að mamman kynni lagið þegar það var frumflutt.



Diddú tekur ástfóstri við Rússland

„Ég féll í stafi yfir flutningi þeirra þegar þeir spiluðu á rússneskri menningarhátíð í Salnum í hitti-fyrri. Þá kviknaði sá draumur að vinna með þeim og nú tveimur síðar rættist hann,“ segir Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona, betur þekkt sem Diddú, um rússneska kvartettinn Terem. Sigrún kom nýverið heim frá Pétursborg þar sem hún tók upp efni fyrir væntanlega plötu við undirleik Terem sem er ástsælasti spilakvartett Rússlands, en í apríl síðastliðnum söng hún með þeim í 6.000 manna sal í Moskvu, á tónleikum sem var sjónvarpað út um allt Rússland.

„Þeir eru algjörar þjóðhetjur í sínu heimalandi og opnuðu fyrir mér leið inn í helgidóm Rússlands. Ég var hjá þeim í hálfan mánuð í maí við æfingar og upptök, en

við tókum meðal annars upp lög eftir Sígfrús Halldórsson, Freymóð Jóhannsson og Magnús Blöndal Jóhannsson að þeirra ósk. Síðan tókum við einnig upp rússneskt, ítalskt og spænskt lag, en öll hafa þau sama karakter og þetta er svona suðræn sígaunatónlist,“ útskýrir Sigrún.

Á döfinni eru tvennir tónleikar hjá Sigrúnu í Rússlandi, auk fleiri tónleika með Terem á næsta ári. Aðspurð segist hún kunna mjög vel við sig þar í landi. „Manni er tekið svo opnum örmum og finnur að maður er alls staðar velkomin. Það er alveg sérstakt andrúmsloft í þessu landi og náttúrlega miklar öfgar í mannlífinu, en það er margt sem maður sér og fær að kynnst sem er mjög örvandi,“ segir Sigrún að lokum.


- ag



SYNGUR SUÐRÆNA SÍGAUNATÓNLIST Plata Diddú er væntanleg í októberbyrjun, en kvartettinn Terem mun koma til landsins og spila með henni á tónleikum í Salnum í nóvember.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hann varð forviðað viðskiptavinur bensinstöðvar nokkurrar í Borgarnesi þegar inn komu á þriðja hundraðinu þrír menn á mánudag um kvöldmatarleytið sem spurðu móðir og mäsandi afgreiðslumanninn hvort ekki væri Stöð 2 í boði á skjánum? Fyrir hópnum fór idolstjarnan fyrirverandi **Kalli Bjarni** og þegar skipt var yfir á Stöð 2 var akkúrat Kompásþátturinn um handrukkanann Benna Ólsara að hefjast og skýrðist þá áhugi þremmenninganna á því að missa ekki af neinu sem þar var greint frá.



Viðburðafyrirtækið 2BC, þar sem fer fyrir Klaufinn og trymbillinn góði **Birgir Nielsen**, er síður en svo með hangandi haus þrátt fyrir fallandi gengi íslensku krónunnar. Þeir hafa verið í sambandi við

hljómsveitina Red Hot Chili Peppers um að hún komi og haldi tónleika. Eithvað er rólegt hjá RHC um þessar mundir en þegar boltinn fer af stað er aldrei að vita nema einn viðkomastaður þeirra við kynningu næstu plötu verði Ísland.

Hestamönnum fer snarfjölgandi og horfa margir öfundaraugum til **Helga Björnssonar** sem þótti sýna ótrúleg viðskiptaleg klókindi með því að höfða sérstaklega til þeirra með síðustu plötu sinni sem rauk beint í gullið. En það þýðir svo sem ekki að bjóða hestamönnum uppá hvað sem er. Laufskálaréttin, stærsta hestamannaréttin, verður 29. þessa mánaðar og þá er að sjálfsgöðu slegið upp réttardansleik.

Hljómsveitin Von leikur fyrir dansi en við það tækifæri koma fram með hljómsveitinni stórstjörnumar **Bó** og **Stebbi Hilmars**.

- jbg





Nýr hrífandi söngleikur Ólafs Hauks Símónarsonar
frumsýndur 10. október.

Fólkid í Bökkinni



Forsala hefst í dag kl. 10

Tryggðu þér miða í síma 568 8000 eða á netinu: borgarleikhus.is

Fyrstu sýningar: 10/10 kl. 20, 11/10 kl. 19, 11/10 kl. 22, 12/10 kl. 20, 14/10 kl. 20, 16/10 kl. 20,
17/10 kl. 19, 18/10 kl. 19, 25/10 kl. 19, 26/10 kl. 20, 29/20

Geisladiskurinn í kaupbæti. Þeir 200 fyrstu sem kaupa miða í forsölu fá nýjan geisladisk með tónlistinni í kaupbæti. Útgefandi: Sena.

Sett upp í Reykjavík í samstarfi við

 **spron**

Miðasala er í síma 568 8000
og á borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið



Gesthús Dúna
Tveggja manna herbergi
á kr. 5.000 nóttin
Svefnpokaþláss
kr. 1.500 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is



ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


Spilað með hjartastrengina

Svona áratug eftir svolítið kald-
sriðjuð unglingsár þar sem fátt
snerti mína viðkvæmari hjarta-
strengi eignaðist ég frumburðinn
minn. Umsvifalaust snerist dæmið
við, því allar götur síðan hefur
lítið þurft til að slá mig út af lag-
inu, einkum og sér í lagi ef það
viðkemur börnum. Árum síðar
hefur ástandið síst batnað því með
hverri barneign verð ég æ væmn-
ari. Lítil fótur í litlum skó, ein-
lægar vangaveltur sjö ára og yngri
eða sniðugt tilsvær kotroskinnar
hnátu dugar núorðið til að koma út
á mér tárunum. Aukinheldur
grenja ég auðvitað yfir fallettri
laglínunni og hjartnæmum bíómynd-
um en það er reyndar líka tilvalið
til að fá útrás svona almennt og
yfirhöfuð; ódýrara en sálfræðing-
ur og rýrir orðsporið minna en
margt annað.

SVONA tilfinningasemi er ekki
sjaldgæf. Þvert á móti er hún svo
útbreidd – ég leyfi mér að segja
einkum meðal kvenna, sem í gegn-
um tíðina hafa haft meira svigrúm
en karlar til að klökkna yfir
smotterí – að hún er eitt það
fyrsta sem auglýsendum dettur í
hug að hagnýta. Því eru lítil, sæt
og saklaus börn unnvörpum notuð
til að auglýsa banka og bensín-
stöðvar, ferðaskrifstofur og flug-
félög, tryggingafélög og bygg-
ingavörverslanir. Hvort sem bein
tengsl eru milli vöru og barna eða
ekki. Í nýrri auglýsingu frá einum
olíurisanum er spilað svo hrotta-
lega á tilfinningastöðvarnar að ég
táraðist enn við tíunda áhorf.

Ó, litla krúttlega parið sem hjálpa-
st að í gegnum súrt og sætt, þauf-
ast í lopapeysu og gúmmístíg-
vélum landshorna á milli á
kassabílum sem þau smíðuðu
saman. Koma við á bensínstöðinni
og fá sér eina með öllu, búin að
missa fyrstu tönnina. Leggja á sig
mikið erfiði til að ná markmiðinu:
Að byggja yfir dálitinn læk dulitla
brú úr rekaviði, mjólkurbrúsum
og límbandi.

Á MEÐAN skynsami parturinn
af mér tuldrar eitthvað óskiljan-
legt um úlfa í sauðargæru gleymir
sér meirihlutinn, hinn parturinn,
yfir sykurhúðaðri glansmynd af
stórfyrirtæki sem áratugum
saman hefur mjólkað auð úr
íslenskum almenningi. Rétt á
meðan auglýsingin rennur tengi
ég í smástund allar blíðar tilfinn-
ingar við olíufélag. Svo er hún
búin og heyrnin skerpist fljótlega,
orðaskil um barnamísnotkun
verða greinilegri. Það er eitthvað
bogið við þetta alltsaman.



GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn
24. september, 268. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	7.17	13.20	19.20
Akureyri	7.02	13.04	19.05

Heimild: Almanak Háskólans

www.toyota.is

HAUSTILBOÐI

Allt að
100%
fjármögnun í myntkörfu
á bestu mögulegu
kjörum.



ALLIR NÝIR TOYOTA BÍLAR Á FRÁBÆRU TILBOÐI

Toyota – tækifæri sem þú mátt ekki missa af

Við njótum ávaxtanna á haustin.

Bestu mögulegu fjármögnunarleiðir í boði.

Taktu haustið með tilboði og aktu burt í nýjum Toyota.

Athugið! Nú er á ný hægt að beygja af Reykjavíkurvegi
inn á Nýbýlaveg þegar ekið er frá Hafnarfirði.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími: 570-5070	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 Akureyri Sími: 460-4300	Toyota Reykjanæsbæ Njarðarbraut 19 Reykjanæsbær Sími: 420-6600	Toyota Selfossi Fosnesi 14 Selfoss Sími: 480-8000	Toyota Austurlandi Miðási 2 Egilsstaðir Sími: 470-5070
--	--	---	--	---